**JÓN VIÐAR BALDURSSON**

*Tjölduðu inni í skafli um miðja nótt*

heilsa nám

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**VERKTAKAR**

*Steining vinsæl á nýbyggingar*

Sérblað um verktaka

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**BÓAS HALLGRÍMSSON**

*Slasaðist í stórfiskaleik*

Rifið nýra setur strik í reikninginn hjá Reykjavík!

**FÓLK 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. júní 2008 — 149. tölublað — 8. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**



**Mannlífið er yndislegt og börnin líka**

Árbæjarskóli fagnar fjörutíu árum.

**TÍMAMÓT 16**

**Ungfrú á elliheimili**

Alexandra Helga Ívarsdóttir, nýkjörin Ungfrú Ísland, mun starfa á elliheimilinu Eir í sumar að loknu langþráðu fríi.



**FÓLK 22**

**Ósáttur við umboðsmanninn**



Staðarhaldari 800 bars á Selfossi er ósáttur við að Merzedes Club hafi aflýst tónleikum sínum þar eftir skjálftann.

**FÓLK 30**

**FH á toppinn**

Þrír leikir fóru fram í Landsbankadeild karla í gærkvöld.



**ÍÞRÓTTIR 26**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART Í FYRSTU** Í dag verður hæg austlæg átt en hvessir heldur með kvöldinu. Fremur bjart norðan og vestan til, annars fremur skýjað. Fer að rigna sunnan til með kvöldinu. Hiti 10-18 stig, hlýjast vestan til.

**VEÐUR 4**

# Tjón eftir skjálftana nemur milljörðum

**Mörg hundruð hús urðu fyrir skemmdum í jarðskjálftanum á fimmtudag. Heildartjónið nemur milljörðum. Umfangsmesta tjónamat sem menn hafa nokkru sinni tekist á hendur, segir framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar.**

**JARÐSKJÁLFTI** Tjón varð á mörg hundruð, jafnvel yfir þúsund húsum á Suðurlandi í jarðskjálftunum síðastliðinn fimmtudag. Þetta segir Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar. Hann segir ómögulegt að segja til um hversu mikið heildartjónið sé, en ljóst sé að það nemi milljörðum.

Yfir þrjú þúsund tjónatilkynningar höfðu borist vátryggingafélögunum í gær. Ásgeir segir tilkynningarnar ekki hafa verið flokkaðar í tilkynningar vegna innbústjóns annars vegar og tjóns á húseignum hins vegar. Þó sé ljóst að þær síðarnefndu hlaupi á fleiri hundruðum. „Það er örugglega um þriðjungur,“ segir Ásgeir.

„Ég geri ráð fyrir að þetta sé umfangsmesta tjónamat sem menn hafa nokkurn tíma tekist á hendur.“ Líklega hafi tjónið eftir gosið í Heimaey árið 1973 verið meira, en fjöldi eigna sem skemmdust nú eigi sér ekki hliðstæðu.

Ásgeir segist eiga von á að tjónatilkynningar haldi áfram að berast næstu daga, vikur, mánuði og jafnvel ár. „Það er okkar reynsla að það tekur tíma fyrir skemmdir að koma fram á húsum. Það kemur margt í ljós seinna, til dæmis þegar ráðist er í viðgerðir. Við tökum bara á því þegar það kemur í ljós, en það á alveg örugglega eitthvað eftir að bætast við enn.“

Viðlagatrygging bætir tjón á fasteignum og innbúi, hafi það verið brunatryggt. Sé brunatrygging ekki til staðar fást engar bætur fyrir tjón á innbúi. - sh / sjá síðu 10




**MEÐ UPPSKERU VETRARVINNUNNAR** Þær Ingibjörg Einarsdóttir, Hallbjörg Embla Sigtryggsdóttir og Vera Björg Rögnvaldsdóttir fóru í gær heim með verkefni sem þær hafa unnið í vetur í Háteigsskóla í Reykjavík. Eins og sjá má voru stelpurnar nokkuð ánægðar með afraksturinn en þær voru ekki síður ánægðar með að nú styttist í sumarfrí grunnskóla landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**UPPTÖK SKJÁLFTANS Í GÆR** Jarðskjálftinn í gær var af stærðinni 4,3 til 4,5 og átti upptök sín í Hjallahverfi.

Jörð skelfur á Suðurlandi:

## Öflugur eftirskjálfti í gær

**JARÐSKJÁLFTI** Öflugur eftirskjálfti varð suðvestur af Hveragerði laust eftir klukkan hálf sjö í gærkvöldi.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands voru upptök skjálftans í Hjallahverfi í Ölfusi og er áætluð stærð hans á bilinu 4,3 til 4,5 á Richter. Þá fylgdu nokkrir minni eftirskjálftar í kjölfarið og var sá stærsti 3,3 á Richter. Skjálftinn fannst vel í Ölfusi, Hveragerði og Þorlákshöfn auk þess sem hans varð vart á höfuðborgarsvæðinu og víðar. „Það urðu stórir skjálftar þarna árið 1998 en við teljum ekki að þetta boði eitthvað stærra,“ segir Sigurlaug Hjaltadóttir, jarðeðlisfræðingur á Veðurstofunni. - ovd

Morð í Lundúnum:

## Skólastúlka stungin til bana

**BRETLAND Fimmtán ára gömul skólastúlka fannst látin í gær í Lundúnum eftir að hafa verið stungin ítrekað í brjóst, háls og bak. Þrítugur karlmaður hefur verið handtekinn grunaður um morðið.**

**Stúlkan fannst í lyftu í blokk nálægt Waterloo-lestarstöðinni. Hún var úrskurðuð látin á staðnum. Þetta er sextánda morðið í London á þessu ári þar sem fórnarlambið er yngra en fimmtán ára.** - shá

Aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands um þróun húsnæðisverðs:

## Lækkunin mögulega vanmetin

**VIÐSKIPTI** „Ef við tökum raunlækkun frá því í október er þriðjungur af lækkuninni kominn fram nú þegar og stefnir í að spá um þrjátíu prósenta raunverðlækkun teljist vanmat ef svona heldur áfram,“ segir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands. Hann vísar hér til spár Seðlabanka Íslands um þróun húsnæðiverðs sem birtist nýlega í Peningamálum.

Arnór tekur ekki undir fullyrðingar um að peningastefna Seðlabankans sé algerlega getulaus en viðurkennir þó að verulegir hnökrar séu á miðlunarferlinu. Hann telur að vilji stjórnvöld læra af reynslunni geti þau falið Seðlabankanum aukið vald til að takmarka veðhlutfall Íbúðalánasjóðs og bankakerfisins í heild. Arnór segir að ef svo hefði verið árið 2004 þegar bankarnir byrjuðu að veita íbúðalán hefði Seðlabanki Íslands væntanlega lækkað veðhlutfall þegar stjórnvöld og bankarnir ákváðu að hækka þau.

- bþa / sjá síðu 8


**Rockwood fellihýsin 2008**



Sumargjöf
Sólarrafhlaða, fortjald og gasgrill fylgir öllum fellihýsum
Tilboðið gildir til 15. júní

Frá **1.398.000** kr.

**Þægindi um land allt**

Í **Útilegumanninum** að **Fosshálsi 5-9**
færðu allt til ferðalagsins

**Opið**
Mán - fös **10.00-18.00**
Helgar **12.00-16.00**

**Polar hjólhýsin 2008**



**Hlaðin staðalbúnaði**
- Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir
- Alde gólfhitakerfi
- iDC stöðugleikakerfi
- Sjónvarp & DVD

Frá **3.799.000** kr.

## SPURNING DAGSINS



*Ragna, er útlitið nokkuð svart?*

„Nei, útlitið er gulur, rauður og grænn."

Ragna Fróða fatahönnuður er á leið til starfa hjá fyrirtækinu Trend Union í New York sem spáir fyrir um liti og aðra strauma í tískuheiminum tvö ár fram í tímann.



**HÚSAVÍK** Piltarnir fóru í kappakstur á götum bæjarins.

Tveir Húsvíkingar:

# Dæmdir fyrir kappakstur

**DÓMSMÁL** Tveir piltar, báðir innan við tvítugt, hafa verið dæmdir í eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að hafa farið í kappakstur a götum Húsavíkur. Þá voru þeir sviptir ökurétti í hálft ár og gert að greiða hundrað þúsund krónur hvor í sekt til ríkissjóðs.

Piltarnir óku samsíða í kappakstrinum eftir götum Húsavíkur á 80 til 90 kílómetra hraða. Þar er hámarkshraði 50 kílómetrar. Þeir stímdu meðal annars yfir fjórar gangbrautir. Kappakstrinum lauk með því að annar piltanna missti stjórn á bíl sínum, sem lenti uppi á gangstétt og skall þar á steyptum vegg sem brotnaði. Bíllinn endaði inni í húsagarði. - jss

Síðustu prófkjör demókrata:

# Yfirlýsingar Clinton beðið

**BANDARÍKIN, AP** **Síðustu prófkjör Demókrataflokksins fyrir forsetakosningarnar í haust verða haldin í Montana og Suður-Dakóta. Stuðningsmenn Baracks Obama vonast til þess að Hillary Clinton lýsi yfir tapi fljótlega eftir að úrslitin liggja fyrir.**

**Í kvöld ætlar Clinton að ávarpa stuðningsmenn sína í New York, sem er óvenjulegt því oftast hefur hún talað að kvöldi prófkjörsdags í einhverju þeirra ríkja sem kosið var í.** - gb

Bensín hækkar um rúmlega fimm krónur nái tillögur starfshóps fram að ganga:

# Vilja leggja á kolefnisskatt

**ORKUMÁL** Nýr skattur, kolefnisskattur, verður lagður á jarðefnaeldsneyti nái tillögur starfshóps fjármálaráðherra fram að ganga. Fjárhæð kolefnisskattsins verði 5,57 krónur á hvern lítra af bensíni og 6,45 krónur á hvern lítra af dísilolíu. Hugmyndir starfshópsins eru að skatturinn verði lagður á allt jarðefnaeldsneyti að undanskildu eldsneyti á flugvélar og skip. Fjárhæð kolefnisskatts verði endurskoðuð reglulega og taki mið af verði á kolefniskvóta eins og það er metið á kvótamarkaði Evrópusambandsins. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs muni aukast um 2.100 milljónir króna vegna þessarar breytingar en lagt er til að skattlagningin færist mikið til af ökutækjum og yfir á eldsneyti.



**ÚR UMFERÐINNI** Nýr kolefnisskattur á að stuðla að minni notkun jarðefnaeldsneytis á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Samkvæmt tillögum starfshópsins er tekjum af kolefnaskattinum ráðstafað til aðgerða sem ætlað er að minnka notkun á jarðefnaeldsneytis. Starfshópurinn telur rökrétt að skoðað verði nánar hvort nýta megi hluta af auknum tekjum vegna kolefnisskattsins til að efla almenningssamgöngur með skynsamlegum hætti til að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.

Í heild gera ofangreindar tillögur ráð fyrir tekjutilfærslu í skattlagningu af ökutækjum yfir á eldsneyti á þann hátt að heildartekjur ríkissjóðs verði því sem næst óbreyttar. - shá

Eftirlýstur í heimalandi sínu:

# Plank framseldur til Póllands

**LÖGREGLUMÁL** Przemyslaw Plank, pólskur karlmaður sem búið hefur hér á landi var í gær framseldur til Póllands.

Þar er hann grunaður um mannrán, morð og aðild að skipulögðum glæpasamtökum. Plank hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 14. apríl en hann kom við sögu í máli sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakaði. Við athugun kom í ljós að hann var eftirlýstur í Póllandi. Hæstiréttur Íslands staðfesti framsalið 19. maí. Þrír pólskir lögreglumenn tóku Plank í sína vörslu á Keflavíkurflugvelli í gær og fluttu hann til Póllands. - ovd

# Starfsmenn gagnrýna stjórn Orkuveitunnar

**Fjölmennur fundur starfsmanna OR lýsir yfir stuðningi við fráfarandi forstjóra. Fundarmenn átelja stjórnina fyrir skort á upplýsingum og lýsa eftir stefnu fyrirtækisins. Stjórnarformaður OR vill ekki skýra ástæður uppsagnar forstjórans.**

**ORKUMÁL** Fjölmennur fundur starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur átelur stjórn fyrirtækisins fyrir algeran skort á upplýsingum og lýsir undrun og vonbrigðum með þá ákvörðun að víkja forstjóra fyrirtækisins úr starfi.

„Fólk er almennt dálítið reitt," segir Halldóra Baldursdóttir, formaður starfsmannafélags OR. Hún sagði að um 200 starfsmenn OR hefðu hist á fundi í gær til að ræða starfslok Guðmundar Þóroddssonar, fyrrverandi forstjóra, sem sagt var upp störfum á föstudag.

„Fundurinn hvetur stjórnarmenn til þess að bera hag fyrirtækisins fyrir brjósti og nýta tækifæri til sóknar, bæði innanlands og utan," segir í yfirlýsingu starfsmannanna, sem samþykkt var með lófataki.

„Guðmundur hefur staðið í fararbroddi í mikilli uppbyggingu undanfarinna ára og lýsir fundurinn yfir fullum stuðningi við hann," segir þar enn fremur. Þá var lýst eftir stefnu stjórnar OR í málefnum fyrirtækisins.

„Ég get tekið undir þetta og skil vel að fólki ofbjóði að forstjórinn sé látinn taka pokann sinn," segir Sigrún Elsa Smáradóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn OR.

Ekki fæst annað séð en að ástæður uppsagnarinnar tengist uppákomum tengdum Reykjavik Energy Invest (REI), sem rekja má til ósættis innan borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, segir Sigrún Elsa.

„Það er verið að láta Guðmund axla ábyrgð á þeim vandræðagangi og ég skil vel að fólki ofbjóði það," segir hún. brjann@frettabladid.is



**ORKUVEITAN** Um 200 starfsmenn funduðu í OR í hádeginu í gær og lýstu yfir fullum stuðningi við fráfarandi forstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

## SKÝRIR UPPSÖGNINA EKKI NÁNAR

„Ég skil mjög vel að starfslok forstjóra skuli vekja viðbrögð og tilfinningar í fyrirtækinu, og tek því af skilningi," segir Kjartan Magnússon, stjórnarformaður Orkuveitunnar.



**KJARTAN MAGNÚSSON**

Hann segist hafa rætt yfirlýsingu fundar starfsmannanna við formann starfsmannafélagsins og aðra starfsmenn í mikilli vinsemd.

Spurður hvers vegna Guðmundi hafi verið sagt upp segir Kjartan að samkomulag hafi náðst um starfslokin en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um ástæður uppsagnarinnar.

Kjartan segist ósammála því að upplýsingagjöf til starfsmanna sé ábótavant. Um leið og samið hafi verið um starfslokin hafi verið tilkynnt um þau á innri vef fyrirtækisins, áður en fjölmiðlar hafi verið upplýstir um þau.

Almennt sé upplýsingagjöf í betra horfi en áður, eftir að núverandi stjórn tók ákvörðun um að birta fundargerðir stjórnar á vef OR.

Þá sé stefna fyrirtækisins skýr, nema ef vera skyldi hvað varði málefni Reykjavik Energy Invest (REI), en unnið sé að stefnumótun fyrir fyrirtækið um þessar mundir.



**HÚSIÐ** Húsið rak þvert yfir Tjörnina.

Listaverk á Listahátíð:

# Losnaði og rak yfir Tjörnina

**MENNING** **Verkið Atlantis, sem er hálfsokkið hús í Reykjavíkurtjörn, losnaði úr festingum sínum og rak þvert yfir tjörnina á sunnudagskvöld.**

**Svo virðist sem akkeri sem hélt húsinu föstu hafi losnað og húsið því rekið. Á tímabili stefndi húsið á Ráðhús Reykjavíkur en það rak svo að Tjarnargötu. Ekkert tjón varð á lífríki tjarnarinnar eða húsinu sjálfu.**

**Verkið er hluti af Listahátíð í Reykjavík.** - þeb

Hvalaskoðunarsamtökin:

# Veiðar skaða land og þjóð

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalaskoðunarsamtök Íslands hafa sent frá sér yfirlýsingu og hvetja stjórnvöld eindregið til að gefa ekki út frekari kvóta til hrefnuveiða né heldur til veiða á langreyðum í atvinnuskyni.

Í yfirlýsingunni segir að vísbendingar séu um að veiðar á hrefnu undanfarin ár hafi valdið hvalaskoðun við Faxaflóa skaða. Mikilvægt sé því að stöðva allar veiðar strax og leggja áherslu á rannsóknir á lifandi hvölum í samvinnu við hið alþjóðlega vísindasamfélag.

Hvalaskoðunarsamtökin hafna því alfarið að hvalveiðar í atvinnuskyni þjóni hagsmunum Íslands. Þvert á móti séu þær skaðlegar landi og þjóð. - shá

„LÆTUR ENGAN ÓSNORTINN"*




„Undraverð skáldsaga."
– Guardian

„Ég sat eftir með tárin í augunum."
– The Irish Independent

„Kraftmikil og hrífandi."
– USA Today

*– Katrín Jakobsdóttir, Mannamál á Stöð 2.

Veröld

DYNAMO REYKJAVÍK

Hópuuppsagnir hjá Fiskisögu, Sjófiski og fleiri fyrirtækjum:

# Rúmlega fimmtíu manns sagt upp

**VINNUMARKAÐUR** Fjöldauppsagnir hafa orðið hjá Fiskisögu, Gallerý kjöti, Ostabúðinni og Sjófiski. Tæplega fimmtíu starfsmönnum hefur verið sagt upp. Vinnumálastofnun og stéttarfélögum fólksins hefur verið gert viðvart.

Guðlaugur Magnússon, framkvæmdastjóri Nordic Sea sem rekur ofangreind fyrirtæki, segir hagræðingaraðgerðirnar hafi lengi staðið til. Stefnt sé að því að sameina fyrirtækin undir nafninu Nordic Sea þó að verslanir fyrirtækisins haldi fyrra heiti. Hann hafi fundað með starfsmönnum síðustu daga og stefnt sé að því að endurráða sem flesta til Nordic Sea.

Guðlaugur segir að einhverjir starfsmenn finni fyrir breytingunum, til dæmis þeir sem verði færðir til í starfi. „Stór hluti starfsmanna heldur fyrri kjörum en hjá öðrum verður breyting, til dæmis styttri eða lengri vinnutími," segir hann og útilokar ekki að laun lækki. Þá komi árangurstenging launa einnig til greina.



**GUÐLAUGUR MAGNÚSSON** Framkvæmdastjóri Nordic Sea segist eiga í viðræðum við starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Guðlaugur bendir á að mikil hagræðing felist í breytingunum. Þannig hafi fyrirtækið Sjófiskur keypt fisk á markaði og selt í búðir en nú hverfi Sjófiskur og Nordic Sea kaupi beint af markaði. „verðið úr búðinnierðið úr búðinni mun mjög líklega lækka," segir Guðlaugur en vill ekki nefna hve mikil verðlækkunin verði. Hann segir að hagræðingin hafi líka náð til yfirstjórnar, framkvæmdastjórarnir hafi verið tveir en nú sé hann einn.

Elías Magnússon, forstöðumaður hjá VR, kannast við að hafa fengið tilkynningu um hópuppsagnirnar. „Þeir vilja endurráða starfsmennina en lækka við þá laun og hagræða. Það er ákvörðun starfsmanna hvort þeir vilja vera áfram eða ekki," segir hann.

Uppsagnir eru mikið í umræðunni þessa dagana og segir Elías að fjölmargir hafi haft samband fyrir síðustu mánaðamót. „Menn eru greinilega að velta þessu fyrir sér," segir hann og telur hópuppsagnir hugsanlegar. - ghs

DRÍFÐU ÞIG Í MEÐ

EÐA . ÞÚ KAUPIR

AÐ EIGIN VALI HJÁ DOMINO'S

Á ÞRIÐJUDÖGUM Í JÚNÍ

OG FÆRÐ

Á VERÐI

Í LAUGARÁSBÍÓ.

LAUGARÁS BÍÓ

- bara lúxus

Domino's Pizza

58·12345

dominos.is

## GENGIÐ 02.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,04 | 75,4 |
| Sterlingspund | 147,26 | 147,98 |
| Evra | 116,54 | 117,2 |
| Dönsk króna | 15,622 | 15,714 |
| Norsk króna | 14,659 | 14,745 |
| Sænsk króna | 12,469 | 12,543 |
| Japanskt jen | 0,7146 | 0,7188 |
| SDR | 121,61 | 122,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
150,5012

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Breytingar á samstarfi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Tollstjórans í Reykjavík:

# Eftirlitshundar í stað fíkniefnahunda

**LÖGGÆSLUMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og tollstjórinn í Reykjavík hafa gert með sér samkomulag um aukið samstarf á sviði fíkniefnamála. Það felur meðal annars í sér að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu losar sig við alla fíkniefnahunda, en tollgæslan mun veita umdæminu þá þjónustu sem þörf er fyrir með sínum hundum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur í hyggju að fá sér eftirlitshunda í staðinn og hefur sent ríkislögreglustjóra erindi þess efnis, að sögn Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta samkomulag er rammi utan um þá góða samstarf sem hefur verið á milli embættanna,“ segir Snorri Olsen, tollstjóri í Reykjavík. Með samkomulaginu verða nokkrar breytingar á samstarfinu. „Við erum að koma því þannig fyrir að aðstaða verði fyrir starfsmenn frá Tollstjóranum hjá lögreglunni og gagnkvæmt.“

Snorri segir að auk þessa verði unnið nánar varðandi nýtingu á fíkniefnaleitarhundum.

„Við höfum verið með samstarf á því sviði og aðstoðað lögregluna þegar eftir því hefur verið leitað, en munum nú gera það í enn ríkari mæli. Okkar hundar eru í góðri þjálfun og eru raunverulega að þjálfa sig í vinnunni daginn út og daginn inn. Við munum bæta við hundi hjá okkur og æltunin er að þeir verði fjórir í lok næsta árs.“



**AF SEM ÁÐUR VAR** Lögreglumenn með fíkniefnahunda verða ekki lengur á vegi fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Snorri segist telja mikinn ávinning af þessu samkomulagi fyrir bæði embættin. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu geti nýtt sína fjámuni og mannskap í önnur, ekkert síður mikilvæg verkefni, en þeir hafi sinnt með hundum sínum.

„Við getum stækkað hundaeininguna okkar. Þá verða verkefni starfsmanna Tollgæslunnar fjölbreyttari. Þetta þýðir að þeir þurfa að fara í húsleitir með lögreglu, leita í bílum og annað slíkt. Ef vel tekst til verður þetta ávinningur fyrir landsmenn og þjóðfélagið í heild ef við náum enn meiri árangri en áður.“ **jss@frettabladid.is**

Eiturlyf gerð upptæk:

## Fjórir teknir með kókaín

**LÖGREGLUMÁL Um 100 grömm af kókaíni fundust við húsleit í íbúð í miðborg Reykjavíkur á föstudagskvöld. Í íbúðinni voru tveir karlmenn á fertugsaldri og voru þeir handteknir. Áður hafði lögreglan handtekið tvo aðra karlmenn á þrítugsaldri í næsta nágrenni. Í fórum annars þeirra fundust um fimmtán grömm af kókaíni. Eftir það var farið í húsleit á öðrum stað í miðborginni og þar fannst lítilræði af kókaíni.**

**Við húsleitina á föstudag naut lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra og fíkniefnaleitarhunds frá tollgæslunni.**

**- jss**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta við Blönduós**

Engan sakaði í bílveltu skammt fyrir utan Blönduós á þriðja tímanum í gær. Voru bílstjórinn og farþegar hans fluttir til öryggis á sjúkrahúsið á Blönduósi til skoðunar. Málið er í rannsókn.

### SAMGÖNGUMÁL

**Sumaráætlun Strætós**

Sumaráætlun Strætós bs. tók gildi 1. júní og gildir til 23. ágúst næstkomandi. Breytingar hafa orðið á tíðni ferða á mörgum leiðum. Allar breytingarnar eru kynntar á straeto.is, í öllum vögnum, leiðabókum og í síma 540-2700.

### SJÁVARÚTVEGUR

**Grandi með mesta kvótann**

HB Grandi hefur ráðstöfunarrétt yfir 11,91 prósenti heildaraflaheimilda fiskveiðiflotans í þorskígildum talið, segir í nýrri úttekt Fiskistofu. Samkvæmt lögum má engin útgerð eiga meira en tólf prósent og er fyrirtækið því rétt undir kvótaþakinu.

# Vill alls ekki útiloka frekari hvalveiðar

**Sjávarútvegsráðherra útilokar alls ekki frekari hvalveiðar. Hann telur að andstæðingar veiðanna hljóti að viðurkenna réttmæti þeirra eftir sölu afurðanna. Utanríkisráðherra vísar til yfirlýsingar vegna nýhafinna hrefnuveiða.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég vil undirstrika að andstæðingar hvalveiða hafa alltaf skírskotað til þess að það sé ekki tilefni til að veiða hval af því að afurðirnar muni ekki seljast. Þeir hljóta að viðurkenna réttmæti þeirra þegar salan kemst á,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. „Ég útiloka alls ekki að frekari kvóti verði gefinn út.“ Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra vísar til yfirlýsingar sinnar vegna útgáfu reglugerðar um hrefnuveiðikvóta þegar leitað var eftir viðbrögðum hennar vegna sölu á langreyðarkjöti til Japans.

Ákvörðunarvaldið um hvort frekari hvalveiðikvóti verður gefinn út liggur alfarið hjá sjávarútvegsráðherra sem tekur fram að of snemmt sé að svara því hver verði næstu skref.

Þegar leitað var eftir viðbrögðum utanríkisráðherra vegna sölu hvalkjöts til Japans kom hún þeim skilaboðum til Fréttablaðsins að ástæðulaust væri að tjá sig um sölu kjötsins sérstaklega og hugsanlega þýðingu þess fyrir áframhald hvalveiða. Vísaði hún til yfirlýsingar sinnar eftir að sjávarútvegsráðherra gaf út reglugerð um hrefnuveiðar 19. maí síðastliðinn.

Í yfirlýsingunni kom fram að skýrt væri á milli ráðherra í ríkisstjórninni að ráðherrar Samfylkingarinnar séu ekki fylgjandi ákvörðun um veiðar á fjörutíu hrefnum og hennar skoðun væri að verið væri að fórna meiri hagsmunum fyrir minni með veiðum á hrefnu. Enn fremur segir: „Útgáfa



**HVALFJÖRÐUR 2006** Sú fyrsta af sjö langreyðum komin í land í október 2006. Alls mátti veiða níu dýr. Afurðirnar hafa verið geymdar í frysti í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

reglugerðar um hrefnuveiðikvóta er ákvörðun sjávarútvegsráðherra, tekin í framhaldi af stefnu sem hann mótaði 2006. Sjávarútvegsráðherra hefur stjórnskipulegt forræði á útgáfu reglugerðar sem þessarar án þess að hún komi til afgreiðslu í ríkisstjórn.“

„Það er ég sem tek ákvörðun um útgáfuna en þetta er mál sem verður að ræða innan stjórnarflokkanna,“ segir Einar.

Spurður um líkur á því að hann gefi út hvalveiðikvóta segist Einar ekki vilja tjá sig um það strax. „Ég vil sjá hvernig þessu vindur fram í Japan. Þeir sem hafa gagnrýnt hvalveiðarnar hafa alltaf vísað til þess að forsenda til að hefja hvalveiðar væri sú að afurðirnar seljist. Þess vegna er mikilvægt að sjá hvað kemur út úr þessu núna í Japan.“

Í gærkvöldi kom tilkynning frá japönskum stjórnvöldum að þau hefðu engar upplýsingar um innflutning hvalkjötsins til landsins.

**svavar@frettabladid.is**

Nýr ritstjóri Morgunblaðsins:

## Ólafur tók við af Styrmi í gær

**STJÓRNMÁL** Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, lét af störfum í gær eftir 36 ár í stóli ritstjóra.

Á fundi með starfsmönnum Morgunblaðsins í gær sagði hann meðal annars að þjóðmálaskoðanir hans og samtíðarmanna hans á blaðinu hefðu mótast af hörðum átökum kalda stríðsins, en með nýju fólki væru áherslurnar aðrar. Þá minnti hann á að tengsl Morgunblaðsins og Sjálfstæðisflokksins hefðu á árum áður verið sterk en hann hefði ásamt Matthíasi Johannessen, þáverandi meðritstjóra, ákveðið að slíta þeim. Ólafur Stephensen er nýr ritstjóri Morgunblaðsins og aðalritstjóri Árvakurs. **- ovd**



**STYRMIR GUNNARSSON**

Bíræfinn þjófur á Selfossi:

## Lét greipar sópa í yfirgefnu húsi

**Karlmaður var handtekinn á Selfossi á föstudag, grunaður um að hafa látið greipar sópa um hús sem yfirgefið hafði verið eftir jarðskjálftann daginn áður. Í fórum mannsins fundust rifflar og skammbyssa, sem talið var að hann hefði tekið úr húsinu. Skammt frá fundust ýmsir munir úr silfri sem lögregla telur að maðurinn hafi stolið úr húsinu og falið. Maðurinn sagði að kunningjafólk hans byggi í húsinu og að hann hefði ætlað að bjarga hlutunum frá þjófum. Í bíl hans fannst einnig amfetamín. - sh**




SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
7. JÚNÍ 2008
SJÓVÁ


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**VAXANDI VINDUR Í KVÖLD**
Það er lægð að nálgast sunnanvert landið og hennar fer að gæta í kvöld, bæði með vætu og vindum, einkum þó sunnan til og við Breiðafjörð. Eru horfur á að á morgun verði allhvass vindur syðst á landinu annars töluvert hægari. Lægir sunnan til á fimmtudag.



**Á MORGUN** 10-18 m/s sunnan og vestan til annars hægari

**FIMMTUDAGUR** 5-15 m/s, hvassast SV-til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 24° |
| Ósló | 25° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 24° |
| Helsinki | 19° |
| Eindhofen | 23° |
| Amsterdam | 21° |
| London | 20° |
| Berlín | 31° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 17° |
| París | 19° |
| Basel | 20° |
| Barcelona | 22° |
| Alicante | 25° |
| Algarve | 25° |
| Tenerife | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

80% FJÁRMÖGNUN Á HAGSTÆÐUM VÖXTUM

# Skoda Octavia
# Skynsemi á frábæru verði

Dráttar Beisli fylgir

Kynntu þér vandaða notaða Skoda Octavia fjölskyldubíla í Bílaþingi HEKLU og gerðu bílakaup sem þú sérð ekki eftir. Skoda Octavia er fjölskyldubíllinn sem eyðir svo miklu minna.

### Skoda Octavia Combi 4x4



Nýskráður nóv 2004 / Ekinn 52.000 km
Ásett verð: 1.530.000,- **Tilboðsverð: 1.220.000,-**

### Skoda Octavia Combi 4x4



Nýskráður jan 2005 / Ekinn 54.000 km
Ásett verð: 1.550.000,- **Tilboðsverð: 1.240.000,-**

### Skoda Octavia Combi 4x4



Nýskráður jan 2005 / Ekinn 80.000 km
Ásett verð: 1.490.000,- **Tilboðsverð: 1.190.000,-**

### Skoda Octavia Combi 4x4



Nýskráður nóv 2004 / Ekinn 91.000 km
Ásett verð: 1.450.000,- **Tilboðsverð: 1.160.000,-**

### Skoda Octavia Combi Elegance 2.0



Nýskráður okt 2004 / Ekinn 60.000 km
Ásett verð: 1.350.000,- **Tilboðsverð: 1.080.000,-**

### Skoda Octavia Combi 4x4



Nýskráður nóv 2004 / Ekinn 63.000 km
Ásett verð: 1.530.000,- **Tilboðsverð: 1.220.000,-**

### Skoda Octavia Combi 4x4



Nýskráður nóv 2004 / Ekinn 80.000 km
Ásett verð: 1.450.000,- **Tilboðsverð: 1.160.000,-**

### Skoda Octavia Combi 4x4 Elegance



Nýskráður apríl 2004 / Ekinn 99.000 km
Ásett verð: 1.390.000,- **Tilboðsverð: 1.090.000,-**

### Skoda Octavia Combi 2.0



Nýskráður júlí 2004 / Ekinn 74.000 km
Ásett verð: 1.290.000,- **Tilboðsverð: 990.000,-**

### Skoda Octavia Combi 1.8 Turbo Elegance



Nýskráður apríl 2004 / Ekinn 69.000 km
Ásett verð: 1.390.000,- **Tilboðsverð: 1.090.000,-**

HEKLA

**Opið frá 10 til 18**

Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

## KJÖRKASSINN



*Ert þú fylgjandi því að taílenskt búddahof rísi í Hádegismóum?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú borðað hvalkjöt?*

Segðu þína skoðun á vísir.is **vísir**

Fyrrverandi tónlistarkennari dæmdur í eins árs skilorðsbundið fangelsi:

# Braut gegn fjórtán ára nemanda

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi tónlistarkennari hefur verið dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn nemanda sínum sem þá var fjórtán ára.

Kennarinn var ákærður fyrir að hafa á árinu 1997, þegar stúlkan var þrettán ára, fengið hana ítrekað til ýmiss konar kynlífsathafna og haft við hana samræði. Þá var hann ákærður fyrir að hafa reglulega haft samræði eða önnur kynferðismök við hana ári seinna, þegar hún var fjórtán ára. Hún kærði manninn í júlí á síðasta ári.

Maðurinn var í dómi sýknaður af fyrri lið ákærunnar. Dóminum þótti ekki sannað að hann hefði haft samræði við stúlkuna, þegar hún var þrettán ára, þar sem framburður hennar var ekki stöðugur.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Kennarinn var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórtán ára gömlum nemanda sínum.

Á þeim tíma sem síðari ákæran tekur til var refsilaust samkvæmt lögum að hafa samræði við einstakling sem var orðinn fjórtán ára. Hins vegar kvað ákvæði hegningarlaga, árið 1998, á um að hver sem hefði samræði eða kynferðismök við barn eða ungmenni yngri en átján ára, „...sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis skal sæta fangelsi allt að sex árum og allt að tíu ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.“

Dómurinn vísaði miskabótakröfu stúlkunnar, að upphæð 1,2 milljónum króna, frá. **- jss**

Hjálpsamir piltar töfðu bíla:

# Endur lokuðu átta akreinum

**FÓLK Vegfarendur í Ártúnsbrekku þurftu að láta sér lynda nokkurra mínútna umferðartafir síðdegis í fyrradag. Það var þó hvorki umferðarþungi né óhapp sem olli töfunum, heldur nokkrir piltar á unglingsaldri sem tóku sig til og stöðvuðu alla umferð til að hleypa andafjölskyldu yfir götuna.**

**Piltunum virtist mjög umhugað um það að fjölskyldan, önd með sex til sjö unga, kæmist leiðar sinnar, því að þeir stöðvuðu umferð í báðar áttir á þessari stærstu götu í Reykjavík, sem alls er átta akreinar. Engum sögum fer af því hvers vegna öndin vildi fara yfir veginn. - sh**

Kjaraviðræður BHM-félaga:

# Urgur í hjúkrunarfræðingum

**VINNUMARKAÐUR** Óbreytt ástand ríkir í kjaraviðræðum samninganefnda BHM-félaga og samninganefndar ríkisins en þó hefur verið talað um að samningurinn gildi út mars 2009. Fundur hefur verið boðaður á miðvikudag, að sögn Guðlaugar Kristjánsdóttur, formanns BHM.



**GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR**

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, FÍH, segist heyra að kominn sé urgur í hjúkrunarfræðinga og margir þeirra hafi ákveðið að hætta að taka aukavaktir á LSH þar til búið verði að semja. „Fólk vill ekki sætta sig við ástandið eins og það er,“ segir hún.

Læknafélag Íslands hefur vísað samningaviðræðum til ríkissáttasemjara. **- ghs**

# Kraftmikil sprengja varð átta að bana

**Forsætisráðherra Danmerkur segir að sprengjuárásin á sendiráð Dana í Pakistan muni ekki hafa nein áhrif á utanríkisstefnu landsins.**

**PAKISTAN, AP** Sprengjuárás á danska sendiráðið í Íslamabad, höfuðborg Pakistans, varð átta manns að bana. Tugir manna særðust.

Meðal hinna látnu eru tveir pakistanskir starfsmenn sendiráðsins en tveir Danir, sem starfa þar, sluppu báðir ómeiddir.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði sprenginguna vera árás á Danmörku og ekkert geti réttlætt slíkan glæp.

„Danmörk ætlar ekki að breyta stefnu sinni vegna hryðjuverks,“ sagði hann í gær. „Við ætlum ekki að láta undan hryðjuverkamönnum.“

Per Stig Møller utanríkisráðherra sagði „hræðilegt að hryðjuverkamenn skuli gera þetta. Sendiráðið er þarna til þess að Danir eigi samstarf við pakistönsku þjóðina og þetta þýðir að þeir eru að eyðileggja það.“

Sprengjan heyrðist um alla borgina og skildi eftir sig stóra holu í veginum, um einn metra á dýpt, fyrir framan aðalhlið sendiráðslóðarinnar. Glerbrot og málmbrak þeyttust um svæðið og tugir bifreiða voru ónýtar.

Steingirðing umhverfis sendiráðið hrundi og málmhliðið þeyttist inn í garðinn, en sendiráðsbyggingin sjálf stendur þótt skemmdir hafi orðið á henni og rúður brotnað.

Í dönskum fjölmiðlum voru getgátur um að bifreiðin sem sprakk hefði verið merkt sendiráði. Sprengjumenn hefðu varla öðruvísi komist svona nálægt sendiráðinu þar sem gatan sem sendiráðið stendur við hefur verið lokuð fyrir almennri umferð.



**SENDIRÁÐ DANMERKUR** Allt var krökkt af lögreglumönnum og fréttamönnum fyrir utan sendiráð Danmerkur í Íslamabad eftir sprengjuárásina í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Sendiráðum Noregs og Svíþjóðar í Íslamabad var strax lokað í gær. Dönsk stjórnvöld hvetja Dani til að ferðast ekki til Pakistans á næstunni.

Margir Danir sögðust í gær telja árásina vera viðbrögð við birtingu á skopmyndum um Múhameð spámann, eða viðbrögð við því að Danir eru með herlið í Afganistan.

„Það sem hefur vakið athygli fólks í þessum heimshluta á Danmörku er Múhameðsteikningarnar,“ segir Lars Erslev Andersen, hryðjuverkasérfræðingur við háskólann í Óðinsvéum. „En það varð einnig til þess að vekja athygli fólks á þeirri staðreynd að Danir eru með herlið í Írak og að Danir eru á vígstöðvunum í Afganistan.“ **gudsteinn@frettabladid.is**



**VÍK** Vaxandi landbrot varð í óveðrum liðins vetrar.

Landbrotið við Vík:

# Viðbrögð bíða til haustsins

**UMHVERFISMÁL** Landgræðslan tekur undir áhyggjur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps af landbroti vegna ágangs sjávar við Vík. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu vill sveitarstjórnin að áætlanir Siglingastofnunar um landvarnir verði endurskoðaðar og framkvæmdum flýtt til að verja byggðina.

Siglingastofnun segir að erindi Mýrdalshrepps verði tekið til meðferðar við gerð nýrrar samgönguáætlunar fyrir árin 2009-2012 sem væntanlega verði lögð fyrir Alþingi í haust. Landgræðslan fyrir sitt leyti leggur til að sandgirðingar verði endurbættar og auknar strax fyrir næsta vetur. **- gar**

Árás á leigubílstjóra:

# Árásarmanns enn leitað

**LÖGREGLUMÁL Maður sem réðist á leigubílstjóra í Neðra-Breiðholti um klukkan hálf fjögur aðfaranótt sunnudagsins er enn ófundinn.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu tók maðurinn, sem var farþegi í bílnum, leigubílstjórann hálstaki, lagði hníf að hálsi hans og krafðist þess að fá peninga. Komst maðurinn yfir peninga og farsíma. Leigubílstjórinn, sem er kona, hlaut nokkra áverka á hálsi en er ekki alvarlega slösuð. Árásarmannsins er enn leitað og er málið í rannsókn. - ovd**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Veggjakrotarar handteknir

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók tvo unga menn á fjórða tímanum í fyrrinótt fyrir veggjakrot í Síðumúla. Voru þeir færðir á lögreglustöð til skýrslutöku og voru foreldrar þeirra svo fengnir til að sækja þá á stöðina.

### Fíkniefni í Valhöll

Eitt fíkniefnamál kom til kasta lögreglunnar á Eskifirði um helgina. Meint amfetamín fannst á gesti á dansleik á skemmtistaðnum Valhöll á Eskifirði.

### Á 143 kílómetra hraða

Lögreglan á Hvolsvelli stöðvaði ökumann bifreiðar á 143 kílómetra hraða skammt frá Hvolsvelli í gær, þar sem hámarkshraði er 90. Má ökumaðurinn búast við vænni sekt.


FJÁRFESTINGARBANKI

Ert þú í eignastýringu?




Framúrskarandi ávöxtun fyrir þína fjármuni

**Kynntu þér málið og hafðu samband - við tökum vel á móti þér**

**www.mp.is Sími 540 3200**

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VERÐI EN AÐRIR



**Toyota RAV4**
Sílsarör, grillgrind, vindskeið og dráttarbeisli
2000 Bensín
Á götuna: 12.04 Ekinn: 63.000 km
Verð: 2.700.000 kr. Skr.nr. ZP-138
**Tilboð: 2.450.000 kr.**



**Toyota Hilux D/C**
35" breyttur, krómgrind, klæðning í palli, dráttarbeisli
2500 Dísel 5 gíra
Á götuna: 09.06 Ekinn: 21.000 km
Verð: 3.880.000 kr. Skr.nr. KX-340



**Toyota Corolla S/D**
Dráttarbeisli
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 12.04 Ekinn: 99.000 km
Verð: 1.220.000 kr. Skr.nr. RY-567



**Toyota Yaris Sol**
1300 Bensín 5 Gíra
Á götuna: 10.07 Ekinn: 15.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. LAY-18



**Toyota Avensin S/D Sol**
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.600.000 kr. Skr.nr. OF-072
**Tilboð: 2.290.000 kr.**



**Toyota Corolla W/G Sol**
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 02.04 Ekinn: 77.000 km
Verð: 1.500.000 kr. Skr.nr. NH-125



**Toyota Avensis W/G Sol**
Leður, álfelgur
2000 Dísel 6 gíra
Á götuna: 07.07 Ekinn: 40.000 km
Verð: 3.590.000 kr. Skr.nr. DT-708



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
Aukasæti, dráttarbeisli
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 07.03 Ekinn: 130.000 km
Verð: 3.750.000 kr. Skr.nr. DD-429



**Toyota Land Cruiser 100**
33" dekk, navigation, bakkmyndavél, sóllúga, dráttarbeisli o.fl.
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 116.000 km
Verð: 7.550.000 kr. Skr.nr. GMP-86

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42650 06.2008

# Á að færa aukið skipulagsvald til ríkisins?

Hádegisverðarfundur í Valhöll

miðvikudaginn 4. júní, kl. 11.45 – 13.15

Frummælendur:
Þórunn Sveinbjarnardóttir
umhverfisráðherra og
Hanna Birna Kristjánsdóttir
formaður skipulagsráðs Reykjavíkur.



Fundarstjóri:
Sólveig Pétursdóttir
fyrrverandi forseti Alþingis
og formaður sveitarstjórnar-
og skipulagsnefndar.



Að fundinum stendur
sveitarstjórnar- og skipulagsnefnd.



Allir velkomnir!

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


Bændasamtökin fagna frestun innleiðingar matvælalöggjafar Evrópusambandsins:

# Skiljum þetta vonandi í haust

**STJÓRNMÁL** Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, er ánægður með frestun Alþingis á afgreiðslu frumvarps um innleiðingu matvælalöggjafar Evrópusambandsins.

Málið er til umfjöllunar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og verður það fram í september þegar þing kemur saman á ný.

Haraldur segir Bændasamtökin ætla að nota sumarið til að fara ítarlega yfir málið, meðal annars með sérfræðingi í Evrópurétti, og að því búnu senda Alþingi umsögn.

Frumvarpið, sem er í 74 greinum, var lagt fram á Alþingi 1. apríl. Eftir fyrstu umræðu óskaði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd umsagna. Tugir umsagna bárust en ekki frá Bændasamtökunum þar sem þau töldu sér ekki fært að vinna verkið á þeim skamma tíma sem var til þingfrestunar.



**SAUÐFÉ Á BEIT** Umsagnar Bændasamatakanna um matvælafrumvarpið er að vænta í sumar.

„Við mæltumst til þess að fá meiri tíma til að skilja þetta og höfum því ekki tekið efnislega afstöðu til málsins," segir Haraldur. Einnig þurfi að skýra hvað standa eigi í þeim rúmlega fjörutíu reglugerðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði gefnar út.

Bændaforystan ætlar því að nýta sumarið vel. „Við getum vonandi sagst skilja þetta í haust og þá sagt bændum um hvað þetta mál snýst," segir Haraldur. **- bþs**

Edward Kennedy:

## Gekkst undir skurðaðgerð

**BANDARÍKIN, AP Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Edward Kennedy gekkst í gær undir heilaskurðaðgerð á sjúkrahúsi í Norður-Karólínu, þar sem þess var freistað að fjarlægja illkynja æxli, sem hann greindist nýlega með.**

**Í framhaldi af aðgerðinni þarf hann að gangast undir erfiða lyfja- og geislameðferð.**

**Kennedy greindist með heilaæxli fyrir hálfum mánuði eftir að hann fékk flog á heimili sínu og var fluttur á sjúkrahús.**

**Um níu þúsund manns greinast árlega í Bandaríkjunum með þessa sömu tegund af illkynja heilaæxli. Um helmingur þeirra deyr innan árs frá greiningunni.**

**- gb**



**FRÁ MÁLSTOFU Í HÁSKÓLANUM** Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands segir að vilji stjórnvöld læra af reynslunni gætu þau gefið Seðlabankanum reglugerðarvald. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Húsnæðisverð gæti lækkað enn meira

**Haldi fram sem horfir gæti spá Seðlabankans um þrjátíu prósenta raunlækkun húsnæðisverðs reynst vanmat að mati aðalhagfræðings Seðlabanka Íslands.**

**VIÐSKIPTI** „Ef við tökum raunlækkun frá því í október er þriðjungur af lækkuninni kominn fram nú þegar og stefnir í það að spá um þrjátíu prósenta raunverðlækkun teljist vanmat ef svona heldur áfram," segir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, á málstofu um miðlun peningastefnunnar. Hann vísar hér til spár Seðlabanka Íslands um þróun verðs á húsnæði sem birtist nýlega í Peningamálum.

Arnór telur að hafi stjórnvöld áhyggjur af því að Seðlabanki Íslands hafi með stýrivöxtum sínum of fá vopn í vopnabúri sínu gætu þau ákveðið að færa honum fleiri vopn í hendur. Hann telur að þróun á íbúðamarkaði gegni lykilhlutverki í þeirri miklu einkaneyslu og lánabylgju sem hér hefur ríkt hérlendis undanfarin ár. Hækkun hámarkslána og veðhlutfalla áttu ásamt lágum alþjóðlegum vöxtum ríkan þátt í að kynda undir þenslu.

„Vilji stjórnvöld læra af reynslunni gætu þau íhugað að fela Seðlabankanum reglugerðarvald til að takmarka veðhlutfall ekki einungis Íbúðalánasjóðs heldur bankakerfisins í heild líkt og gert hefur verið í Hong Kong og Suður-Kóreu. Þá hefði Seðlabankinn væntanlega lækkað veðhlutfull þegar stjórnvöld og bankarnir ákváðu að hækka þau," segir Arnór.

Aðalhagfræðingur Seðlabankans tekur ekki undir fullyrðingar um að peningastefna Seðlabankans sé algerlega getulaus. Hins vegar segir hann að verulegir hnökrar séu á miðlunarferlinu sem veiki mátt peningastefnunnar og auki óvissuna um miðlun hennar.

Arnór bendir á að peningastefnunni séu viss takmörk sett við þau skilyrði sem við búum við í dag. Á Íslandi séu sérstakir innlendir eftirspurnarskellir sem magni ójafnvægið. „Það er umhugsunarefni að ekki skuli hafa tekist betur að ráða við þann hluta vandans sem var af innlendum rótum runninn en raun var á, en það sem öðru fremur réttlætir sjálfstæða peningamálastefnu fyrir jafn lítið land og Ísland er að hún gefur færi á að mæta sérstökum framboðs- og eftirspurnarskellum með því að skapa innlend fjármálaskilyrði sem eru frábrugðin þeim sem ríkja í viðskiptalöndum okkar," segir Arnór.

bjornthor@markadurinn.is

Bresk hryðjuverkavarnalög:

## Brown ætlar ekki að bakka

**BRETLAND, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, sagðist í gær alls ekki ætla að draga til baka áform um að heimila lögreglu að halda grunuðum hryðjuverkamönnum í 42 daga án þess að leggja fram ákæru.



**GORDON BROWN**

Breska þingið greiðir atkvæði um þessa breytingu í næstu viku, en allt að fimmtíu þingmenn úr Verkamannaflokki Browns munu líklega greiða atkvæði gegn henni.

Lögreglan hefur nú heimild til að halda föngum, sem grunaðir eru um hryðjuverkastarfsemi, í 28 daga. Mannréttindasamtök telja það allt of langt og gagnrýna harðlega að bresk stjórnvöld vilji lengja heimildina enn frekar. **- gb**




TÓNLISTARVIÐBURÐUR

Píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson heldur tónleika í Kirkju- og menningarmiðstöðinni í Fjarðabyggð, þriðjudagskvöldið 3. júní.

Víkingur Heiðar vann frækinn sigur í einleikarakeppni Juilliard-tónlistarskólans í New York fyrr á þessu ári og hefur vakið mikla aðdáun í tónlistarheiminum á síðustu misserum. Á efnisskránni eru verk eftir Beethoven, Brahms, Chopin og Ólaf Axelsson. *Tónleikarnir eru til minningar um Birgi Einarsson.*

Tónleikarnir hefjast kl. 20.
Miðaverð: 2.000 kr. / 1.500 kr.
Forsala í Landsbankanum Fjarðabyggð og Egilsstöðum.
Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Alcoa Fjarðaál er styrktaraðili Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar

Kirkju- og menningarmiðstöðin Fjarðabyggð

HREIN GÆÐI



SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS FYRIR FJÁRMÁLASTARFSEMI

FIMMTUDAGINN 5. JÚNÍ 2008 – KL. 08.15-10.00 Á GRAND HÓTEL

*Fjárfestingarstofan býður þér til morgunverðarfundar þar sem kynntar verða niðurstöður samkeppnisgreiningar á Íslandi fyrir ákveðin form fjármálafyrirtækja*

OPNUN - AF HVERJU SKATTALEG SAMKEPPNISHÆFNI?
Þórður Hilmarsson, forstöðumaður Fjárfestingarstofunnar

ICELAND – STRENGHT AND WEAKNESSES WITH VIEW TO SELECTED MOVEABLE INVESTMENTS
Laurens Narraina, skattasérfræðingur hjá PricewaterhouseCoopers í Belgíu

MEÐ AUGUM ATVINNULÍFSINS
Páll Jóhannesson, skattasviði Kaupþings
Margret G. Flóvenz, formaður Félags löggiltra endurskoðenda

PALLBORÐSUMRÆÐUR
Elín Árnadóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs PricewaterhouseCoopers
Garðar Valdimarsson, hrl. og löggiltur endurskoðandi, Deloitte
Margret G. Flóvenz, formaður Félags löggiltra endurskoðenda
Símon Þór Jónsson, forstöðumaður skattasviðs, KPMG
Páll Jóhannesson, skattasviði Kaupþings

FUNDARSTJÓRI
Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Fundurinn er öllum opinn en skráning fer fram með tölvupósti á netfangið **info@invest.is** eða síma **561 5200.** Nánari upplýsingar veitir Inga Hlín Pálsdóttir, verkefnisstjóri, **inga@icetrade.is.**

Fjárfestingarstofan

BORGARTÚNI 35 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 561 5200 • FAX 511 4040 • INFO@INVEST.IS






Ráðstefna Matvælastofnunar SÞ í Róm um hækkandi matvælaverð í heiminum:

# Simbabveforseti fær að mæta

**RÓM, AP** Ráðamenn frá ríkjum heims streymdu til Rómar í gær til að taka þátt í ráðstefnu Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, um þann vanda sem hækkanir á matvælaverði valda.

Meðal þessara ráðamanna var Robert Mugabe, forseti Simbabve. Þetta er í annað sinn sem hann sniðgengur bann Evrópusambandsins við því að hann og aðrir úr stjórn hans stigi fæti á foldu ESB-ríkjanna 27, en það getur hann þar sem sambandið getur ekki bannað honum að sækja sem þjóðhöfðingi fundi á vegum Sameinuðu þjóðanna. Bann ESB var upprunalega sett árið 2002 sem þvingunaraðgerð vegna mannréttindabrota stjórnar Mugabes. Þetta ferðabann, sem gildir fyrir Mugabe sjálfan og um 100 aðra háttsetta menn úr stjórnkerfi Simbabve, var endurnýjað í fyrra.

Þetta er fyrsta ferðalag Mugabes út fyrir landsteina Simbabve síðan hann hlaut næstflest atkvæði í fyrri umferð forsetakosninga í lok mars.

Meðal helstu viðfangsefna FAO-ráðstefnunnar er að leita leiða til að tryggja nægt framboð á matvælum þar sem skorturinn er mestur, en það á ekki síst við um Afríku sunnan Sahara, þar á meðal Simbabve. **- aa**



**MÓTMÆLI Í RÓM** Mótmælendur létu til sín taka þar sem ráðstefna Matvælastofnunar SÞ fer fram.

# Um fimmtíu gert að yfirgefa heimili sín

**Átján íbúðarhús á skjálftasvæðinu á Suðurlandi hafa verið úrskurðuð óíbúðarhæf og um fimmtíu manns hefur verið komið í annað húsnæði. Þjónusta er að mestu komin í gagnið. Margir hafa leitað sér áfallahjálpar og aðstoðar.**

**JARÐSKJÁLFTI** Um fimmtíu manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín á skjálftasvæðinu á Suðurlandi. Vel á þriðja tug húsa á svæðinu hafa verið úrskurðuð óíbúðarhæf, þar af átján íbúðarhús. Bæjarstjórar segja langflesta þjónustu vera komna í gagnið að nýju.

„Við erum að vinna í þessum húsnæðismálum,“ segir Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri í Árborg. Þar hefur þurft að rýma sjö hús vegna þess hversu löskuð þau eru eftir skjálftann, fimm á Selfossi og tvö á Eyrarbakka. Íbúum þeirra hefur verið komið fyrir í öðrum húsum í bæjunum, sem bæjaryfirvöld leigja.

Í Hveragerði hefur íbúum tveggja húsa verið komið fyrir í heilum húsum í bænum og í sveitarfélaginu Ölfusi hafa íbúar níu húsa þurft að koma sér fyrir í sumarbústöðum og hjá ættingjum. Húsin sem úrskurðuð hafa verið óíbúðarhæf eru öll mjög skemmd og flest talin ónýt.

Fjöldi fólks hefur leitað sér aðstoðar í þjónustumiðstöðvunum í Árborg og Hveragerði síðustu daga. „Það er mikil traffík,“ segir Helga Kristjánsdóttir, staðgengill bæjarstjóra í Hveragerði. „Fólk leitar eftir stuðningi þar,“ segir Ragnheiður. „Það kemur í viðtöl hjá Rauða krossinum, áfallahjálp og ráðgjöf.“ Björgunarsveitir hafa verið í viðbragðsstöðu og aðstoðað fólk, einkum eldri borgara, við tiltekt og viðgerðir.

Að öðru leyti er lífið að komast í eðlilegt horf. Flest öll þjónusta er komin í gagnið að nýju, að sögn þeirra Ragnheiðar og Helgu. Sundlaugar eru þó lokaðar í báðum bæjum vegna bilana og í Hveragerði er bókasafnið enn lokað þar sem það hefur reynst ærið verk að raða öllum bókunum rétt í hillurnar á ný.

Þá er kranavatnið orðið drykkjarhæft á Selfossi en í Hveragerði er enn mælst til þess að fólk sjóði vatn eða sæki sér flöskuvatn á þjónustumiðstöðvar. Fólk er einnig varað við því að ganga á og við fjöll í nágrenni Hveragerðis vegna hættu á grjóthruni. Íbúafundir eru fyrirhugaðir í Hveragerði klukkan 20 á fimmtudaginn á Hótel Örk og í Ölfusi í húsnæði hótels Eldhesta klukkan 20.30 í kvöld. **stigur@frettabladid.is**


**ALLT Á GÓLFINU** Mörg húsin á skjálftasvæðinu voru afar illa farin. Skemmdir á húsum reyndust mun meiri en talið var í fyrstu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Skattskrár vegna álagningar 2007 og virðisaukaskattsskrár vegna tekjuársins 2006**

Framlagning skattskrár er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46. gr. laga nr. 50/1988.

Skrárnar liggja frammi hjá skattstjórum í hverju umdæmi, hjá umboðsmönnum skattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju skattumdæmi dagana 3. til 16. júní 2008 að báðum dögum meðtöldum.

**3. júní 2008.**

**Skattstjórinn í Reykjavík**, Gestur Steinþórsson.
**Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi**, Stefán Skjaldarson.
**Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi**, Guðrún Björg Bragadóttir.
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra**, Hanna Björnsdóttir.
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra**, Gunnar Karlsson.
**Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi**, Karl S. Lauritzson.
**Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi**, Steinþór Haraldsson.
**Skattstjórinn í Vestmannaeyjum**, Ingi Tómas Björnsson.
**Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi**, Sigmundur Stefánsson.

Evrópumeistarakeppnin:

# Mislingafaraldur á EM 2008

**HEILBRIGÐISMÁL Mislingafaraldur geisar í Sviss og Austurríki þar sem Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu fer fram dagana 7. til 29. júní næstkomandi. Í apríl höfðu um 1.500 einstaklingar greinst í Sviss á árinu og um 50 í Austurríki. Fæstir einstaklinganna höfðu verið bólusettir.**

**Sóttvarnarlæknir landlæknisembættisins hvetur þá Íslendinga sem ætla að sækja Evrópumeistarakeppnina að huga að því hvort þeir hafi verið bólusettir gegn mislingum. Ef ekki er fólk hvatt til að láta bólusetja sig áður en farið er.**

- jss

Tuttugu og fimm vetra hryssan Merka kastar tveimur folöldum:

# Tvíburafolöld í Flatbjarnarholti

**DÝRAHALD** „Þetta er hörku hryssa," segir Jósavin Helgason, eigandi Merku, 25 vetra hryssu sem í liðinni viku kastaði tveimur folöldum í Flagbjarnarholti í Rangárvallasýslu.

Afar óvenjulegt er að merar kasti tveimur folöldum og enn óalgengara er að bæði lifi. „Þetta átti að verða hennar síðasta folald," segir Jósavin, sem vonaðist eftir að fá hryssu sem hann gæti þá líka nefnt Merku. „En svo þegar koma systkin þá kannski finnur maður upp á einhverjum nöfnum sem passa þeim."

Folöldin, hestur og hryssa, braggast vel en merfolaldið, sem var ívið minna en hitt, þurfti á hjálp að halda við að standa upp. „Hryssan hefur átt erfiðara og fyrst var mjólkað í pela handa henni en hún er komin á spena, er öll að koma til og sýgur orðið sjálf," segir Jósavin og bætir við að bæði folöldin muni ganga undir merinni. „En hesturinn er sprækur eins og folöld eiga að vera." Þá segist Jósavin einnig heppinn með veður enda væsi ekki um folöldin í veðurblíðunni.

Hann segir folöldin vel ættuð, undan Gandálfi frá Selfossi, og Merku vera undan Fáfni frá Fagranesi í Skagafirði. „Þessi meri er búin að gefa mjög álitleg hross frá því hún byrjaði að eiga folöld svo maður er bara spenntur fyrir þessum systkinum. Þau braggast vel, eru spræk og hlaupa um." - ovd



**MERKA MEÐ FOLÖLDIN SÍN TVÖ** Merka, ættuð frá Litla-Dunhaga, var eftir sig eftir að hafa kastað folöldunum. MYND/DÍANA BJARNADÓTTIR

Umhverfisvernd í Hafnafirði:

# Friða Hleina og Hvaleyrarlón

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar vill láta friðlýsa Hvaleyrarlón og fjöru við Hvaleyri og friðlýsa Hleina á Langeyrarmölum.

Hafnarstjórn Hafnarfjarðar hefur fyrir sitt leyti tekið jákvætt í tillögu umhverfisnefndarinnar. „Hafnarstjórn leggur áherslu á að drögum að afmörkun fólkvangs í fjöru við Hvaleyri verði breytt á þann veg að mörkin liggi um miðlínu í rennu að Hvaleyrarlóni þannig að ekki sé komið í veg fyrir sjósetningu smábáta við atvinnulóðir á hafnarsvæðinu," segir hafnarstjórnin. Málið bíður nú afgreiðslu bæjarstjórnar. - gar



**FRÍÐUR FLOKKUR** Nemarnir ánægðir með nemendaverðlaunin sín í Ráðhúsinu á sunnudag.

Reykjavíkurborg verðlaunar:

# Skólar og nemar fá verðlaun

**MENNTAMÁL** Tuttugu og níu grunnskólanemendur í Reykjavík fengu á sunnudag afhent nemendaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar. Við sama tækifæri fengu þrír skólar hvatningarverðlaun.

Það voru Borgaskóli, fyrir verkefnið Orka í norðri, Laugalækjarskóli, fyrir Þverfaglegt verkefni í 10. bekk, og Víkurskóli fyrir verkefnið Einstaklingsmiðuð skólabyrjun.

Þá hlutu Laugarnesskóli og Norðlingaskóli viðurkenningar.

Markmiðið með nemendaverðlaununum er að hvetja grunnskólanema til að leggja sig betur fram í námi. - kóp









## „ORÐRÉTT“

### Sá á kvölina sem á völina

**„Stjórnvöld fara eftir ráðleggingum fiskifræðinganna og ef þeir ætla að vera samkvæmir sjálfum sér verður veiddur hvalur eftir þeirra hugmyndum.“**

KRISTJÁN LOFTSSON FORSTJÓRI HVALS HF. UM SÖLU Á KJÖTI TIL JAPANS.

**Fréttablaðið 2. júní.**

### Ég og Dorrit

**„Við Dorrit óskum ykkur til hamingju með glæsilegan sigur í frábærum leik. Þjóðin fagnar öll og óskar ykkur heilla á komandi Ólympíuleikum. Sigurkveðjur.“**

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS, AÐ LOKNUM LANDSLEIK ÍSLENDINGA OG SVÍA Í HANDKNATTLEIK.

**Fréttablaðið 2. júní**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EINAR BOLLASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSHESTA

## Undirbýr hestasumarið



„Það er allt í toppstandi hjá mér. Dagarnir eru fallegir og ég er auðvitað mikill sumarmaður eins og allir alvöru hestamenn,“ segir Einar Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta. Einar hefur í nógu að snúast þessa dagana, enda lokaundirbúningur fyrir hestasumarið langt á veg kominn. „Við erum að leggja lokahönd á pantanir og slíkt fyrir hestaferðirnar í sumar. Þetta verður stórt sumar og mikið um að vera. Við finnum aðeins fyrir heimskreppunni því útlendingar spyrja meira eftir styttri og ódýrari ferðum en áður hefur verið. Það er hins vegar ekkert krepputal í Íslendingunum. Fjölgun þeirra í ferðirnar okkar í ár er gríðarlega mikil.“

Einar er fyrrverandi körfuknattleiksmaður og einn kunnasti aðdáandi íþróttarinnar hér á landi. „Það fyrsta sem ég geri á morgnana er að fara inn á vefsíðuna nba.com og leita eftir úrslitum minna manna í Boston Celtics. Ég hef verið stuðningsmaður Boston síðan 1965 og þetta sögufræga félag hefur ekki unnið NBA-deildina í 22 ár. Það er kominn tími til að breyta því,“ segir Einar.

Hann dreymir um að gömlu risarnir í Boston og Los Angeles Lakers mætist í úrslitaeinvíginu. „Ef sú verður raunin að þessi tvö lið mætist í úrslitunum þá skiptir engu máli hvernig stendur á hjá mér, ég flýg til Boston og verð í höllinni. Ég þori ekki að negla ferðina betur niður fyrr en það er orðið ljóst hvaða lið mætast. Maður er svo hjátrúarfullur, sjáðu til,“ segir Einar og hlær.

## HVALKJÖT:
### BORÐAÐ Í JAPAN



Japanir hafa borðað hvalkjöt lengi og mikil hefð er fyrir hvalveiðum þar í landi. Á árunum eftir seinni heimsstyrjöld varð hvalkjötið mjög vinsælt, þar sem það var ódýrt og er mjög prótínríkt, en vinsældirnar döluðu eftir miðjan sjöunda áratug síðustu aldar. Hvalkjöt hefur verið notað í ýmsum myndum í Japan. Til dæmis voru fiskipylsur, sem búnar voru til úr hvalkjöti og túnfiski, vinsælar. Þá hefur það verið notað í sushi og borðað hrátt. Jafnvel hefur það verið hakkað í hamborgara.


WOLF Garten
Garðsláttuvélar



Þýskar gæðasláttuvélar fyrir þá sem gera kröfur um gæði

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070


# Bara sprettur eftir Borgundarhólm

Stífleiki í lærum, saltútfelling svo hlauparinn er allur hrímhvítur, hlaupararnir skjögrandi áfram og loks fellur einn þeirra í götuna eftir 24 tíma hlaup. Það er ýmislegt sem gengur á þegar hlaupið er í einn sólarhring eða meira. Gunnlaugur A. Júlíusson langhlaupari vann þetta afrek og átti bara í smá erfiðleikum með að ganga stiga fyrsta daginn á eftir.

„Það sat nokkur spenna í mér. Ég taldi mig betur undirbúinn en í fyrra og hafði sett mér það markmið að sprengja 200 kílómetra múrinn.“ Þannig byrjar Gunnlaugur A. Júlíusson langhlaupari lýsingu á þátttöku sinni í sólarhringshlaupi á Borgundarhólmi á bloggsíðunni gajul.blogspot.com. Hann stefndi að því að hlaupa um tíu kílómetra á klukkustund.

„Það er hlaupið í skógargöngum sem eru 700 metra löng hvor leið og svo örstuttur spotti á milli. Skógurinn bæði skýlir manni fyrir vindi og eins fyrir sólinni ef hún er of sterk þannig að aðstæður eru góðar á margan hátt. Ég ákvað að hlaupa fyrstu þrjátíu kílómetrana án þess að stoppa en fara þá að ganga smáspöl á hverjum hring til að brjóta upp álagið,“ segir Gunnlaugur.



**GUNNLAUGUR A. JÚLÍUSSON** Hljóp 218 kílómetra á einum sólarhring og bætti vegalengdina um tuttugu kílómetra frá því í fyrra en sá eftir að hafa aðeins skipt einu sinni um skó á leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eftir fimm klukkustundir var Gunnlaugur farinn að lýjast en fékk sér þá hressingu og þreytan hvarf úr lærunum. „Ég fann aldrei fyrir votti af krampa eða sinadrætti, þrátt fyrir að saltútfellingin væri hreint svakaleg. Maður var allur hvítkrímóttur eins og saltstólpi,“ útskýrir hann.

Tuttugu mínútur fyrir tíu hafði Gunnlaugur náð settu marki. „Ég fann að ég hefði átt að vera með þrjú skópör því seinni skórnir sem ég skipti yfir á voru orðnir full harðir, þannig að maður varð dálítið sárfættur undir það síðasta. Ég gekk síðasta hringinn til að njóta stundarinnar. Norðmaðurinn sem vann 24 tíma hlaupið hljóp enn á fullu gasi, hár og lauflléttur. Að lokum hljómaði lúðurinn og 217,7 km voru í höfn.“

Hlaupararnir og aðstoðarmenn þeirra hittust í markinu að loknu hlaupi og samglöddust. „Það var rétt búið að afhenda bikara fyrir 48 tíma hlaupið þegar maður sem stendur rétt hjá mér steypist í götuna. Kona sem stóð við hliðina á honum greip í hann og dró þannig nokkuð úr fallinu. Engu að síður skall hann á ennið og blæddi nokkuð úr. Það varð vitaskuld uppi fótur og fit. Hann rankaði sem betur fer við eftir skamma stund, fékk að drekka og náði áttum á ný,“ segir Gunnlaugur og telur það mildi að maðurinn hafi ekki fengið meiri áverka.

Hann kveðst koma sjálfur mjög vel út úr hlaupinu og aðeins átt í smávegis erfiðleikum með að ganga stiga fyrsta daginn eftir hlaupið.

**ghs@frettabladid.is**




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
3.233 **-0,96%**

**Fjöldi viðskipta:** 303
**Velta:** 3.233 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIK BANKI** | +2,27% | **ATLANTIC PETROLUM** | -4,39% |
| **ALFESCA** | +0,44% | **ATLANTIC AIRWAYS** | -3,23% |
| **SPRON** | +0,22% | **STRAUMUR-BURÐARÁS** | -2,57% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,88 -0,58% ... Bakkavör 32,40 -0,77% ... Eimskipafélagið 20,50 -1,44% ... Exista 10,11 +0,00% ... Glitnir 17,10 -1,16% ... Icelandair Group 20,50 -0,49% ... Kaupþing 768,00 -0,52% ... Landsbankinn 24,85 -1,39% ... Marel 94,90 -0,32% ... SPRON 4,66 +0,22% ... Straumur-Burðarás 11,01 -2,57% ... Teymi 3,26 -0,91% ... Össur 97,20 -1,52%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## BYKO neitar að ræða mál birgjanna

„Birgjar hafa samband við okkur og við svörum þeim, en þetta mál ræðum við ekki í fjölmiðlum,“ segir Gísli Jón Magnússon hjá fjármálasviði BYKO.

Fram hefur komið að BYKO hefur sent birgjum og þjónustuaðilum bréf þar sem tilkynnt er að frá úttektarmánuði í júní verði greiðslufrestur sextíu dagar. Þetta á við BYKO, ELKO, Intersport og Húsgagnahöllina.

Eftir því sem næst verður komist þýðir þetta efnislega að BYKO framlengir greiðslufrest einhliða um fjörutíu daga.

Birgjar eru óánægðir með þessar ráðstafanir, en vilja ekki koma fram undir nafni.

Pétur Blöndal alþingismaður hefur sagt að þetta sé mál af því taginu sem Samkeppniseftirlitið ætti að vaka yfir.

Guðmundur Sigurðsson, aðstoðarforstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að birgjar hjá BYKO hafi haft samband við eftirlitið, en enginn hafi enn sem komið er lagt fram formlega kvörtun. „Við höfum ekki tekið afstöðu til þess hvort málið lendi inni á okkar verksviði. Það kann að vera, sé um það að ræða að fyrirtækið sé með markaðsráðandi stöðu. Þá kann málið að varða misnotkun á henni.“

**- ikh**

EXISTA

Exista hf. birti í gær, mánudaginn 2. júní 2008, lýsingu á ensku undir heitinu „Prospectus“. Lýsingin er gefin út á rafrænu formi á heimasíðu félagsins, www.exista.com, en einnig er hægt að nálgast bundin eintök á skrifstofu félagsins, að Ármúla 3 í Reykjavík.

OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur samþykkt lýsinguna. Lýsingin er gefin út í því skyni að fá 2,813,675,174 nýja hluti í Exista hf. tekna til viðskipta á Aðalmarkað OMX Nordic Exchange Iceland hf. þar sem viðskipti eiga sér stað með hluti félagsins undir auðkenninu „EXISTA". Nýju hlutirnir verða teknir til viðskipta í dag, þriðjudaginn 3. júní 2008.

Nýju hlutirnir eru í sama flokki og aðrir þegar útgefnir hlutir Exista hf. Nýju hlutirnir eru afhentir á genginu 10,1 króna hver hlutur sem endurgjald fyrir hlutabréf í Skiptum hf.

Lýsingin samanstendur af þremur skjölum, samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu. Skjölin eru gefin út á ensku undir heitunum „Summary“, „Share Securities Note“ og „Share registration document“.

Útgáfudagur lýsingarinnar og birtingadagur er 2. júní 2008. Lýsingin er í gildi næstu tólf mánuði frá útgáfudegi.

*Reykjavík, 3. júní 2008*

*EXISTA hf. · Ármúla 3 · 108 Reykjavík · Ísland · kt. 610601-2350*

KAUPÞING



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þungur róður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík:

## Banvænt faðmlag

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Leið Sjálfstæðisflokksins hefur legið niður á við í Reykjavík allt frá því Davíð Oddsson var hér vinsæll borgarstjóri. Aldrei hefur þó verið jafnilla fyrir flokknum komið í borginni eins og nú.

Í skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birt var fyrir rúmri viku sögðust 33,8 prósent Reykvíkinga myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef gengið yrði til kosninga nú en 43,4 prósent Samfylkinguna. Enn verri var útreið Sjálfstæðisflokksins í Þjóðarpúlsi Gallup sem birt var nú um helgina en þar sögðust 26,9 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og hefur flokkurinn aldrei mælst lægri þar.

*Yfirlýsingar um að nýrri borgarstjórn myndi vaxa fiskur um hrygg þegar hún léti verkin tala reyndust óskhyggjan ein.*

Vandamálin sem að steðja eru nokkur. Óvissan um borgarstjóraefnið að ári veldur nokkru. Fyrrnefndar skoðanakannanir sýna að borgarbúar vilja, af þeim kostum sem í boði eru, helst sjá Hönnu Birnu í stólnum og Vilhjálmur Þ., sem enn hefur einn verið nefndur til sögu, nýtur lítils trausts í stól borgarstjóra.

Vilhjálmur og Kjartan Magnússon sýndu mikinn skort á pólitísku nefi þegar þeir mynduðu meirihlutann með Ólafi F.

Myndin af fundinum á Kjarvalsstöðum 21. janúar síðastliðinn þegar Vilhjálmur, Kjartan og Ólafur F. tilkynntu nýtt meirihlutasamstarf, meðan aðrir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins stóðu hnípnir hjá, er sterk. Ekki síst sé hún borin saman við annan atburð sem átti sér stað fyrir framan Iðnó liðlega þremur mánuðum fyrr þegar hnarreistur Tjarnarkvartettinn tilkynnti myndun meirihlutans sem síðar var kallaður hundrað daga stjórnin.

Það var nefnilega stemning í borginni fyrir Tjarnarkvartettinum, alveg eins og hægt er að segja að stemning hafið verið fyrir því rúmlega ári fyrr að Sjálfstæðisflokkurinn væri aftur í meirihluta í Reykjavík. Þetta skynjuðu Vilhjálmur og Kjartan ekki en létu stjórnast af löngun sinni til valda, stungu höfðinu í sandinn og hófu biðina eftir að öldurnar lægði.

Yfirlýsingar um að nýrri borgarstjórn myndi vaxa fiskur um hrygg þegar hún léti verkin tala reyndust óskhyggjan ein og nú liðlega fjórum mánuðum síðar er staða flokksins verri en nokkru sinni.

Svo virðist sem skortur þeirra Kjartans og Vilhjálms á pólitísku nefi, sem leiddi til hins banvæna faðmlags Sjálfstæðisflokks við Ólaf F. Magnússon, muni draga meiri dilk á eftir sér en nokkurn óraði fyrir.

Skoðanakannanir eru vissulega aðeins mælikvarði á stöðuna á þeim tíma sem þær eru lagðar fyrir og enn eru nærri tvö ár þar til gengið verður til sveitarstjórnarkosninga næst.

Skilaboðin til sjálfstæðismanna í Reykjavík eru hins vegar skýr. Þeir verða þeir að bretta upp ermar, velja sér leiðtoga og marka sér skýra stefnu ef þeir ætla að ekki að glata trúverðugleika endanlega. Strúturinn verður að draga höfuðið upp úr sandinum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Pirraður pólitíkus

Gísli Marteinn Baldursson var að vonum lítt ánægður með nýja könnun um fylgi flokka í borginni sem sýndi Samfylkingu með hreinan meirihluta. Sjálfstæðisflokkurinn er samkvæmt henni í sögulegu lágmarki.



En sá pólitíkus sem ekki getur útskýrt slæma könnun ætti að finna sér aðra vinnu. Gísli Marteinn brást heldur ekki. Í ljós kemur að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa verið fastir í „litlum pirrandi málum", eins og Gísla varð að orði, og engan tíma haft í stóru málin.

Já það getur verið pirrandi að þurfa að svara fyrir gjörðir sínar í borgarstjórn. Litlu málin; flugvöllur í Vatnsmýrinni og skipulag miðborgar, svo einhver séu nefnd, mega ekki skyggja á hin góðu verk í stóru málunum. Hvernig var þetta aftur … kjósendum kennir pirraður pólitíkus?

### Styrmir kveður

Styrmir Gunnarsson lauk ritstjóraferli sínum á Morgunblaðinu með staksteinum þar sem hann gagnrýndi Samfylkinguna og borgarstjórnarflokk sjálfstæðismanna. Það má segja að það hafi verið viðeigandi kveðja, enda fátt sem hefur legið þyngra á sinni þessa langlífa ritstjóra undanfarin misseri en einmitt þetta tvennt; vandræðagangur samherjanna í Sjálfstæðisflokknum og uppgangur erkifjendanna í Samfylkingunni.



**kolbeinn@frettabladid.is, stigur@frettabladid.is**

## Hleranir



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Mannréttindi

Fyrir tveimur árum birtust niðurstöður sagnfræðirannsókna sem sýndu fram á að fjöldi Íslendinga sætti símahlerunum af hálfu stjórnvalda á árunum 1949-1968. Núna hefur frekari rannsókn leitt í ljós að þeir sem urðu fyrir hlerunum voru forystumenn á vinstra væng stjórnmálanna og að rökstuðningurinn sem færður var fyrir þeim var mjög léttvægur. Símahleranir eiga að öllu jöfnu að vera liður í lögreglurannsókn og leiða því iðulega til ákæru. Enginn þeirra 32 einstaklinga sem varð fyrir hlerunum af þessu tagi var hins vegar ákærður í kjölfarið og vekur það upp grunsemdir um að ekki hafi verið eðlilegar forsendur að baki. Þá er það eftirtektarvert að stjórnmálamenn sem fóru með embætti dómsmálaráðherra fóru ítrekað fram á hleranir á símum einstaklinga sem voru virkir í pólitískri andstöðu við þá. Grunur hlýtur óhjákvæmilega að vakna um að stjórnkerfinu hafi verið misbeitt í pólitískum tilgangi.

Hleranir stjórnvalda á pólitískum andstæðingum eru alvörumál – enda þótt langt sé um liðið. Ísland hefur stært sig af því að vera lýðræðisríki sem stjórnað er í þágu borgaranna en ekki valdhafa. Í lýðræðisríkjum á að vera hægt að treysta því að réttarkerfið starfi eðlilega og að stjórnvöld geti ekki misbeitt því í þágu pólitískra hagsmuna. Hleranir á símum stjórnarandstæðinga brjóta gegn grundvallarreglum lýðræðisins og það vekur einnig upp spurningar um réttaröryggi á Íslandi þegar í ljós kemur að dómarar hafa veitt heimildir til hlerana á grundvelli rökstuðnings sem engan veginn getur talist boðlegur.

Hneykslismál af þessu tagi eru ekki einsdæmi á Íslandi og nokkur slík mál hafa komið upp erlendis. Dæmi eru um að stjórnvöld hafi brugðist við með því að skipa óháðar rannsóknarnefndir eða með því að biðja hlutaðeigendur afsökunar. Þetta er til marks um vandaða stjórnsýslu og virðingu fyrir réttarríkinu. Því miður virðast íslensk stjórnvöld ekki ætla að taka mið af þessum erlendu fordæmum. Sérstakar áhyggjur vekur sá málflutningur sem komið hefur úr herbúðum Sjálfstæðisflokksins – þar sem gerðar hafa verið tilraunir til að réttlæta pólitískar hleranir með því að lýðræðinu hafi stafað ógn af stjórnmálamönnum úr öðrum flokkum. Sá málflutningur bendir ekki aðeins til andlýðræðislegra grundvallarhugsjóna. Hann er einnig til marks um fákunnáttu á sögulegum staðreyndum eða fullkomið skeytingarleysi um þær.

### Af verkunum skal meta þá

Í hópi þeirra 32 einstaklinga sem voru hleraðir voru ekki einungis hrekklausir leikarar eða veðurfræðingar heldur nokkrir fyrrverandi ráðherrar. Það vekur óneitanlega upp spurningar þegar fullyrt er að lýðræðisríki stafi ógn af mönnum sem gegnt hafa æðstu embættum sama ríkis. Meðal þeirra sem dómsmálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins vildu láta hlera voru t.d. fyrrverandi samstarfsaðilar í ríkisstjórn, sósíalistarnir Áki Jakobsson og Brynjólfur Bjarnason. Á sjöunda áratugnum sættu svo stjórnarandstöðuleiðtogarnir Hannibal Valdimarsson og Lúðvík Jósepsson hlerunum af hálfu stjórnvalda en þeir sátu saman í ríkisstjórn árin 1956-1958 og svo aftur 1971-1973. Engar heimildir eru um að pólitískar hleranir af hálfu stjórnvalda hafi verið stundaðar þegar nokkur þessara manna sat í ríkisstjórn og bendir raunar til að þeim hafi verið öllu betur treystandi fyrir fjöreggi lýðræðisins en sumum öðrum ráðamönnum. Raunar virðist aðild Sósíalistaflokks, og síðar Alþýðubandalags, að ríkisstjórn hafa verið besta tryggingin gegn pólitískum símahlerunum og er það umhugsunarefni. Af verkunum á að meta menn og þeir sem telja sig þurfa að beita pólitísku ofbeldi til að verja lýðræðið eru síst af öllum færir til þess að sinna því hlutverki.

Það er ekkert nýmæli að pólitískar deilur séu um sögutúlkun og að þær snúist iðulega um að verja „sína menn" – hvað sem tautar og raular. Það er raunar líka varhugavert að persónugera pólitískar hleranir og ofmeta þátt einstakra manna, t.d. Bjarna Benediktssonar, þegar greinilegt er að allt dómskerfið brást þeirri grundvallarskyldu að láta mannréttindi einstaklinga vega þyngra en hagsmuni pólitískra ráðamanna. Það er hins vegar áhyggjuefni þegar í ljós kemur að ríkisstjórn Íslands er ekki tilbúin til að fordæma pólitískar hleranir og þá misnotkun á dómstólum sem finna má í skjölum frá árunum 1949-1968. Hér er nefnilega um grundvallarmál að ræða og fordæmisgildið augljóst. Ráðherrar sem sjá ekkert athugavert við grófa misnotkun á íslensku dómskerfi í fortíðinni eru ekki líklegir til að standa vörð um mannréttindi íslenskra borgara í framtíðinni.

## Hvalveiðar

**UMRÆÐAN**

Hvalveiðar



JÓN GUNNARSSON

Stór áfangi náðist í hvalveiðimálinu nú þegar íslensk og norsk fyrirtæki hófu útflutning hvalaafurða til Japans. Því sem andstæðingar hvalveiða hafa helst fundið þeim til foráttu hefur verið rutt úr vegi. Þetta hefur vissulega tekið eitthvað lengri tíma en vonast var til, en vanda skal það sem lengi á að standa. Önnur rök andstæðinga hvalveiða, eins og að afurðirnar séu óhæfar til manneldis og eyðileggingaráhrif á aðrar atvinnugreinar, hafa reynst vera orðin tóm.

Í ljósi þess árangurs sem náðst hefur er íslenskum stjórnvöldum einboðið að gefa út kvóta á langreyðum og hrefnu. Vel rökstudd ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar segir óhætt að veiða hér 150-200 langreyðar af áætluðum 25.000 dýra stofni við landið og 400 hrefnur af rúmlega 40.000 dýra stofni. Norðmenn hafa gefið út kvóta fyrir 1.052 hrefnum í ár. Í kjölfarið á þeim áfanga sem nú náðist munu norskir hvalfangarar auka áherslu á útflutning hvalaafurða til Japans.

Það eru ríkir hagsmunir þjóðarinnar að hér verði stundaðar ábyrgar hvalveiðar með sama hætti og gert var hér áratugum saman. Vísindamenn okkar á sviði sjávarútvegs eru með þeim virtustu á þeim vettvangi. Niðurstaða þeirra er að vöxtur hvalastofna hafi veruleg áhrif á okkar helstu nytjastofna. Bráðabirgðaniðurstöður úr vísindaveiðum undanfarinna ára sýna að þorskur er mun hærra hlutfall af fæðu hrefnu og hún er að éta mun stærri fisk en áður var talið. Tjónið nemur milljörðum króna árlega. Verðmæti hvalaafurða mun einnig nema milljörðum þegar veiðar og vinnsla verða komin í eðlilegt horf.

Við þurfum að auka rannsóknir okkar á öðrum hvalategundum og þá sérstaklega hnúfubak sem fjölgað hefur gríðarlega á undanförnum árum. Loðnusjómenn þekkja þær breytingar manna best en fyrir liggur að loðna er stór þáttur í fæðuvali hnúfubaks.

Alþingi ályktaði 1999 um hvalveiðar með mjög afgerandi hætti. Það eru þau skilaboð sem stjórnvöldum ber að virða. Afgerandi meirihluti þjóðarinnar er fylgjandi hvalveiðum og rík samstaða er meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þarf eitthvað að vera að velta þessu fyrir sér lengur?

*Höfundur er alþingismaður.*

Fiskisaga

GALLERÝ KJÖT

## ...TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ GERA SÉR GLAÐAN DAG!







**HÖFUÐB.SVÆÐINU:** GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI
HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI
HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

**Á AKRANESI:**
ÆGISBRAUT 29

**Í REYKJANESBÆ:**
VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

**Opnunartími Fiskisögu er 10:00 – 18:30 (virka daga)**
**Opið laugardaga 11:00 – 17:00 á Höfðabakka, Búðakór, Dalvegi, Tjarnarvöllum Grensásvegi og Háaleitisbraut.**



*Elskulegur bróðir okkar,*

**Halldór Gestsson**

frá Syðra-Seli, Vesturbrún 2, Flúðum,

er lést á Landspítalanum Fossvogi, 28. maí sl. verður jarðsunginn frá Hrunakirkju, laugardaginn 7. júní kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Ólafur Sigurgeirsson**
**Guðrún Gestsdóttir**
**Ásgeir Gestsson**
**Marta Gestsdóttir**
**Skúli Gestsson**

---



*Maðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Þórðarson,**

tannlæknir.

Lést á líknardeild LSH 31. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 6. júní kl. 13.00.

**Kristín S. Karlsdóttir**
**Guðrún Hrund Sigurðardóttir** **Hörður Harðarson**
**Arnar Þór Sigurðsson** **Guðrún Dögg Jóhannsdóttir**
**Andri Vilhjálmur Sigurðsson** **Auður Ýrr Þorláksdóttir**
**Gunnar Már Sigurðsson**
**Guðrún Anna Pálsdóttir** **Gunnar Halldór Sigurjónsson**
**og barnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður míns, tengdaföður, afa okkar og langafa,*

**Jóns Rósants Þorsteinssonar,**

sem lést föstudaginn 23. maí á Grund.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild V2 á Grund, einkum Helgu Hermannsdóttur, fyrir frábæra alúð og umhyggju.

**Benedikt Jónsson** **Guðný Árnadóttir**
**Guðjón Benediktsson**
**Ingibjörg Benediktsdóttir**
**Sigríður Elísabet Benediktsdóttir** **Hrafn Helgason**
**og langafabörn**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ásthildur Jónsdóttir**

frá Sviðholti, Bessastaðahreppi,
Vogatungu 31, Kópavogi,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ fimmtudaginn 29. maí, verður jarðsungin frá Garðakirkju í Garðaholti föstudaginn 6. júní kl. 15.00.

**Geir Guðjónsson**
**Guðrún Ólína Geirsdóttir** **Sigmundur Jónsson**
**Jón Ingvi Geirsson** **Silja Stefánsdóttir**
**Eyþór Sigmundsson**
**Hjalti Sigmundsson.**

---



*Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Jónas Halldór Geirsson**

vélstjóri, Rekagranda 1, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Neskirkju miðvikudaginn 4. júní kl. 13.00

**Jón K.F. Geirsson** **Sigrún Hjartardóttir**
**Margrét Geirsdóttir** **Gísli Guðmundsson**
**Nína S. Geirsdóttir** **Orville J. Pennant**
**og systkinabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tendgamóðir, amma og langamma,*

**Guðfinna Jónsdóttir**

frá Völlum, Garði, nú Vesturbergi 191 Reykjavík,

er látin. Jarðarförin auglýst síðar.

**Marta Guðmundsdóttir** **Kjartan K. Steinbach**
**Ingibjörg J. Guðmundsdóttir** **Ólafur Örn Ingólfsson**
**Jón Guðmundsson** **Kolbrún Baldursdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Unnar Ingi Magnússon**
**Þorleifur St. Guðmundsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Gunnlaugsdóttir**

hjúkrunarkona,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 4. júní kl. 13.00.

**Gunnlaugur Örn Þórhallsson** **Justina Tri Ismunari**
**Sigurjóna Þórhallsdóttir** **Karl Ottesen**
**Þóra Þórhallsdóttir** **Halldór Konráðsson**
**Þorsteinn Þórhallsson** **Sigrún Eiríksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Guðni Jónsson**

fv. lyfsali, Flókagötu 33, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu aðfaranótt fimmtudagsins 29. maí, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 6. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er vinsamlegast bent á Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK) í síma 533 4900.

**Fjóla Guðleifsdóttir**
**Leifur Sigurðsson** **Katsuko Sigurðsson**
**Anna Sigurðardóttir**
**Hannes Leifsson**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Höskuldur Rafn Kárason**

Vallargötu 14, Vestamannaeyjum,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 31. maí. Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 7. júní kl. 14.00.

**Sigurleif Guðfinnsdóttir**
**Kári Höskuldsson** **Guðný Bjarnadóttir**
**Ármann Höskuldsson** **Bjarnheiður Hauksdóttir**
**Jónas Höskuldsson**
**Guðrún Sonja Kristinsdóttir** **Baldur Benónýsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristinn P. Michelsen**

Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

andaðist á deild K1 á Landakotsspítala fimmtudaginn 29. maí.

**Margrét Þorgeirsdóttir**
**Karl G. Kristinsson** **Jóhanna Sigurjónsdóttir**
**Kristín B.K. Michelsen** **Magnús Sigurðsson**
**Sólveig H. Kristinsdóttir** **Björn St. Bergmann**
**Anna Karen Kristinsdóttir** **Gestur Helgason**
**afa og langafabörn.**

---

**KELLY JONES TÓNLISTARMAÐUR ER 34 ÁRA.**

*„Fjölmiðlaathygli kemur og fer. Það á við hvort heldur David Bowie, Neil Young eða U2.“*

***Jones, sem er frá Wales, er lagasmiður hljómsveitarinnar Stereophonics ásamt því að vera söngvari hennar og gítarleikari. Hljómsveitinni skaut upp á stjörnuhimininn árið 1996 en Jones er þekktur fyrir harla kaldhæðnislegt viðhorf sitt til frægðar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**UMKRINGDUR AFMÆLISGESTUM** Þorsteinn Sæberg, skólastjóri Árbæjarskóla, á afmælishátíð skólans um helgina þar sem nýr skólasöngur eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson, fyrrverandi nemanda skólans, var frumfluttur.

ÁRBÆJARSKÓLI: 40 ÁR FRÁ STOFNUN

## Yndisleg börn

Árbæjarskóli hefur á því starfsári sem nú er að líða fagnað fjörutíu ára afmæli skólans með fjölbreyttum hætti. Nemendur hafa sett sterkan svip á hátíðarhöldin sem náðu hámarki með afmælishátíð um síðustu helgi þar sem börnin skreyttu skólann sinn hátt og lágt með listaverkum sem munu lifa um ókomna tíð.

Kennsla hófst í núverandi skólahúsnæði haustið 1967 en áður höfðu verið starfrækt útibú frá reykvískum skólum í hverfinu. Í dag er skólinn, sem er einsetinn, fjölmennasti grunnskóli landsins með rúmlega 800 nemendum. Á mótunarárunum hafði skólinn orð á sér fyrir að hýsa uppreisnargjarna unglinga en Þorsteinn Sæberg, sem hefur verið skólastjóri síðustu sextán ár, segir að nú sé allt með besta móti og lítið um vandamál þrátt fyrir fjölda nemenda.

„Ég er ekki Árbæingur sjálfur og það sem mér finnst einstakt við hverfið og skólann er sá þorpsandi sem hér ríkir. Hér þekkjast flestir og það er yndislegt mannlíf og börn í skólanum og í kringum hann.“

Þorsteinn segir nemendur og starfsfólk skólans hafa glaðst allt skólaárið í tilefni afmælisins. „Í haust sendum við út fyrirspurn til nemenda í 1.-4. bekk og spurðum hvað þeim fyndist tilheyra afmælishaldi. Börnin komu með ýmsar skemmtilegar hugmyndir sem við höfum verið að reyna að framkvæma allt skólaárið,“ segir Þorsteinn og tekur dæmi: „Við héldum til dæmis afmælisveislu, buðum upp á súkkulaðiköku og fengum trúð því það fannst mörgum eiga við. Þá hafa börnin á undanförnum vikum skreytt skólann hátt og lágt og var markmiðið að skapa varanleg verk sem munu fá að lifa. Til dæmis fengu listamenn úr hópi skólans að mála veggi,“ segir Þorsteinn og heldur áfram: „Það var saminn skólasöngur en slíkan söng hefur skólinn ekki átt fram að þessu. Það var Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, fyrrverandi nemandi skólans, sem samdi lagið en textann gerði Sóley Ragnarsdóttir, kennari við skólann.“

Lagið heitir Skólasöngur Árbæjarskóla og fjallar um skólann, hverfið og minningu þeirra sem hafa gengið í hann. Það var hljóðritað með skólakór, skólahljómsveit og einsöngvurum og frumflutt á afmælishátíð skólans um síðustu helgi.

Þorsteinn lítur björtum augum til framtíðar og segir góðan anda ríkja í skólanum. „Stærðin veitir honum töluverða sérstöðu og hér er að minnsta kosti tvennt af öllu. Til dæmis eru fjórir list- og verkefnakennarar og margir fagkennarar í hverri grein. Fagkennararnir vinna mikið saman og því er enginn einn ef svo má segja,“ útskýrir Þorsteinn.

Hann segir markmiðið að gera skólann að þeim besta á landinu. „Við ræðum þetta markmið opinskátt innan veggja skólans og vonandi kemur það börnunum vel,“ segir Þorsteinn glaður í bragði.

vera@frettabladid.is

**YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT**
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
**YOGA YOGA YOGA**



Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Ný sending af Anssems kerrum - Stærð 405 x 178 cm - 3 tonna




Kerrurnar eru til sýnis hjá:
Mex - byggingavörum
Lynghálsi 3 - Árbæjarhverfi
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Fasteignablaðið
512 5469
694 4103



Ruth Bergs
ruth@365.is

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga




Jón Viðar og félagar hans tjölduðu í snjóskafli til tveggja nátta og gengu á fjöll á skíðum. MYND/GUNNLAUGUR BÚI ÓLAFSSON

# Gengið á fjöll á skíðum

***Jón Viðar Baldursson tæknifræðingur er mikill útivistarmaður og vílar ekki fyrir sér að ganga upp fjöll á skíðum.***

Jón Viðar gekk við fjórða mann á fjöll um hvítasunnuhelgina á svokölluðum fjallaskíðum. Félagarnir lögðu af stað frá bílastæðinu við Kaldbak í Eyjafirði. „Við lögðum af stað á föstudagskvöldi og gengum inn á Trölladal og tjölduðum í snjóskafli klukkan þrjú um nóttina,“ segir Viðar. „Við gistum tvær nætur og gengum upp öll fjöllin þarna í kring og renndum okkur niður.“

Undir fjallaskíðin er límt svokallað skinn þannig að hægt er að ganga upp snarbrattar brekkur. Á toppnum eru skinnin tekin undan, hælarnir festir niður og þá eru skíðin orðin að svigskíðum. „Ég held að það sé auðveldara að labba á fjöll á svona skíðum heldur en í gönguskóm á sumrin því snjórinn sléttar allt út. Svo er auðvitað bónus að þurfa ekki að labba niður aftur,“ segir Jón Viðar hlæjandi og er ánægður með ferðina. „Þetta var frábær ferð en á laugardeginum átti ég afmæli og þeir komu með köku handa mér strákarnir. Færið var gott en blindað og frekar andstyggilegt að renna sér niður fjallið án þess að sjá hvað var fram undan. Á sunnudag var veðrið eiginlega orðið of gott svo snjórinn varð blautur og allt stóð fast þegar átti að renna sér niður, en þetta var ótrúlega skemmtilegt. Ég prófaði fyrst í fyrra að fara svona utan brautar norður í Hlíðarfjalli og það var mjög skemmtilegt. Tilfinningin að skíða í púðri er alveg ótrúleg, manni finnst eins og þetta hljóti að vera svipað og að fljúga.“



Félagarnir á göngu upp brattann, Jón Viðar í miðið.

Viðar er mikill útivistarmaður en hann gekk á Kilimanjaro í vetur og var á leiðinni á kajak þegar hann ræddi við blaðamann. „Þetta er bara svo gaman og skemmtilegt fólk í þessu. Ég held þessu áfram meðan ég get.“

*heida@frettabladid.is*




**Tölvur** eru stór hluti af tilveru okkar og flestir nota þær daglega. Tölvunám er hagstætt því í tölvunum leynast óteljandi möguleikar og fáir kunna á þá alla.



:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

## Innritun fyrir haustönn 2008

Innritun fyrir haustönn 2008 stendur nú yfir. Umsóknarfrestur er til 11. júní. Rafræn innritun fer í gegnum www.menntagatt.is. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is.

**Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:**
- bóknámsbrautir til stúdentsprófs:
- félagsfræðibraut,
- málabraut,
- náttúrufræðibraut,
- viðskipta- og hagfræðibraut,

**brautir Heilbrigðisskólans:**
- heilbrigðisritarabraut,
- heilsunuddarabraut,
- lyfjatæknabraut,
- læknaritarabraut,
- sjúkraliðabraut,
- brúarnám á sjúkraliðabraut og
- tanntæknabraut,
- **viðbótarnám til stúdentsprófs**
- almenn námsbraut.



Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans, www.fa.is. Þar er einnig kynning á skólastarfinu, myndir úr félagslífi o.fl.

Skólinn býður upp á fjarnám allt árið.

**Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.**

***Skólameistari***

# Heilbrigðisfögin heilluðu

***Rakel Sigurjónsdóttir er nýútskrifaður tanntæknir frá heilbrigðisbraut Fjölbrautaskólans í Ármúla.***



Rakel Sigurjónsdóttir er nýútskrifaður tanntæknir og stefnir nú á stúdentspróf í fjarnámi samhliða starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Tanntækninámið er tvö og hálft ár ef maður fer beint eftir grunnskóla og gefur réttindi til að starfa sem tanntæknir. Námið skiptist í eitt og hálft ár bóklegt og síðan er heill vetur í verklegu námi í samstarfi við tannlæknadeild Háskóla Íslands, auk þess sem einhverjir bóklegir áfangar eru teknir með. Síðan er hægt að taka starfsmenntastúdent sem jafngildir stúdentsprófi við inngöngu í ákveðnar deildir í háskóla," segir Rakel Sigurjónsdóttir, nýútskrifaður tanntæknir frá heilbrigðisdeild Fjölbrautaskólans í Ármúla, og bætir við: „Áður fyrr var talað um tanntækna sem klínkur, en í dag er komið aðeins virðulegra heiti."

Rakel segir að upphaflega hafi tanntæknirinn ekki endilega verið eini kosturinn, heldur meira tilviljun sem réði vali. „Ég hafði ákveðinn áhuga á heilbrigðisfögum og byrjaði á sjúkraliðabraut í Ármúla. Síðan rambaði ég bara eiginlega inn í þetta nám fyrir tilviljun."

Fjölbraut í Ármúla er eini skólinn þar sem tanntæknin er kennd á Íslandi og hefur verið síðan 1992. „Upphaflega var boðið upp á námskeið fyrir klínkur sem höfðu starfað við þetta lengi. Síðan hefur þetta orðið æ meira nám og það hefur mikla kosti að hafa menntun að baki," útskýrir Rakel og nefnir þar hærri laun og möguleika á betri stöðu. Einnig er þó nokkuð um að tanntæknar fari í framhaldsnám í tannlækningum að sögn Rakelar.

Frá upphafi hafa stundað námið um sex til tólf manns á ári og enn sem komið er bara konur að sögn Rakelar, sem bætir við að konur séu einnig í meirihluta í tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Rakel er byrjuð að starfa sem tanntæknir en samhliða því er hún að klára stúdentspróf í fjarnámi. „Síðan kemur bara í ljós hvert framhaldið verður," segir hún.

*rh@frettabladid.is*

# Fjölbreytt námsgögn á netinu

***Skólavefurinn.is er gagnabanki og afþreyingartæki sem margir kennarar, nemendur og foreldrar þekkja og allir geta notfært sér.***

Á síðunni www.skolavefurinn.is er að finna þúsundir námsþátta í fjölmörgum fögum, upplestur, gagnvirkar æfingar, myndbönd og margt fleira. Yngstu börnin geta hlustað á barnasögur, unglingar sótt þjálfunarnámskeið til að búa sig undir samræmd próf, fullorðnir æft sig í enskunni, fólk af erlendum uppruna hlustað og lesið samtímis og þeir elstu hlýtt á skáldsögur.



Kennarar og nemendur sækja sér gjarnan námsefni inn á Skólavefinn.

Af nýjungum á Skólavefnum má nefna átatíu stærðfræðiskýringar og málfræðiskýringar í íslensku á helstu hugtökum málfræðinnar. Einnig prentsmiðju skólavefsins sem er í raun vörulisti yfir bækur og hljóðdiska og lestrarbókina er hefur að geyma sérvalda, lesna texta sem tengjast sögu, samfélagsfræði og almennum fróðleik og eru hugsaðir sem þjálfun í lesskilningi.

*- gun*

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






## Ágæti verðandi framhaldsskólanemi!

Nú er komið að því að velja framhaldsskóla. Ef þú ert góður námsmaður þarft þú að spyrja þig nokkurra spurninga:

1. *Vil ég fara í lítinn persónulegan skóla með líflegu félagslífi?*
2. *Vil ég fara í skóla með bekkjarkerfi þar sem auðvelt er að mynda vinatengsl?*
3. *Vil ég fara í skóla sem hefur það að aðalmarkmiði að búa nemendur undir nám í háskóla?*
4. *Vil ég fara í skóla þar sem ég vinn „heimavinnuna" í skólanum?*
5. *Vil ég frekar útskrifast sem stúdent laugardaginn 5. júlí 2010 en laugardaginn 22. maí 2012?*

Svarir þú þessum spurningum játandi átt þú erindi í Menntaskólann Hraðbraut!

Skráningarfrestur er til 11. júní 2008.

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT | TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041
Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is



Birna og Hulda voru sáttar við útkomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Allir hafa einhverja kosti

*Fjöldi verðandi grunnskólakennara útskrifast frá Kennaraháskólanum í júní. Nemendur á lokaári skólans hafa skrifað lokaritgerðir sínar af krafti síðustu mánuði og mörg forvitnileg verkefni hafa litið dagsins ljós.*

Meðal þeirra sem útskrifast frá kennaraháskólanum í sumar eru Birna Hjaltadóttir og Hulda Signý Gylfadóttir, sem gerðu myndskreytta barnabók. „Við ákváðum að gera sögu sem væri engu öðru lík. Bókin fjallar um einstaklinga sem hafa ólíka eiginleika og ef þeir sameina krafta sína geta þeir leyst saman ýmis verkefni,“ útskýrir Hulda Signý.

Bókin hefur það markmið að efla félagsþroska og samskiptahæfni hjá börnum og opna augu þeirra fyrir því að allir hafi yfir kostum að búa. Bókin er hugsuð fyrir yngstu stig grunnskólanna og sem kennsluefni í lífsleikni í gegnum leiklist.



Barnabókin ásamt kennsluhandbókinni.

„Bókinni fylgir þrjátíu blaðsíðna kennsluhandbók þar sem sýndar eru margar leiðir til þess að kenna innihald bókarinnar. Við teljum að bókin sé mjög góð til þess að efla samskipti og félagsþroska og sporna við einelti og öðrum vandamálum sem koma upp í skólum,“ segir Birna.

Draumur þeirra er að gefa bókina út einn daginn enda hentar hún afar vel til kennslu og öll börn geta lært af innihaldi hennar.

*mikael@frettabladid.is*


Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið



Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

Í samstarfi við:

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri



Ljósmynd: Agnes Grétdal

## Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun

**Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun býr nemendur undir að takast á við eitt af mest knýjandi viðfangsefnum framtíðarinnar, nýtingu og stjórnun auðlinda.**

**Kennsla fer fram á Ísafirði við Háskólasetur Vestfjarða en námsleiðin er í samstarfi við Háskólann á Akureyri.**

**Nánari upplýsingar: www.hsvest.is**

**Umsóknarfrestur: 5. júní 2008**



:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

SUMARFJARNÁM

Skráning á sumarönn fer fram

29. maí - 6. júní

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam





Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

**Tannburstann** þarf til að hreinsa allar tennur, ungar sem aldnar. Þótt litlu krílin vilji yfirleitt bursta tennurnar sjálf er mikilvægt að þeir fullorðnu hafi yfirumsjón með því verki og hjálpi til.


STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefjast 10. júní n.k.

BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

STAFGANGA ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.








Betri heilsa

Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi ?
svæðanudd gæti hjálpað þér

Ásta svæðanuddari
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367







# Frískar tær í góðum skóm

***Daglega er mikið álag á fótum okkar. Þeir bera þyngd og ganga óteljandi skref til að koma okkur á milli staða.***



Jónína er bæði fótaaðgerðarfræðingur og snyrtifræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikilvægt er að hugsa vel um fæturna. Fótkvilla á borð við inngrónar táneglur, sigg og líkþorn er hægt að koma í veg fyrir með góðri umhirðu og vönduðum skófatnaði.

Jónína Hallgrímsdóttir fótaaðgerðar- og snyrtifræðingur segir að aðalvandamál fólks sé að það klippi táneglurnar vitlaust. „Ef klippt er of langt niður verða naglendarnir oft hvassir eða naglflís verður eftir. Það getur orsakað mikið vandamál sem leiðir stundum til inngróinna tánagla. Sýkingarhættan er mikil ef rof verður á húðinni í kringum neglur. Þess vegna er mikilvægt að klippa nöglina ekki of langt niður og þjala svo endana svo þeir stingist ekki inn í húðina,“ útskýrir Jónína.

Réttur skófatnaður er einnig mikilvægur fótheilsunni. Jónína bendir á að skór í dag séu ekki gerðir fyrir fæturna heldur sé útlit þeirra látið ganga fyrir. „Fæturnir eru yfirleitt breiðari en flestir skór sem framleiddir eru. Konur eiga það sérstaklega á hættu að hreinlega eyðileggja á sér fæturna þegar þær ganga mikið í támjóum og háhæluðum skóm. Beinin afmyndast, sem getur valdið verulegum vandamálum seinna meir. Ég sé mikið af illa förnum fótum vegna lélegs skófatnaðar. Sumar þeirra kvenna sem koma til mín geta varla gengið,“ segir Jónína, en hún rekur snyrtistofuna Jónu á Tryggvagötu 28 og í Hamraborg 10.

Að sögn Jónínu eru karlmenn ekki undanskildir tískusveiflum í skófatnaði. Það færist í aukana að karlmenn gangi í támjóum skóm og það hefur sömuleiðis neikvæð áhrif á fætur þeirra.

Sigg undir tábergi kemur aðallega ef gengið er mikið í háum hælum. „Hælbeinið er sterkasta bein fótarins. Eðlilega liggja um áttatíu prósent af þyngd líkamans á hælnum og um tuttugu prósent dreifast á tábergið. Þegar konur ganga á háum hælum færast þessi áttatíu prósent yfir á tábergið. Siggið sem myndast er eins konar varnarhjúpur því tábergið er ekki gert fyrir svona mikið álag. Ef siggið er mikið þrýstist það inn í holdið og getur myndað líkþorn. Oft þrýsta líkþorn á taugar og það getur valdið miklum sársauka,“ útskýrir Jónína.

Að sögn hennar gerir fólk sér oft ekki grein fyrir því að hægt er að laga mikið af þeim meinum sem hrjá fæturna. „Þeir sem hafa komið til okkar í fótaðgerð reyna yfirleitt að koma reglulega því þeir finna svo mikinn mun á fótum sínum,“ segir Jónína.

*klara@frettabladid.is*











ÞÓR HF | Reykjavík: Ármúla 11 | Sími 568-1500 | Akureyri: Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

# verktakar

ÞRIÐJUDAGUR 3. JÚNÍ 2008



## Umsvif hjá Ístaki

**Reisir virkjun á Vestur-Grænlandi.**

BLS. 6




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



„Allir vegir færir“

*„Glanni ehf. sér um vöruflutninga á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og þurfum við að geta treyst á að ökutæki okkar séu í fullkomnu lagi. Þegar við höfum þurft að kaupa nýja bíla hefur verið gott að leita til ráðgjafa Lýsingar sem hafa greitt leið okkar og leiðbeint okkur við fjármögnun. Með hjálp starfsfólks Lýsingar eru okkur allir vegir færir.“*

**Agnar Þór Sigurðsson og Bjarni Kristján Gunnarsson, Glanni ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

**LYSING.IS // 540 1500**

# Reisa 500 nýjar íbúðir

Hafnar eru framkvæmdir við svokallað Grænuborgarhverfi í Vogum á Vatnsleysuströnd. Stefnt er að því að reisa þar 500 íbúðir, sem þýðir að að verki loknu hefur íbúðarbyggð í Vogum verið tvöfölduð.

Verktakafyrirtækið Nesbyggð sér um framkvæmdir og var fyrsta skóflustungan tekin síðastliðinn föstudag. „Við ætlum að vinna í gatnagerð í sumar og byrjum svo að byggja húsin í haust,“ segir Páll Harðarson, framkvæmdastjóri Nesbyggðar. Hverfið verður byggt í tveimur áföngum og í hinum fyrri rísa 250 íbúðir. Þar af eru fimmtíu einbýlishús og sjötíu íbúðir í rað- og parhúsum.

Páll segir að þrátt fyrir svartsýni á byggingamarkaði sé mikill áhugi á lóðunum. „Við erum fullir bjartsýni. Þarna eru til að mynda mjög flottar sjávarlóðir og margir sem búa nú þegar í Vogunum hafa sýnt þeim áhuga,“ segir Páll en bætir því við að seglum verði hagað eftir vindi og því hafi ekkert verið ákvarðað um framkvæmdatímann.

Nánari upplýsingar um framkvæmdirnar og lóðirnar má nálgast á heimasíðu Nesbyggðar: www.nesbyggð.is. *-þo*



Fyrsta skóflustungan að nýja hverfinu var tekin síðastliðinn föstudag. MYND/HILMAR BRAGI



Hönnunarvinnu er ekki að fullu lokið en einhvern veginn svona mun Grænuborgarhverfið líta út.

# Réttindi og kjör

Verktakasamningar eru að verða æ algengara vinnuform og þá er nauðsynlegt að huga að réttindum.

Það er að mörgu að huga þegar menn ákveða að gerast verktakar. Þó vissulega sé heillandi að vera sjálfs síns herra og gera tímabundna samninga þá eru önnur atriði sem gæta þarf að. Verktakar njóta ekki þeirrar verndar sem lög og kjarasamningar tryggja launafólki þannig að verktakar njóta ekki sömu kjara og almennir starfsmenn. Þeir fá ekki laun þegar þeir fara í sumarfrí og þeir fá ekki greiðslur þegar þeir veikjast eða slasast. Vanalega greiða atvinnurekendur tryggingar, opinber gjöld og í lífeyrissjóð en verktakar þurfa að greiða þessa hluti sjálfir. Laun verktaka þurfa því að vera um fjörutíu til sjötíu prósent hærri en almenns launafólks til þess að verktaki hafi sambærileg réttindi og laun.



Verktakar njóta ekki sömu kjara og almennir starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Að vinna sem verktaki er í raun eins og að reka eigið fyrirtæki og þá gilda aðrar reglur um greiðslu skatta af tekjum. Verktakar bera fulla ábyrgð á vinnu- og slysatryggingum, lífeyrissjóðsgreiðslum, greiðslum til stéttarfélaga sem og ábyrgð á öllum greiðslum til ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að telja fram tekjur því annars getur fólk lent í vandræðum og því borgar sig að hafa öll gögn á takteinum og vel skipulögð. *-hs*



Verktakar þurfa að gæta vel að réttindum sínum og vera vissir um að þeir fái sanngjörn laun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Pálmi Pálsson, eigandi Pálmatrés, segir starfsmenn fyrirtækisins taka sér ýmislegt fyrir hendur til að rífa upp stemninguna og nefnir allt frá kökubakstri upp í jeppaferðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Brugðið á leik í vinnunni

**Hjá byggingaverktakanum Pálmatré vinna hressir menn sem leggja áherslu á að gera sér glaðan dag samhliða erfiðisvinnu.**

„Byggingavinna tekur í og getur verið hunderfið þegar allra veðra er von. Þess vegna leggjum við ríka áherslu á að skemmta okkur jafnt í vinnunni sem utan hennar og tökum upp á ýmsu,“ segir Pálmi Pálsson, eigandi Pálmatrés. Hann er trésmiður að mennt og þannig er nafnið á fyrirtækinu til komið.

Starfsmenn fyrirtækisins, sem eru að jafnaði um fimmtán talsins, halda í sameiningu úti athyglisverði bloggsíðu á slóðinni www.besefi.blog.is/blog/besefi/. Þeir hafa allir aðgang að síðunni og setja inn myndir og annað efni að vild.

„Við förum árlega í jeppaferðir á fjöll, höfum ferðast innanlands sem utan og verið með alls kyns uppákomur,“ segir Pálmi. Uppátækin eru jafnt mjúk sem karlmannleg og í vetur hafa starfsmenn tekið þátt í léttum leik á föstudögum. „Þetta er eins konar útdráttur og sá sem tapar þarf að koma með köku í vinnuna,“ útskýrir Pálmi.

Á heimasíðu starfsmannanna má sjá úrval mynda úr ferðum og kökubakstri svo eitthvað sé nefnt ásamt líflegum vinnustaðarmyndum. Af þeim að dæma virðast menn óhræddir við að bregða á leik til að létta sér lífið.

Fyrirtækið er nú að leggja lokahönd á fjölbýlishús í Gerplustræti í Helgafellslandi. „Upphaflega vorum við að mestu á útboðamarkaði en fórum af meiri krafti inn í íbúðaframleiðslu fyrir fjórum árum,“ segir Pálmi en fyrirtækið hefur verið starfrækt frá árinu 2000.

Í Gerplustræti verða 24 fullbúnar íbúðir tilbúnar til afhendingar í haust en ráðgert er að hefjast þá handa við að reisa sams konar hús á nærliggjandi lóð. Pálmi á ekki von á því að áformin breytist þrátt fyrir samdrátt á fasteignamarkaði og segir engan bilbug að finna á sínum mönnum. *-ve*



Þjarmað að járnabindingamanni.



Smiðirnir Stefán Garðarsson, Jónas Viðar Sigurðsson, Jón Ólafur Ármannsson og Sirimal Hettiarachchige taka sér frí frá því að steypa upp bílakjallara við Gerplustræti í Helgafellslandi og slá á létta strengi.

# Hús sem standast skjálfta

Modulhús er nýtt fyrirtæki á einingahúsamarkaðnum og hefur á boðstólum vandaðar húseiningar frá Tomoku í Svíþjóð.

„Í Tomoku-verksmiðjunni fer fram gæðaframleiðsla með öflugu gæðaeftirliti á timbureiningum til húsasmíði. Einingarnar eru vottaðar eftir ströngu þolprófi hér á landi til dæmis hvað varðar jarðskjálfta,“ segir Guðmundur Helgason hjá Modulhúsum ehf. og bætir því við að einingahús frá Modul hafi staðið vel af sér jarðskjálftana á Suðurlandi í síðustu viku, sem séu mikil meðmæli.

Framleiðslan á einingunum er stöðluð og getur verksmiðjan framleitt allt að hundrað hús á mánuði.

Einingarnar henta afar vel í margs konar byggingar en þó helst til íbúðar- og sumarhúsa. Auðvelt er að setja einingarnar saman og engin þörf er á stórum vélum nema þá aðeins til þess að tæma gáminn sem flutti einingarnar. Modulhús sér um að teikna frumhugmyndir viðskiptavina þeim að kostnaðarlausu. Hvert og eitt hús tekur sex vikur í framleiðslu og þá tekur við flutningur hingað heim.

Því má segja að afhendingartíminn sé stuttur frá pöntun þar til einingarnar eru komnar til landsins. Áhugasamir geta farið inn á vefsíðuna www.modulhus.is eða hringt í síma 451-1112. *-mmr*



Uppsett fallegt einingahús.

# Flytjum allt milli himins og jarðar til og frá Snæfellsnesi

Nánari upplýsingar og verðtilboð sími 892 1817

Opnunartími skrifstofu: kl.8:30 til 12:00 og 13:00 til 16:00

Sími skrifstofu 430 8100. Fax 430 8101

**RAGNAR & ÁSGEIR EHF.**

STYKKISHÓLMI - GRUNDARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ




## KRAFTVÉLALEIGAN

**- ÚRVAL VINNUVÉLA TIL STÓRRA OG SMÁRRA VERKA**

Kraftvélaleigan býður úrval vinnuvéla til leigu fyrir allt frá húsgrunnum til virkjana og jarðganga.

**Leiga vinnuvéla:**

- er oft mun hagstæðari en kaup, bæði í smærri verk og stærri
- hefur marga kosti umfram kaup, t.d. lægri fjármagnskostnað og minni viðhaldskostnað

**Kraftvélaleigan býður úrval vinnuvéla til leigu:**

- Smágröfur
- Smáskóflur
- Beltagröfur
- Hjóla- og traktorsgröfur
- Liðstýrðir trukkar
- Skotbómulyftarar
- Beltavagnar
- Valtarar og fl.

Mögulegt er að leigja tækin en kaupa þau síðar og gengur þá hluti leiguverðs upp í kaupin.

**Vertu í sambandi við sölumann!**



**KRAFTVÉLALEIGAN**



Hinar nýju höfuðstöðvar Klæðningar eru 1.500 fermetrar að stærð.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Flytja í Hafnarfjörð

Fyrirtækið Klæðning ehf. er að flytja alla sína starfsemi að Íshellu 7 í Hafnarfirði. Nýja húsnæðið er 1.500 fermetrar að flatarmáli en þar er að finna skrifstofur fyrirtækisins, tækni- og viðhaldsdeild og þjónustumiðstöð fyrir viðskiptavini og verkkaupa.

„Ætli við séum ekki að auka rýmið um svona fjörutíu prósent en fyrirtækið hefur um nífaldast að stærð á síðustu fimm árum,“ segir Sigþór Ari Sigþórsson, framkvæmdastjóri. „Við erum fyrst og fremst að koma allri starfseminni fyrir á einum stað en við erum að flytja inn með dótturfyrirtæki Klæðningar, malbikunarfyrirtækinu Bergsteini ehf.“ segir Sigþór. - mþþ

# Steiningin endist í tugi ára

**Heilu hverfin í Reykjavík sem byggðust upp á fyrrihluta síðustu aldar eru steinuð. Í dag er steining aftur í tísku á nýbyggingar og verið að lagfæra gömlu húsin.**



Steining getur enst áratugum saman ef vandað er til verks en Múr og mál hafa endursteinað hús sem byggð voru 1930.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Elías Víðisson, byggingafræðingur hjá Múr og máli, steinaði húsið sitt sjálfur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta er vinsælt á nýbyggingar núna, og ákveðin tískubóla í dag eins og flötu þökin,“ útskýrir Elías Víðisson, byggingafræðingur hjá Múr og máli, en fyrirtækið sérhæfir sig í viðhaldi húsa. Við steiningu eru notuð ákveðin handtök sem starfsmenn Múrs og máls hafa sérhæft sig í. Mörg þeirra húsa sem fyritækið hefur tekið í gegn hafa hlotið fegrunarverðlaun Reykjavíkurborgar.

„Fyrirtækið hefur steinað hús í um fimmtán, tuttugu ár en gamall múrarameistari hjá okkur kenndi mönnum handtökin,“ útskýrir Elías. „Við byrjum á að háþrýstiþvo húsið og gerum við það sem þarf í múrnum. Svo er steiningarlími annaðhvort úðað á eða límið dregið á flötinn og sléttað. Steiningunni er svo sprautað á eða kastað. Við köstum henni á og viljum meina að þannig náist fallegri áferð. Þetta er vandasamt verk og vandasamt að passa að ekki komi skil þegar vinnupallar eru færðir niður um hæð. Stundum sér maður hálf köflótt hús þar sem sést hvernig pöllunum var raðað utan á húsið þegar það var steinað.“

Marmarasalli er notaður við steininguna og getur hann enst í marga áratugi. Elías segir steiningu ekki endilega dýra þegar horft er til endingartímans en Múr og mál hafa endursteinað hús sem byggð voru árið 1930.

„Endingartíminn getur verið tuttugu til fjörutíu ár og jafnvel lengri. Það sem er dýrt í viðhaldi á húsum er að koma sér á staðinn, setja upp vinnupalla og slíkt og því hvetjum við fólk oft til að taka sem mest í gegn í einu. En miðað við endingartíma steiningar þarf að mála hús jafnvel fimm til sex sinnum á móti einni steiningu. Þetta fer því eftir því í hvaða samhengi þetta er sett hvort fólki finnst þetta dýrt. Ef fólk er litaglatt eru auðvitað fleiri möguleikar í málningunni en þú skiptir ekki svo glatt um lit í steiningunni.“ - rat

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.
HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI
Fjórhjóladrifinn
Fjórhjólastýrður
Lyftigeta: 3.400 KG
Lyftihæð: 6.050 MM
Gafflar: 1.200 MM
Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager
MANITOU
PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is



Áætlað er að ljúka fyrsta áfanga skólans sumarið 2009.

# Nýjar leiðir í hönnun

Fyrsta skóflustungan að nýjum barnaskóla í Naustahverfi á Akureyri var tekin fyrir skömmu. Ákveðið var að bjóða framkvæmdina út í tveimur áföngum, hinum fyrri í mars 2008. Sex tilboð bárust í verkið og tókust samningar við SS Byggi ehf.

Í húsinu verða tvö af þremur heimasvæðum nemenda ásamt vistun og tónlistarkennslusvæði.

Fyrri áfanginn er um 2.300 m$^2$, að mestu leyti á tveimur hæðum, og yfirbyggður gangur að leikskóla.

Við hönnun eru farnar nýjar leiðir og stuðst við bandaríska aðferð þar sem skipulag skólastarfsins, hönnun byggingar og þátttaka grenndarsamfélags eru tengd saman. Þetta var gert í samstarfi við Tónlistarskólann, íþrótta- og tómstundadeild, ÍBA, Akureyrarkirkju, leikskóladeild, Amtsbókasafnið, Samtök atvinnulífsins, grunnskólakennara, foreldra og grunnskólabörn.



Við hönnun skólans voru farnar nýjar leiðir að bandarískri fyrirmynd. Þar er stuðst við tengsl skólastarfs, hönnunar og þátttöku grenndarsamfélagsins.

Helstu áherslur eru: Opinn skóli sem er miðstöð hverfisins, góð tengsl við umhverfið og íbúa, miðlægt fjölnotarými umkringt einingum og með góðu flæði, stjórnunarsvæði við aðalinngang, fjölbreytileiki í rýmismyndun, gott flæði milli inni- og útisvæða og tengsl við leikskólann.

Skólinn skiptist í þrjú heimasvæði, stjórnunarálmu, miðrými og íþróttasal. Yngsta stig og miðstig eiga sitt heimasvæði í norðurálmunni hvort á sinni hæð en unglingastigið verður í suðurálmunni. Þar eru einnig verkgreinastofur. Kennslueldhús er milli norðurálmu og íþróttahúss og tengist beint inn í miðrými. Í miðrýminu er matsalur, bókasafn og hátíðarsalur.

Stjórnunarálman er við aðalanddyri skólans og tónlistarkennsla við inngarð. Lóðin verður vel búin til leikja og útiveru og meðal annars inngarður, upphitaður gervigrasvöllur og þrautabraut fyrir reiðhjól.

Arkitektúr, hljóðvist, lóð og brunahönnun er í höndum VA arkitekta ehf. Áætlað er að ljúka fyrri áfanga eigi síðar en 1. ágúst 2009. Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður um tveir milljarðar. - rh


Vinnulyftur
- vélar í verkið þitt
Vinnulyftur ehf. • Smiðsbúð 12 • 210 Garðabæ
Sími: 544 8444 • Fax: 544 8440 • www.vinnulyftur.is


HEILDARLAUSNIR
Í DRIFSKÖFTUM
Landsins mesta úrval
af hjöruliðum og
drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000


Bílavarahlutir
TRAUSTAR
VÖRUR...
...sem þola álagið!
SACHS
Kúplingar- og höggdeyfar
FAG
TIMKEN
Kúlu- og rúllulegur
Hjólalegusett
optibelt
Viftu- og tímareimar
Hemlahlutir
Hjöru- og öxulliðir
Stýrisendar og spindilkúlur
LEMFÖRDER
Stofnað 1904
FÁLKINN
ÞEKKING REYNSLA ÞJÓNUSTA
Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Sími: 540 7000
Fax: 540 7001 • Netfang: falkinn@falkinn.is
- Það borgar sig að nota það besta
www.falkinn.is


Verktakar • Sumarhúsaeigendur • Bændur
Yuchai smágröfur og kerrur
Verðlækkun
um kr. 107.000
frá því á síðasta ári
* Y 18 - Verð nú kr. 1.590.000 + vsk
Y 15 - Verð nú kr. 1.300.000 + vsk
Yuchai smágröfur
Perkins – Kubota mótor
Breikkanlegur undirvagn
Bridgestone belti
Hraðtengi
Tiltskóflur
Stauraborar
Ódýrar galvaniseraðar
sliskjukerrur með
Flexitor fjöðrun
og bremsum
* Y 18 - Verð í fyrra kr. 1.697.000
* Verð miðast við vél með einni skóflu
YUCHAI
Til afgreiðslu strax
Gæði á góðu verði
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

# Virkjanir, vegagerð og guðshús

**Ístak er einn af stærstu verktökum Íslands með yfir þrjátíu verkefni í gangi af ólíkum toga og ýmsum stærðargráðum. Alltaf bætist við, nú síðast lokaframkvæmdir og frágangur á Kárahnjúkasvæðinu. Loftur Árnason framkvæmdastjóri var tekinn tali.**


**„Við fáum aðeins viðbrögð núna þegar við auglýsum eftir starfsfólki enda er greinilegur samdráttur í íbúðarbyggingum," segir Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**Virkjunin í Sisimiut í Vestur-Grænlandi er eitt stærsta verkefni Ístaks um þessar mundir. Það er í skilum árið 2010 en eftir það ætlar fyrirtækið að sjá um reksturinn í fimm ár.** MYND/ÍSTAK

„Við höfum mjög mikið að gera og það er ekki fyrirsjáanlegur samdráttur í veltunni hjá okkur, frekar öfugt," segir Loftur og nefnir mikið framboð verkefna fyrir opinbera aðila eins og Vegagerðina. Hann tekur fram að Ístak hafi haldið sig frá íbúðarbyggingum fyrir eigin reikning og verði því ekki eins fyrir barðinu á lánsfjárleysinu og ýmsir aðrir. „Þegar við höfum byggt íbúðir höfum við haft einhverja stærri viðskiptavini til að byggja fyrir," útskýrir hann. Meðal vegaverkefna Ístaks má nefna breikkun Reykjanesbrautar, færslu Nýbýlavegar og gatnamót við Leirvogstungu en hvar eru stærstu framkvæmdirnar um þessar mundir?

„Fyrst vil ég nefna virkjun við Sisimiut á Vestur-Grænlandi sem er sjö milljarða verk. Þar erum við með hönnun, línulagnir og allt og eigum svo að sjá um rekstur-inn í fimm ár eftir að byggingu er lokið. Við komum þarna að eyðifirði í fyrrasumar og byggðum upp þorp og þar hafa menn unnið í allan vetur í allt niður í fjörutíu gráðu frosti við mjög erfiðar aðstæður. Við þurftum að birgja okkur vel upp fyrir veturinn enda er enn ís yfir öllu.

Næststærsta verkefnið er Háskólinn í Reykjavík undir Öskjuhlíðinni og svo vorum við að fá stórt verk við Hraunaveitur fyrir norðan Vatnajökul. Auk þessa má nefna byggingarvöruverslunina Bauhaus við Úlfarsfell og stórt verslunarhús í Garðabæ sem nefnist Kauptún. Svo erum við með tvo áfanga í stöðvarhúsi Hellisheiðarvirkjunar og vorum að fá frágangsverkefni við að fegra landið á heiðinni. Við höfum verið með dælustöðvar fyrir Hafnfirðinga, erum að lengja flugvöllinn á Akureyri og ætlum að dýpka höfnina fyrir Siglfirðinga. Skólavörðustígurinn er sundurgrafinn eftir okkur núna og svo erum við með dælustöðvarverkefni á Akranesi og í Borgarnesi."

Það eru ekki bara frárennslisframkvæmdir, virkjanir og verslunarhallir sem Ístak hefur á sinni könnu heldur eru guðshús líka á verkefnalistanum, bæði nýbyggingar og endurbætur. „Við erum að gera við Hallgrímskirkju, steypan er ansi illa farin svo það er heilmikið verk. Svo erum við að byggja kirkju fyrir Kópavogsbúa í Lindahverfinu og höfum nýlokið viðgerðum á Hafnarfjarðarkirkju að innanverðu," lýsir Loftur.

Starfsmenn Ístaks eru um 750, rúmur helmingur þeirra erlendir og þar eru Pólverjar í miklum meirihluta, nema á Grænlandi þar sem Slóvakar eru fjölmennastir. Loftur býst við að þurfa að bæta við sig starfsmönnum á næstunni og telur að losna fari um íslenska vinnuaflið. „Við fáum aðeins viðbrögð núna þegar við auglýsum eftir starfsfólki enda er greinilegur samdráttur í íbúðabyggingum," segir hann og neitar því ekki að finna líka fyrir kreppunni á annan og neikvæðari hátt. Bæði hafi verið hætt við verk á samningsstigi og menn greiði ekki alveg eins fljótt og þeir voru vanir. „Lokun bankanna á lánsfé hefur mikil áhrif á allan rekstur, olíuverðshækkunin einnig og hin snögga gengisbreyting," segir Loftur. „Það er vissulega við erfiðleika að etja víða þannig að þótt ég sé brattur þá eru ýmis ljón í veginum." -gun


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA





**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*


Vinnustaðir - íþróttahús
Eigum fyrirliggjandi ódýra, læsanlega skápa fyrir föt eða persónulega muni.
Verðdæmi: 5 skápar í röð
kr. 63.316
MECALUX
STRAUMUR HRAÐBERG
Gjótuhraun 1, 220 Hafnarfjörður • Sími 544 5330
Fax 544 5355 • straumur@straumur.is


JARÐMÆLINGAR
OKKAR NÁKVÆMNI - ÞINN HAGUR
- Innmælingar
- Útsetningar
- Magnútreikningar
www.jardmaelingar.is


Gúmmíbelti undir allar vélar
LINSER
INDUSTRIE SERVISE
impex
EHF
Viðurkend vara - gott verð
Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is


Flytjum allar gerðir vinnuvéla
Fljót og góð þjónusta
KRÓKUR BÍLASTÖÐ
Suðurhraun 3 • 210 Garðarbær • Sími 522-4600


SANY VINNUVÉLAR
Komdu og kynntu þér beltagröfur og veghefla frá SANY. Einnig fleygar frá FRANK og skóflur smíðaðar hjá Vélsmiðju Guðmundar.
SANY
TILBÚNAR TIL AFGREIÐSLU!
Vélsmiðja Guðmundar // Íshellu 10 // Hafnarfjörður // Sími 564-1539 // www.sany.is



# Uppskrift að árangri



Þegar saman fara skýr stefnumið, gott starfsfólk og metnaður til að gera vel, aukast líkur á að tilætluðum árangri verði náð.

Þannig er árangur í rekstri ekki tilviljun, heldur afleiðing markvissra starfshátta. Norðurál hefur náð settum markmiðum með góðum vinnubrögðum og samvinnu starfsfólks sem lætur verkin tala.

Hjá Norðuráli á Grundartanga starfa nú á fimmta hundrað manns að fjölþættum verkefnum. Framundan eru spennandi tímar í uppbyggingu væntanlegs álvers í Helguvík þar sem enn mun bætast við valinn hóp vaskra starfsmanna.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

Til leigu stúdíóíbúð í hverfi 105. Laus frá með næstu helgi. 90.000 kr á mánuði. Áhugasamir sendið póst á leiga2008@visir.is eða hringið í 6906203 milli 18 og 21.

Herb. til leigu f. reglusama stúlku. Bý nálægt Kennó. Uppl. í s. 552 0952.

Góð 4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 695 1730.

2 samliggjandi herbergi á sv. 200 og hreinlætisaðstaða. Sérinng. V. 65 þús á mán. S. 893 3475.

Björt og rúmgoð 2 herb. íbúð til leigu í Vesturbænum nálægt Háskólanum. V. 120 þ. á mán. S. 554 6610.

## Húsnæði óskast

Hefur þú verið óheppin með leigjendur? Þá erum við rétta fólkið. Okkur bráðvantar litla íbúð á leigu á ca. 50 þ. á mán. Erum reglufólk án vín og tóbaks. Oft er betri lág leiga og betri leigjendur. Uppl. í s. 770 5488.

Óska eftir 2 herb. íbúð í kóp. eða nágrenni sem fyrst. S. 868 9807.

## Húsnæði til sölu



Til sölu eða leigu gott 164m2 einbýlishús á Seyðisfirði. Uppl. í síma 869 4892.

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. Nokkrar stærði; 85, 109, 167, 180, 400 og 1000 ferm. Hagstæð leiga. Uppl. 8224200 og 6601060

## Sumarbústaðir



**Gestahús til sölu**

Erum að byggja 25 fm heilsárshús tvö herb/ forst /bað, mjög vönduð og hentar vel íslenskum aðstæðum. Húsin er fullbúin að utan og tilbúin til afhendingar. Panilklædd að innan, með raflögnum en án gólfefna og baðinnréttingar. Hægt er að fá þau fullbúin sem tveggja herbergja eða eitt herbergi og eldhús allt eftir þörfum hvers og eins. Tilvalið fyrir þann sem vantar gistihús eða stækka sumarhúsið sitt. Er með hús til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði Uppl. í s. 820 0051.



**Hraunborgir**

96m2 sumarhús til sölu/skipti 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 gólfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717 Kristinn.



**Gestahús til sölu :**

Er að byggja stórglæsileg 25 fm gestahús, heilsárshús mjög vönduð og henta vel íslenskum aðstæðum. Hægt er að fá húsin á mismunandi byggingastigum. Tilvalið fyrir þá sem vilja stækka sumarhúsið sitt eða byrja á gestahúsinu. Er með hús til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði Upplýsingar í síma 820 0051.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir að ráða meiraorófsbílstjóra sem er vanur útkeyrslu í Rvk. S. 894 5476.

22

22 óskar eftir starfsfólki á bar og í sal. Umsókn með mynd sendist á pgr@simnet.is



Little Caesars Ögurhvarfi óskar eftir starfsfólki 18 ára og eldri í dag-kvöld og helgarvinnu. Umsóknir berist á hafsteinns@simnet.is eða í síma 580 0000.

**Veitingastaðurinn Domo**

**Óskar eftir duglegu og áhugasömu starfsfólki til þjónustu í sal í kvöld- og helgarvinnu. Óskum einnig eftir vönum barþjónum. Íslenskukunnátta æskileg. Upplýsingar gefur Magnús í síma 869 7846, 552 5588, eða á maggi@domo.is**

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**

**Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi. Endilega hafið samband í síma 8228835 eða www.nings.is**

**Atvinna**

**Deildarstjórar, kassastarfsmenn, lagermenn og almennir starfsmenn óskast til starfa í nýrri verslun okkar á Korputorgi við vesturlandsveg. Allar nánari upplýsingar gefur Eyþór í síma 820-8001. Netfang: eythor@rfl.is Rúmfatalagerinn Korputorgi.**

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Sverrir 661 7000**

**Bettís**

**Starfsfólk óskast í afgreiðslustörf á kvöldin og um helgar. Yngri en 18 ára kemur ekki til greina. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 899 8212.**

Wilson's PIZZA

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**

**Pizzabakara - Sendla - fólk í símsvörun - Um er að ræða hentugan vinnutíma í hlutastarf. Góð laun fyrir rétta fólkið. Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Ánanaust 15 & Eddufelli 6 eða í síma 581 1515.**

**Bakarí í Kópavogi**

**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

**Bakarí í Breiðholti**

**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

## ÞJÓNUSTA







WOLF Garten
Rafm.sláttuvélar
Vandaðar vélar og öflugir mótorar
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070


fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454


Fiskur í matinn...
beint í ofninn, á grillið eða pönnuna
spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.
www.galleryfiskur.is
Fiskverslun
Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882
Gallerý fiskur
Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað




„...fyrst á visir.is“
visir.is
...ég sá það á visir.is



## STUÐ MILLI STRÍÐA Ofnæmistöflur og „superglue“

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** LUMAR Á GÓÐUM RÁÐUM FYRIR BRÚÐKAUPSGESTI SUMARSINS



Það er komið sumar og brúðkaupabylgjan er farin af stað, eins og hún gerir á ári hverju. Ég er, eins og maður segir á góðri íslensku, sökker fyrir brúðkaupum. Mér er alveg sama um skilnaðartíðnina, alveg sama þó að fólk reyni að segja mér að brúðhjónin sjálf séu yfirleitt hálfdauð úr stressi á deginum góða og nái varla að njóta hans sjálf, alveg sama þó að öðrum finnist þetta allt saman hálfhallærislegt og tilgangslaust. Ég er sökker fyrir brúðkaupum og jú, ein af þeim sem berjast við tárin athöfnina á enda, með tissjú, vatnsheldan maskara og „superglue“ í töskunni í heiðarlegri en nokkuð vonlausri tilraun til að halda andlitinu.

Reynsla mín sem brúðkaupsgestur er svo sem ekki víðtækari en margra annarra. Ég hef hins vegar nú þegar gert nokkur mistök sem ætti að varast í brúðkaupstíð. Ég vil því koma með eftirfarandi ábendingar til brúðkaupsgesta sumarsins.

Ekki ákveða að fara í fjallgöngu fimm tímum fyrir mætingu. Það getur haft í för með sér, auk hælsæra, mikla tímaþröng, sem endar að lokum á því að bandarískir túristar fá hláturskast yfir blásaklausri stúlku að raka á sér fótleggina fyrir framan Dómkirkjuna í Reykjavík.

Ekki gera ráð fyrir því að það taki fimm mínútur að keyra úr Vesturbænum í Árbæjarsafn á Menningarnótt. Það endar í spretthlaupi yfir grasflöt, sem allir sem hafa klæðst sex sentímetra hælum og yfir geta vottað að er ekki, aldrei, málið.

Ekki bera á þig brúnkukrem degi áður, fara svo í spretthlaup yfir grasflöt, og verja athöfninni í að hafa áhyggjur af því að svitinn sem lekur niður bakið á þér skilji eftir sig brúnar rákir í kjólnum.

Að auki vil ég benda á að ofnæmistöflur í töskunni eru til margs gagnlegar. Ekki síst til að hægt sé að skella skuldinni á frjókornaofnæmi á sannfærandi hátt, séu augnlokin aðeins of bólgin eftir athöfnina.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Tilboðsdagar

**TENGI**

Lokadagur 7. júní.



**Allt að 50% afsláttur af völdum vörum.**



| | |
|---|---|
| Ifö innréttingar<br>Með handlaug | 35% |
| Kaldewei Baðker<br>160 x 70 cm | 50% |
| Mora Cera<br>Blöndunartæki | 30% |
| Cassoe<br>Baðfylgihlutir | 30% |



| | |
|---|---|
| Tubor<br>handklæðaofnar | 50% |
| Sphinx Lugano<br>Handlaug | 30% |
| Ifö Cornette<br>Sturtuklefar 80 x 80 cm | 50% |
| Intra Horizon<br>Stálvaskar | 30% |

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051 • tengi@tengi.is

! **Kl. 17**
*Franski rithöfundurinn Philippe Claudel les upp úr bók sinni „Í þokunni“ í aðalsafni Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15, í dag kl. 17. Bókin kemur út í dag hjá bókaforlaginu Bjarti í íslenskri þýðingu Guðrúnar Vilmundardóttur. Claudel hlaut virt frönsk bókmenntaverðlaun, Prix Renaudot, fyrir þessa skáldsögu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Margar tegundir tónlistar

Tónlistarhátíðin AIM Festival fer fram á Akureyri dagana 12. til 16. júní næstkomandi, en þetta verður í þriðja sinn sem hátíðin verður haldin. Um er að ræða alhliða tónlistarhátíð sem býður upp á breitt úrval tónlistar; þar ægir saman poppi, rokki, djassi, pönki, blús og klassík. Í fyrra komu níutíu tónlistarmenn frá fjórtán þjóðlöndum fram á hátíðinni og verður dagskráin ekki síður glæsileg í ár.

Meðal tónlistarmanna sem troða upp á AIM Festival í ár eru þýski trompetleikarinn Sebastian Studnitzky sem spilar sambland af djassi og poppi og er gjarnan líkt er við meistara Miles Davis og ástralska sveitin Hoodangers sem spilar léttan og pönkaðan djass og hefur ekki síst vakið athygli fyrir kraftmikla og húmoríska sviðsframkomu. Hrund Ósk Árnadóttir, hin nýja íslenska blúsdrottning, kemur fram með hljómsveitinni Park Projekt og ísfirski undradrengurinn Mugison spilar á sérstöku Kimi Records-kvöldi á Græna hattinum ásamt ungu poppurunum í Retro Stefson og gleðipönkurunum Helga og hljóðfæraleikurunum.



**MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU** Kemur fram á AIM-tónlistarhátíðinni á Akureyri um miðjan mánuðinn.

Klassíkinni verður að auki gerð mjög góð skil á AIM Festival. Mótettukórinn, undir stjórn Harðar Áskelssonar, flytur stórvirkið Vesper op. 37 eftir Rachmaninov í Akureyrarkirkju en með þeim í för eru tveir rússneskir bassasöngvarar. Þá mun píanósnillingurinn Víkingur Heiðar Ólafsson leika valsa eftir Brahms og Beethoven á flygilinn í Ketilhúsinu.

Nánari upplýsingar um AIM Festival og dagskrána í heild sinni má finna á heimasíðu hátíðarinnar: www.aimfestival.is - vþ




# Kórar hittast í söngelskri sveit

**Sjötta árlega Kórastefnan við Mývatn hefst nú á fimmtudag. Þátttakendur hafa aldrei verið fleiri og eru nú um 400 talsins. Norræn karlakóratónlist og verkið Carmina Burana eftir Carl Orff verða í brennidepli á hátíðinni.**

Dagskrá Kórastefnunnar er glæsileg að vanda. Meðal annars verður boðið upp á 100 ára afmælistónleika Kórs Reykjahlíðarkirkju, miðnætursöng í Jarðböðunum við Mývatn, tónleika í hraunhvelfingu Laxárvirkjunnar og svo að sjálfsögðu stórtónleika í stefnulok. Margrét Bóasdóttir er listrænn stjórnandi og skipuleggjandi Kórastefnunnar. Hún segir staðsetningu hátíðarinnar vera afar viðeigandi.



**MARGRÉT BÓASDÓTTIR**

„Ég er sjálf fædd og uppalin í Mývatnssveit og þekki því vel þá ríku sönghefð sem þar þrífst. Mývetningar syngja iðulega fjórraddað þegar þeir hittast og skemmta sér og því er vel við hæfi að halda svona stóra sönghátíð hér. Það er sérlega ánægjulegt að sjá hvernig stefnunni hefur vaxið fiskur um hrygg á þessum sex árum sem hún hefur farið fram; upphaflega voru þátttakendur um 150 en í ár eru þeir um 400.“

Á Kórastefnunni hefur iðulega verið lögð áhersla á tvö verkefni ár hvert; verkefni fyrir sérhæfða kóra og svo stórt verkefni fyrir blandaða kóra. „Í fyrra voru verk fyrir kvennakóra í sviðsljósinu hjá okkur, en í ár eru það karlakórarnir sem fá að njóta sín og flytja norræna karlakóratónlist. En stóra verkefnið í ár er að sjálfsögðu uppsetningin á Carmina Burana. Í henni taka þátt blandaðir kórar, barnakór, einsöngvarar og svo Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem við höfum átt í afar farsælu samstarfi við.“

Þeir kórar sem taka þátt í Kórastefnunni að þessu sinni eru Kór Flensborgarskólans í Hafnarfirði, Samkór Kópavogs, Lögreglukórinn í Reykjavík, Karlakór Keflavíkur, Barnakór Hafralækjarskóla, Kór Reykjahlíðarkirkju, Samkór úr Þingeyskum kirkjukórum og félagar úr kórum á Akureyri. Nokkra athygli vekur að einnig tekur þátt sænskur kór; Åkersberga Kammarkör frá Stokkhólmi. Margrét segist hafa orðið vör við þó nokkurn áhuga á Kórastefnunni frá erlendum kórum. „Nýverið var opnuð heimasíða fyrir Kórastefnuna, en markmiðið með síðunni er að gera þátttöku í stefnunni aðgengilegri fyrir erlenda kóra. Ég hef fengið nokkrar fyrirspurnir frá erlendum kórum sem hafa áhuga á að koma hingað til lands og taka þátt í Kórastefnunni, en kostnaðurinn við slíkt ferðalag er auðvitað mikill og strandar þátttakan oftast á því. En við stefnum að því í framtíðinni að það komi tveir til þrír erlendir kórar á ári og syngi með.“

Tónlistarunnendur á Norðurlandi geta greinilega hugsað sér gott til glóðarinnar nú um helgina. Áhugasömum er bent á heimasíðu kórastefnunnar, www.korastefna.is, en þar má nálgast nánari upplýsingar um dagskrána og kaupa miða á tónleika. vigdis@frettabladid.is

www.toyota.is




Toyota - Varahlutir

Núna er 15% afsláttur af rúðuþurrkum hjá sölu- og þjónustuaðilum Toyota um allt land.
Gildir til 30. júní 2008. Njóttu sumarsins og fegurðar landsins í gegnum hreina framrúðu.
Komdu og skiptu um þurrkur – fyrir ánægjulegri akstur.

Viðurkenndir Toyota varahlutir í alla bíla, alls staðar.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi, Nýbýlavegi 2-8, Kópavogur, Sími: 570-5070
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf., Bæjarflöt 13, Reykjavík, Sími: 577-7080
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, Akureyri, Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, Reykjanesbær, Sími: 420-6600
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, Selfoss, Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi, Miðási 2, Egilsstaðir, Sími: 470-5070
Bílatangi ehf., Suðurgötu 9, Ísafjörður, Sími: 456-4580
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1, Sauðárkrókur, Sími: 455-4500
Bílaleiga Húsavíkur ehf., Garðarsbraut 66, Húsavík, Sími: 464-2500

# Fræði hægja á öfgamönnum

Árið 2015 rennur út höfundarréttur á bók Adolfs Hitler, Mein Kampf, og verður þá leyfilegt að gefa hana út að nýju í Þýskalandi. Þarlend útgáfa og sala á bókinni hefur verið bönnuð síðan árið 1945, en bókin var skrifuð á árunum 1923-1924 og varð þvílík metsölubók á sínum tíma að Hitler varð milljónamæringur. Sem stendur eiga bæversk stjórnvöld ein rétt á útgáfu ritsins og hafa þau ítrekað lýst yfir andstöðu sinni við að bókin komi út að nýju.



**MEIN KAMPF** Umdeild bók eftir Adolf Hitler hefur ekki verið gefin út í Þýskalandi áratugum saman.

Skiptar skoðanir eru um hvernig beri að bregðast við útgáfutækifærinu. Oscar Schneider, fræðimaður við skjalasafnið í Nürnberg, hefur þrýst á bæversk stjórnvöld að veita leyfi til að gefa út sérstaka fræðilega útgáfu af bókinni sem fyrst. „Það er ljóst að þegar höfundarréttur bókarinnar rennur út munu hægrisinnaðir öfgamenn útbúa sérstakar áróðursútgáfur og dreifa þeim sem víðast. Því er mikilvægt að fræðaheimurinn verði fyrri til og hefji strax vinnu að útgáfu með ítarlegum útskýringum,“ segir Schneider.

Aðrir fræðimenn taka í sama streng. „Önnur helstu rit nasistanna hafa þegar komið út í fræðilegum útgáfum og hafa ekki valdið neinum usla. Það er því tæplega hægt að réttlæta það að gefa ekki Mein Kampf út í fræðilegri útgáfu vegna ótta við að ritið innihaldi sérlega neikvæð skilaboð,“ segir prófessor Horst Möller, stjórnandi Sagnfræðistofnunarinnar í München.

Óritskoðuð útgáfa af bókinni er Þjóðverjum þegar aðgengileg á heimasíðum hægriöfgamanna. Þýsk yfirvöld hafa ekki heldur getað haft hemil á útgáfu bókarinnar erlendis; hún hefur verið þýdd á fjölda tungumála og hefur selst afar vel í hinum enskumælandi heimi sem og í arabalöndunum. **- vþ**




„Lyf eru nauðsyn í nútímasamfélagi!“

„Í starfi mínu er ég daglega minntur á hve lífið er mikið kraftaverk og að það eru forréttindi að fá að vinna við að lækna og líkna. Vönduð og vel rannsökuð lyf skipta þar oft sköpum, bæði þau lyf sem byggja á gömlum og traustum þekkingargrunni og hin sem eru þróuð á grunni nútímaþekkingar í lyfjafræði og vísindalegri læknisfræði.

Án lyfja hefði framþróun heilbrigðismála orðið með öðrum hætti. Mannkynið stæði verr. Að baki lyfjaframleiðslu liggur gífurleg vísindavinna til að tryggja að lyfin skili sem bestri verkun með fyrirsjáanlegum hætti. Lyf eru nauðsyn í nútíma þjóðfélögum og ein meginstoð öflugs heilbrigðiskerfis.“

Reynir Tómas Geirsson, prófessor/yfirlæknir, forstöðumaður fræðasviðs, Kvennasviði LSH.

Lyf skipta sköpum!

FRUMTÖK
Samtök framleiðenda frumlyfja

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



TVÆR GÓÐAR

PANTAÐU MIÐA NÚNA!

GAGNRÝNENDUR OG ÁHORFENDUR ERU Á EINU MÁLI

DAUÐASYNDIRNAR
GUÐDÓMLEGUR GLEÐILEIKUR
LAUSLEGA BYGGT Á VERKI DANTE ALIGHIERI

„Ég var alveg orðin tvöföld í sætinu af hlátri ...“
„ ... sýningin er dýrleg leikhúsreynsla ...“
Silja Aðalsteinsdóttir
Tímarit Máls og menningar (tmm.is)

„Allur frágangur á sýningunni er fyrsta flokks. “
„Ekki missa af Dauðasyndunum.“
Páll Baldvin Baldvinsson
Fréttablaðið

★★★★
Fréttablaðið



Fim. 05. júní UPPSELT
Fös. 06. júní UPPSELT
Lau. 14. júní
Sun. 15. júní, ÖRFÁ SÆTI LAUS

AÐEINS FJÓRAR SÝNINGAR EFTIR

GÍTARLEIKARARNIR
HLÝLEGUR GAMANLEIKUR EFTIR LINE KNUTZON

„Það var gaman að sjá þennan leikarahóp að störfum ...“
Páll Baldvin Baldvinsson
Fréttablaðið

„Leikararnir fjórir eru hverjir öðrum betri ...“
Arndís Þórarinsdóttir
24 stundir

★★★½
DV



ALLRA SÍÐASTA SÝNING MIÐ. 4. JÚNÍ KL. 20.00

Miðasala í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

> LINDSAY LESBÍSK?

Svo virðist sem meint ástarsamband Lindsay Lohan og plötusnúðarins Samönthu Ronson sé staðreynd. Í það minnsta er móðir Lindsay hætt að neita því. „Ef hún er ánægð er ég ánægð. Það er allt sem ég segi. Samantha er frábær. Ég hef þekkt hana og fjölskyldu hennar í tíu ár,“ segir Dina Lohan um sambandið.



**fólk**

folk@frettabladid.is

# Ungfrú Ísland hjúkrar öldruðum

„Mér finnst þetta bara mjög gaman og það verður spennandi að takast á við þetta,“ segir Alexandra Helga Ívarsdóttir, nýkjörin Ungfrú Ísland. Keppnin fór fram á Broadway síðastliðinn föstudag og var glæsileg að vanda, en það var Yesmine Olsson sem sá um framkomu stúlknanna.

„Þetta var gott tækifæri til að vinna í sjálfri mér, sigrast á feimni og bæta sjálfstraustið,“ segir Alexandra, sem er að ljúka sínu þriðja ári í Menntaskólanum við Sund. Spurð hvort keppnin hafi ekki tekið mikinn tíma frá náminu segir hún svo ekki vera. „Skólinn var eiginlega búinn, en ég var í prófum á meðan æfingarnar stóðu yfir. Það var erfiðast að tvinna þetta tvennt saman en maður lærði líka að skipuleggja tíma sinn betur. Ég náði öllu nema einu prófi, en ég fer í endurtökupróf í því fagi,“ segir Alexandra.

En hvað tekur nú við? „Í sumar ætla ég að vinna á elliheimilinu Eir í Grafarvogi, en fyrst ætla ég í langþráð frí til Flórída með kærastanum mínum og fjölskyldu hans,“ segir Alexandra sem mun fara fyrir Íslands hönd í keppnina Ungrú alheimur sem haldin verður í Úkraínu í október næstkomandi. „Æfingar byrja ekki alveg strax, en ég er mjög spennt fyrir keppninni og það verður gaman að fara til Úkraínu.“ - ag



**ALEXANDRA HELGA ÍVARSDÓTTIR** Mun keppa fyrir Íslands hönd í keppninni Ungfrú alheimur sem fram fer í Úkraínu í október næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Dansaði til sigurs

Hæfileikakeppnin Britain's Got Talent hefur notið mikilla vinsælda, enda eini þátturinn þar sem hæfileikafólk á hvaða aldri sem er getur sýnt atriði af hvaða tagi sem er. Yfir 2,2 milljónir sjónvarpsáhorfenda greiddu atkvæði í úrslitaþættinum síðastliðið laugardagskvöld, en margir töldu öruggt að kórdrengurinn Andrew Johnston myndi bera sigur úr býtum með englarödd sinni. Það urðu því mikil vonbrigði fyrir Andrew þegar hann hafnaði í þriðja sæti á eftir tveimur dansatriðum.



**DANSAÐI SIG INN Í HUG OG HJÖRTU BRETA** Líf George Sampson breyttist skyndilega þegar hann vann Britain's Got Talent síðastliðinn laugardag og hlaut 100.000 pund í verðlaun.



**ANDREW JOHNSTON** Margir töldu öruggt að hann myndi sigra með sönghæfileikum sínum, en hann hafnaði í þriðja sæti á eftir dansatriðinu Signature og sigurvegaranum George Sampson.

Sigurvegari kvöldsins var hinn fjórtán ára gamli George Sampson. Hann var nálægt því að komast í úrslit í þættinum í fyrra, en lét ekki hugfallast eftir að hann datt út og mætti enn sterkari til leiks í ár. Jafnt dómarar sem áhorfendur virtust kunna að meta þrautseigjuna og stóðu upp eftir lokadansatriði hans við nýstárlega útgáfu af laginu „Singing in the Rain“.

George býr með móður sinni og eldri bróður í lítilli félagsíbúð í Cheshire á Englandi og hefur fram að þessu dansað á verslunargötum og fjölförnum stöðum í því skyni að vinna sér inn peninga til að geta greitt fyrir danskennslu.

Í viðtali eftir keppnina greindi George frá því að hann hefði átt við sjaldgæfan sjúkdóm að stríða sem kemur stundum upp hjá unglingum sem vaxa mjög hratt og veldur því að mænan er sérstaklega viðkvæm. Læknar vöruðu George við því að halda áfram að dansa breikdans af ótta við að hann gæti lamast, en þrýstingur á sjóntaugina olli því að George missti sjón á öðru auga tímabundið og óttaðist á tímabili að hann yrði blindur til frambúðar. George hafði þó endurheimt sjónina áður en hann bar sigur úr býtum í keppninni og mun hann nú dansa fyrir Karl Bretaprins á The Royal Variety Show, auk þess sem hann hlýtur 100.000 pund að launum. - ag



**ÁSGEIR KOLBEINS** Ætlar að breyta Laugardalshöllinni í skemmtistað.

# Gerir Höllina að stærsta skemmtistað landsins

**Ásgeir Kolbeinsson ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Nú ætlar hann að breyta Laugardalshöll í risaskemmtistað.**

„Þetta hefur aldrei verið gert áður á Íslandi,“ segir Ásgeir Kolbeinsson, sem ætlar að breyta Laugardalshöllinni í skemmtistað 16. júní næstkomandi. Þá ætlar hann að halda tónleika þar sem enginn annar en David Guetta og Gus Gus munu sjá um stuðið. „Það er alltaf verið að halda venjulega tónleika, þess vegna ákvað ég að gera eitthvað öðruvísi. Eitthvað sem mig hefur lengi langað til að gera,“ segir Ásgeir en ásýnd hallarinnar verður gjörbreytt. Ljós, barir og rándýr sviðsmynd munu meðal annars sjá til þess að gera upplifunina sérstaka að sögn Ásgeirs. David Guetta er eitt af stærstu nöfnum danstónlistarbransans í dag og hlaut á dögunum World Music Awards sem besti danstónlistarmaðurinn. Lög hans hafa notið mikilla vinsælda hér á landi. Gus Gus þekkja allir landsmenn. „Þetta er það stærsta sem þeir hafa farið út í hér á landi enda spenningurinn meðal þeirra mikill,“ segir Ásgeir.

Miðasala á viðburðinn hófst í gær á midi.is en boðið er upp á sæti í stúku og á gólfinu. Aldurstakmark er átján ára en tuttugu ára á barinn. „Mér finnst allt of lítið gert fyrir ungt fólk í dag hvað innflutning á tónlistarmönnum varðar,“ segir Ásgeir.

Dæmið er dýrt og áhættan mikil. „Já, þess vegna geri ég þetta almennilega. Ég er meira fyrir að gera eitthvað svona sjaldnar og gera það vel,“ segir Ásgeir, sem flutti inn Scooter 2004 og kjaftfyllti Höllina. soli@frettabladid.is


Sparaðu með Miele

MIELE ÞVOTTAVÉL
- fjárfesting sem borgar sig

| | |
|---|---|
| **MIELE TILBOÐ NR. 1** | |
| Þvottavél W1514 | kr. 124.995 |
| Þurrkari T7634 | kr. 104.995 |
| Parið | kr. 229.990 |
| Vinnustund | kr. 23.00 |
| **MIELE TILBOÐ NR. 2** | |
| Þvottavél W1514 | kr. 124.995 |
| Þurrkari T7644C* | kr. 114.995 |
| Parið | kr. 239.990 |
| Vinnustund | kr. 24.00 |
| **MIELE TILBOÐ NR. 3** | |
| Þvottavél W1714 | kr. 139.995 |
| Þurrkari T7634 | kr. 104.995 |
| Parið | kr. 244.990 |
| Vinnustund | kr. 24.50 |
| **MIELE TILBOÐ NR. 4** | |
| Þvottavél W1714 | kr. 139.995 |
| Þurrkari T7644C* | kr. 114.995 |
| Parið | kr. 254.990 |
| Vinnustund | kr. 25.50 |

*Þurrkari m. þétti

Miele - líklega endingarbesta og ódýrasta parið í upphafi skal endinn skoða!




Miele




Miele þvottavélar eru prófaðar til að endast í 10.000 klst.

vilborg@centrum.is

Hreinn sparnaður

DÆMI FRÁ MIELE:
Þvottavél og þurrkari með þétti kr. 239.990/10.000 vinnustundir = kr. 24,00 hver vinnustund.

DÆMI FRÁ SAMKEPPNISAÐILA:
Þvottavél og þurrkari kr. 189.000/6.000 vinnustundir = kr. 32,50 hver vinnusund.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is






SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
7. JÚNÍ 2008
SJÓVÁ

# Allt til viðhalds fasteigna

## Á góðu verði fyrir alla – alltaf










## Málning, múr- og þéttiefni fyrir húsið

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

### Nú geta fleiri notið góðs...

...Múrbúðin hefur opnað á Akureyri og á Suðurnesjum

**Reykjavík**, Kletthåls 7: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
**Suðurnes**, Fuglavík 18: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14
**Akureyri**, Furuvellir 15 : Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14




MÚRBÚÐIN
– Afsláttt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 10.50 | 14 |
| SEX AND THE CITY LÚXUS | kl. 10.50 | |
| INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| INDIANA JONES 4 LÚXUS DOLBY D | kl. 5.20 | |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 3.50 | |
| HORTON | kl. 3.50 ÍSLENSKT TAL | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KICKIN'IT OLD SKOOL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| | | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 4.30, 6 og 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 4.30, 7 og 10 | 12 |
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 8 og 10.10 | 12 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN TIME OF CHOLERA | kl. 8 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:40 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 5:30 | L |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| VALLEY OF ELAH síð. sinn | kl. 8 | 16 |
| THE HUNTING PARTY síð. sinn | kl. 10:40 | 12 |
| U2 3D síð. sinn 3-D DIGITAL | kl. 6/3D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 10:50 | 14 |
| INDIANA JONES 4 DIGITAL | kl. 6:30D - 9D - 11:30D | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 11:30 | 14 |
| IRON MAN | kl. 6:30 - 9 | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HAROLD AND KUMAR 2 | kl. 8 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10:10 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| NIM´S ISLAND | kl. 8 | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 8 - 10:45 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |

SAMbio.is


# Gyllta poppkornið afhent

**MTV-kvikmyndaverðlaunahátíðin fór fram í Kaliforníu á sunnudagskvöld. Hún er með öðru sniði en margar aðrar verðlaunahátíðir, að því leyti að það eru áhorfendur MTV sem kjósa um hver hreppi gyllta poppkornið sem þar er í verðlaun.**

Will Smith og Ellen Page voru sigurvegarar kvöldsins, en þau hlutu poppkornið fyrir besta leik í aðalhlutverkum, Smith fyrir myndina I Am Legend, og Page fyrir hina geysivinsælu Juno. Besta myndin var valin The Transformers og í flokknum besta sumarmyndin það sem af er sumri sigraði Iron Man, með Robert Downey Jr. í aðalhlutverki.



PARIS HILTON OG BENJI MADDEN



ELLEN PAGE



WILL SMITH NORDICPHOTOS/GETTY

## NÝJAR OG ELDRI STJÖRNUR Á MTV-HÁTÍÐINNI

MTV-kvikmyndaverðlaunahátíðin var vel sótt af bæði þekktum og nýjum stjörnum. Will Smith og Ellen Page hrepptu verðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki, Paris Hilton og Benji Madden voru óaðskiljanleg að vanda, og Lindsay Lohan, Jennifer Hudson, Charlize Theron og Sarah Jessica Parker voru mætt á gyllta dregilinn til að afhenda verðlaun á hátíðinni.



LINDSAY LOHAN



JENNIFER HUDSON


Nafnspjöld á 50% afslætti í júní

Veldu nafnspjöld sem henta þér...

GÓÐ BETRI Glansandi NÝTT! RÚNNUÐ



250stk verð frá 5.322kr með vsk

Frosti litaklessa markaðsgúru Prentun.com

REYKJAVÍK Sími 5276500

KÓPAVOGI Sími 5522930

REYKJANESBÆ Sími 4210001

HORNAFIRÐI Sími 4782052

prentun.com EINFALT OG ÁRANGURSRÍKT




# Iðnnám … nema hvað?

Iðnnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. Iðnnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á *www.idan.is/nam-og-storf* – þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.

SI
Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0999

## > Arnór Atlason atkvæðamestur

Íslendingar unnu sér sem kunnugt er þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Peking í sumar með fræknum sigri gegn Svíþjóð í lokaleik sínum í undankeppninni í Póllandi um síðustu helgi. Samkvæmt útgefinni tölfræði úr undankeppninni átti vinstriskyttan Arnór Atlason þátt í flestum mörkum í riðli Íslands, eða 34, en hann skoraði fimmtán mörk og átti nítján stoðsendingar. Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson fylgir honum þar fast á eftir með 33 en hann skoraði fimmtán mörk og átti átján stoðsendingar.



**sport**
sport@frettabladid.is

**LANDSBANKADEILD KARLA:** FH-INGAR ERU KOMNIR Á TOPPINN Í DEILDINNI EFTIR 0-3 SIGUR Á GRINDAVÍK Í GÆR

# *Komum með því hugarfari að fara í efsta sæti*

**FÓTBOLTI** FH gerði góða ferð í Grindavík í gær þegar liðið tyllti sér á topp Landsbankadeildarinnar með öruggum 3-0 sigri á heimamönnum.

Grindvíkingar voru sprækir í upphafi leiks enda fullir sjálfstrausts eftir stóran sigur á Grindavík í síðustu umferð. FH-ingar hresstust verulega eftir korters leik og voru komnir með öll tök á leiknum þegar Atli Viðar Björnsson skoraði fyrsta mark leiksins á 20. mínútu eftir að Marinko Skaricic missti boltann klaufalega á eigin vallarhelmingi.

Atli Viðar bætti öðru marki við á 34. mínútu og fór FH með sanngjarna 2-0 forystu inn í leikhléið. Eftir aðeins tveggja mínútna leik í síðari hálfleik gerði Dennis Siim út um leikinn með þriðja marki FH með góðu skoti. Fátt markvert gerðist eftir það þar til á síðustu mínútu leiksins þegar Andri Steinn Birgisson átti skot í stöngina á marki FH úr upplögðu færi. Sanngjarn og í raun auðveldur sigur toppliðs FH því staðreynd.



Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, var að vonum ánægður með sigurinn og þá ekki síður efsta sætið í deildinni. „Mér fannst við hafa góð tök á þessum leik. Við komum með því hugarfari að koma okkur í þetta efsta sæti. Menn sýndu vilja og metnað til þess og spiluðu vel á löngum köflum.“

Það var helst í byrjun leiksins að Grindavík veitti FH einhverja mótspyrnu. „Við komum í erfiðan útileik gegn Grindavíkurliði sem var fullt sjálfstrausts eftir stóran sigur síðast þannig að auðvitað var þetta í járnum í byrjun. Svo náðum við góðum tökum á þessu og eftir að við skoruðum fannst mér við spila nokkuð vel.“

Eftir að FH skoraði þriðja markið var eins og liðið færði sig aftar á völlinn í stað þess að keyra á særða Grindvíkinga. „Í stöðunni 3-0 er mikilvægt að menn haldi stöðunum sínum og nýti þau tækifæri sem gefast. Mér fannst við gera það. Auðvitað fengum við færi til að gera fleiri mörk en þetta var sanngjarnt,“ sagði glaðbeittur þjálfari FH í leikslok. **- gmi**

### Grindavík 0-3 FH

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 1.073 – Magnús Þórisson (8)

*0-1 Atli Viðar Björnsson (20.), 0-2 Atli Viðar Björnsson (34.), 0-3 Dennis Siim (47.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9-13 (1–4) |
| Varin skot | Zankarlo 1 – Daði 1 |
| Horn | 1–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14-11 |
| Rangstöður | 1-2 |

| GRINDAVÍK 4-4-2 | | FH 4-3-3 | |
|---|---|---|---|
| Zankarlo Simunic | 3 | Daði Lárusson | 6 |
| Michael Jónsson | 4 | Guðmundur Sævars. | 7 |
| Eysteinn H. Hauksson | 4 | Tommy Nielsen | 6 |
| Marinko Skaricic | 4 | Freyr Bjarnason | 7 |
| Jósef K. Jósefsson | 4 | Hjörtur Valgarðsson | 7 |
| Scott Ramsay | 5 | ***Dennis Siim** | **9** |
| Orri Freyr Hjaltalín | 3 | Davíð Þór Viðarsson | 8 |
| (83., Sveinn Steing. | -) | Matthías Vilhjálms. | 7 |
| Andri Steinn Birgisson | 4 | Atli Guðnason | 6 |
| Jóhann Helgason | 5 | (72., Arnar Gunnl. | -) |
| (45., Páll Guðmunds. | 4) | Atli Viðar Björns. | 8 |
| Alexander Þórarinsson | 6 | (85., Jónas Grani | -) |
| (76., Emil Símonars. | -) | Tryggvi Guðmunds. | 6 |
| Tomasz Stolpa | 5 | (85., Matthías G. | -) |

**Maður leiksins*

**LANDSBANKADEILD KARLA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **5** | **4** | **1** | **0** | **15:4** | **13** |
| **2. Keflavík** | **5** | **4** | **0** | **1** | **14:9** | **12** |
| **3. Fram** | **5** | **3** | **0** | **2** | **6:3** | **9** |
| 4. Fjölnir | 5 | 3 | 0 | 2 | 8:5 | 9 |
| **5. Fylkir** | **5** | **3** | **0** | **2** | **8:8** | **9** |
| 6. Breiðablik | 5 | 2 | 2 | 1 | 8:9 | 8 |
| **7. KR** | **5** | **2** | **0** | **3** | **7:7** | **6** |
| **8. Valur** | **5** | **2** | **0** | **2** | **10:12** | **6** |
| 9. Þróttur | 5 | 1 | 2 | 2 | 7:10 | 5 |
| **10. ÍA** | **5** | **1** | **1** | **3** | **5:9** | **4** |
| **11. Grindavík** | **5** | **1** | **0** | **4** | **7:13** | **3** |
| 12. HK | 5 | 0 | 0 | 4 | 6:12 | 3 |

**Næstu leikir:**

| | |
|---|---|
| Fylkir-Þróttur R. | fim. 5. jún. kl. 20.00 |
| FH-Fjölnir | sun. 8. jún. kl. 14.00 |
| Fram-Grindavík | sun. 8. jún. kl. 14.00 |
| HK-ÍA | sun. 8. jún. kl. 14.00 |
| Valur-Breiðablik | sun. 8. jún. kl. 14.00 |
| Keflavík-KR | sun. 8. jún. kl. 14.00 |

# Sannfærandi sigur hjá KR-ingum

**KR-ingar unnu í gær sinn annan sigur í Landsbankadeild karla í sumar þegar þeir lögðu Framara, 2-0, sem um leið töpuðu sínum öðrum leik. Leikurinn var bráðskemmtilegur og þetta var besti leikur KR í sumar.**

**FÓTBOLTI** Björgólfur Takefusa og Guðjón Baldvinsson skoruðu mörk KR í 2-0 sigri á Fram í Frostaskjólinu í gær. Boðið var upp á hina bestu skemmtun þar sem bæði lið spiluðu fínan bolta. Það voru þó KR-ingar sem voru öllu duglegri að skapa sér hættu við mark andstæðingsins og uppskáru eftir því.

Framarar byrjuðu mjög vel í leiknum og ætluðu sér greinilega stóra hluti. KR-ingar unnu sig þó fljótlega inn í leikinn en þeir voru með nokkuð breytt lið frá síðasta leik. Gestirnir voru afar duglegir og börðust um alla bolta. Þá vantaði þó að skapa sér færi og þótt KR-ingar hafi verið minna með boltann skapaðist mikil hætta við mark Fram er þeir sóttu. Björgólfur Takefusa kom þeim yfir með skoti af stuttu færi sem kom eftir hornspyrnu en stuttu síðar var hann klaufi er hann skallaði sendingu Guðjóns Baldvinssonar framhjá úr nánast opnu færi.

Síðari hálfleikur byrjaði með látum en Guðjón Baldvinsson kom KR í 2-0 eftir aðeins 56 sekúndur. Gunnar Örn átti góða rispu í gegnum vörn Fram og skaut að marki. Hannes markvörður hélt ekki boltanum og Guðjón skoraði af stuttu færi.

KR-ingar voru sterkari aðilinn í síðari hálfleik og virtist sigurinn aldrei í hættu. Heimamenn efldust eftir markið og Frömurum gekk illa að skapa sér almennileg færi, þó svo að þeir væru enn mikið með boltann. Bæði lið voru þó að spila glimrandi vel, sérstaklega framan af, en KR-ingar voru með yfirhöndina eftir mörkin tvö, sér í lagi það síðara.



**MARK** KR-ingurinn Björgólfur Takefusa fagnar hér marki sínu gegn Fram á KR-vellinum í gærkvöld en Framarar eru allt annað en sáttir með varnarvinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Á heildina litið var þetta okkar besti leikur í sumar. Það hefur verið góður stígandi í okkar liði og ég er ánægður með framgang mála núna og sérstaklega fannst mér hugarfar manna mjög gott,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, eftir leik. „Við vissum að þetta yrði erfiður leikur enda spiluðu Framarar vel og voru skipulagðir í sínum leik. Það gerir þennan sigur enn sætari fyrir vikið.“

Auðun Helgason sagði sína menn hafa spilað vel en þetta hefði verið erfitt eftir að KR komst 2-0 yfir. „Ég held að við höfum verið að spila og berjast ágætlega. Þetta féll þeirra megin í dag og þeir voru að spila vel.

Við áttum samt að gera betur enda vorum við með í leiknum allan tímann. Við áttum að særa þá meira en það tókst ekki alveg. En nú þurfum við að þjappa liðinu saman og horfa til næsta leiks, það er ekkert flóknara en það.“

**eirikur@frettabladid.is**

### KR 2-0 Fram

KR-völlur, áhorf.: 2.278 – Eyjólfur Kristinsson (6)

*1-0 Björgólfur Takefusa (24.), 2-0 Guðjón Baldvinsson (46.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16-9 (6-4) |
| Varin skot | Stefán 4 – Hannes 4 |
| Horn | 7-2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11-14 |
| Rangstöður | 0-4 |

| KR 4-4-2 | | FRAM 4-4-2 | |
|---|---|---|---|
| Stefán L. Magnúss. | 7 | Hannes Þór Halldórs. | 7 |
| Skúli J. Friðgeirsson | 8 | Daði Guðmundsson | 6 |
| ***Grétar Sigurðars.** | **8** | Reynir Leósson | 6 |
| Pétur Marteinsson | 8 | (68., Óðinn Árnason | 6) |
| (73., Kristinn Magn. | -) | Auðun Helgason | 6 |
| Guðmundur Guðm. | 6 | Sam Tillen | 7 |
| Gunnar Ö. Jónsson | 5 | Paul McShane | 6 |
| (80., Ingimundur Ó. | -) | Halldór Jónsson | 6 |
| Jónas G. Sævarsson | 6 | Ingvar Þór Ólason | 7 |
| Viktor B. Arnarsson | 6 | Ívar Björnsson | 5 |
| Óskar Ö. Hauksson | 7 | (53., Joseph Tillen | 5) |
| Björgólfur Takefusa | 7 | Heiðar Geir Júlíusson | 6 |
| (89., Grétar Hjartars. | -) | Hjálmar Þórarinsson | 6 |
| Guðjón Baldvinsson | 8 | | |

**Maður leiksins*

Valsmönnum var refsað grimmilega af HK þegar þeir töpuðu sínum þriðja leik í deildinni í sumar:

# Botnlið HK skellti Íslandsmeisturunum

**FÓTBOLTI** Lánleysi hafði elt HK-ingum í allt sumar en lukkudísirnar gengu í þeirra lið í leiknum gegn Val og þeir unnu 4-2 sigur.

Fyrri hálfleikur var fjörugur og fullur af færum. Aðeins stórleikur Gunnleifs Gunnleifssonar kom í veg fyrir að Valur leiddi með meira en einu marki í hálfleik. Birkir Már ýtti þá boltanum yfir línuna eftir að fyrirliðinn hafði varið skalla Helga Sigurðssonar.

Á meðan hélt lánleysi HK-inga áfram. Þeir spiluðu ágætlega fram á við en vantaði meiri ákveðni fyrir framan markið. Vörn Vals lenti sjaldan í vandræðum og lítið gerðist þar til HK jafnaði um miðbik síðari hálfleiks. Valsmönnum var refsað grimmilega en engu var líkara en þeir ætluðu að klára leikinn í fyrsta gír. Finnbogi Llorens skallaði inn eftir horn og jafnaði.

Iddi Alkhag kom HK yfir með góðu marki en Helgi jafnaði úr víti sem var réttilega dæmt eftir hendi. Draumur HK-inga um sigur var því skotinn strax niður en vonir þeirra kviknuðu þó strax aftur þegar Alkhag skoraði sitt annað mark og kom HK yfir. Hann innsiglaði svo þrennu sína á lokamínútunni og Kópavogsbúar fögnuðu sínum fyrstu stigum í sumar.

„Það er frábært að hafa komið til baka og náð að vinna Íslandsmeistarana eftir að hafa verið undir í hálfleik. Við gáfum ekki upp vonina og lögðum allt í þetta, það skilaði sínu. Við unnum sanngjarnan sigur,“ sagði Gunnleifur, sem var frábær í leiknum.

Vonandi kemur þetta okkur á beinu brautina. Við þurfum að koma okkur niður á jörðina eftir þetta og undirbúa okkur fyrir erfiðan leik gegn ÍA. Vonandi fáum við heppnina með okkur núna, en maður ávinnur sér heppni,“ sagði fyrirliði HK. **- hþh**



**HART BARIST** HK-ingar tóku hraustlega á Íslandsmeisturum Vals og náðu í mikilvæg þrjú stig á heimavelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### HK 4-2 Valur

Kópavogsvöllur, áhorf.: 910 – Jóhannes Valgeirs. (6)

*0-1 Birkir Már Sævarsson (19.), 1-1 Finnbogi Llorens (70.), 2-1 Iddi Alkhag (80.), 2-2 Helgi Sigurðsson (83.), 3-2, 4-2 Iddi Alkhag (84., 90.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–17 (7-9) |
| Varin skot | Gunnleifur 8 – Kjartan 2 |
| Horn | 7-5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15-13 |
| Rangstöður | 1-4 |

| HK 4-5-1 | | VALUR 4-4-2 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnl. | 8 | Kjartan Sturluson | 6 |
| Stefán Eggertsson | 6 | Gunnar Einarsson | 5 |
| Hólmar Ö. Eyjólfs. | 6 | Atli Sveinn Þórarins. | 4 |
| Finnbogi Llorens | 7 | Bjarni Ó. Eiríksson | 5 |
| Hörður Árnason | 6 | Rene Carsen | 5 |
| (46., Hörður Magn. | 4) | Birkir Már Sævarsson | 7 |
| Finnur Ólafsson | 5 | (50., Baldur Aðalst. | 3) |
| (61., Hermann Þ. | 5) | (85., Guðmundur H. | -) |
| Goran Brajkovic | 5 | Sigurbjörn Hreiðars. | 6 |
| Damir Muminovic | 5 | Rasmus Hansen | 6 |
| Aaron Palomares | 7 | (75., Albert Ingas. | -) |
| Mitja Brulc | 5 | Hafþór Ægir Vilhjálms. | 6 |
| ***Iddi Alkhag** | **8** | Pálmi Rafn Pálmason | 6 |
| | | Helgi Sigurðsson | 6 |

**Maður leiksins*

Kawasaki
Vélorf



Alvöru orf
á góðu verði

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

**Fræðslufyrirlestur ÍSÍ og MRN**
Íþróttamiðstöðinni Laugardal, E-sal föstudaginn 6. júní nk. kl. 15.00. Jari Låmså frá Finnlandi og Karin Redelius frá Svíþjóð fjalla um brottfall og leiðtoga fyrir barna- og unglingastarf. Öllum opið meðan húsrúm leyfir. Skráning fyrir fim. á linda@isi.is eða í 514-4000
Sjá nánar á **www.isi.is**




* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Öll verð eru með virðisaukaskatti. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 25.000 km akstur á ári. Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Aukabúnaður á myndum af Transit er samlitur á stuðara og grilli og þokuljós í framstuðara. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## > James Woods

„... Ég hugsaði með mér vá - ég hef ekki séð svona hlutverk í tíu ár! Þegar sextugsaldri er náð er manni nær eingöngu boðið að leika einhverja litlausa yfirboðara. Aftur á móti í Shark fæ ég tækifæri til að leika spillta hetju og það eru að mínu mati bestu hetjurnar. Þetta var því gullið tækifæri fyrir gamlan ref eins og mig.“ Þetta sagði Woods um handritið að Shark en Stöð 2 sýnir einmitt þátt í kvöld.



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFIR EKKI Á HVAÐ SEM ER

# *Fótbolti eða ástfangnir læknar*



Flestir taka því eflaust fagnandi að nú er kominn júní og þar með ekki lengur hægt að þræta fyrir komu sumars. Nokkur hefð er þó fyrir því að sumartíminn sé heldur slæmur fyrir sjónvarpsáhugafólk; stöðvarnar hafa gjarnan boðið upp á eintómar endursýningar og dagskrárgerðardreggjar og orðrómur er uppi um að endur fyrir löngu hafi þáverandi eina sjónvarpsstöð landsins hreinlega lagt niður útsendingar yfir hásumarið. Ljótt ef satt er.

Sem betur fer hafa fjölmiðlar séð ljós skynseminnar og eru hættir að bola þjóðinni nauðugri út í hrollkalt íslenskt sumarveðrið. Þvert á móti hafa stöðvarnar nú þegar eytt þó nokkru púðri í að kynna svokallaða sumardagskrá sína sem skellur á sjónhimnum landsmanna nú í júní. Athyglisvert er að Sjónvarpið og Stöð 2 virðast hafa tekið ákvörðun um að reyna að laða til sín hvort sitt kynið; ríkisstöðin gerir mikið úr einhverju fótboltamóti úti í heimi og áskriftarstöðin reynir að laða til sín kvenpeninginn með rómantískum gamanáherslum og bleikum auglýsingum. Hvað svo sem hverjum kann að finnast um þessar kynlegu áherslur ber að fagna því að loksins sé lagður eilítill metnaður í sjónvarpsefnið sem boðið er upp á á sumrin; í það minnsta þykir dagskráin þess virði að það taki því að auglýsa hana sérstaklega. Áskrifendur Stöðvar 2 geta glaðst í sumar yfir því að hafa val öfganna á milli og geta þannig stillt sjónvarpsáhorf sitt eftir þörfum og löngun þannig að jafnvægi náist á milli fótboltans og rómantíkurinnar. Þeir sem ekki eru í áskrift eru hins vegar eilítið verr settir; góður fótboltakappleikur getur vissulega verið hressandi öðru hvoru en hætta er á að gamanið kárni þegar ekkert annað er í boði. Mannsandinn þarf fjölbreytni, annars koðnar hann bara niður. Vonandi sér Sjónvarpið áhorfendum sínum fyrir hæfilegum skammti af einhverju öðru meðfram fótboltanum. Það er vont að hafa ekkert val.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.30 American Dad** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.20 Hell's Kitchen LOKAÞÁTTUR** STÖÐ 2



▶ **21.05 The Science of Golf** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.25 Viðtalið** SJÓNVARPIÐ



▶ **22,00 Die Hard with a Vengeance** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka**

**18.00 Geirharður bojng bojng**

**18.25 Undir ítalskri sól** (5:6)(Solens mat II)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Veronica Mars** (19:20) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk: Kristen Bell.

**20.55 Á faraldsfæti - Víetnam** (Vildmark: Upptäckaren) Sænskur þáttur þar sem Bobbo Nordenskjöld heimsækir hmong-fólkið sem býr í fjalllendi í Norður-Víetnam og stundar frumstæðar veiðar sér til lífsviðurværis.

▶**21.25 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við Lisbeth Knudsen, aðalritstjóra elsta dagblaðs Danmerkur, Berlingske Tidende, og Peter Hennessy, prófessor í nútímasögu við Queen Mary, University of London.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Njósnadeildin** (8:10)(Spooks VI) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn.

**23.20 Bang og mark** Sýnt frá leikjum í efstu deild kvenna í fótbolta.

**23.35 Jane Eyre** (2:4)(e)

**00.25 Kastljós** (e)

**00.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Lost in Translation**

**08.00 Everyday People**

**10.00 Melinda and Melinda**

**12.00 I'm With Lucy**

**14.00 Lost in Translation**

**16.00 Everyday People**

**18.00 Melinda and Melinda**

**20.00 I´m With Lucy**

▶**22.00 Die Hard with a Vengeance** Spennumynd með Bruce Willis, Jeremy Irons og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum.

**00.05 Bookies**

**02.00 Fled**

**04.00 Die Hard with a Vengeance**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.10 Oprah**

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Homefront**

**10.55 Matur og lífsstíll** (12:12)

**11.25 Sjálfstætt fólk** Halla Linker

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Kinky Boots**

**14.55 Friends** (9:24)

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Shin Chan**

**16.15 Kringlukast**

**16.40 Ginger segir frá**

**17.03 Sylvester and Tweety Mysterie**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.30 The Simpsons** (13:22)

**19.55 Friends** (20:24)

▶**20.20 Hell´s Kitchen** (11:11) Efnilegir áhugamenn um matreiðslu keppa í einstaklega harðri keppni um starf á glæsilegum veitingastað en einnig um hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramsey sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningshátt þeirra og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

**21.05 Shark** (13:22) James Woods í hlutverki lögfræðingsins Sebastian Stark sem sækir erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið.

**21.50 Traveler** (1:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera hundeltir af alríkislögreglunni og hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.

**22.35 60 Minutes** Fréttaskýringaþáttur um mikilvægustu málefni líðandi stundar.

**23.20 00.40 Medium** (10:16)

**01.25 ReGenesis** (13:13)

**02.10 Big Love** (5:13)

**03.05 Kinky Boots**

**04.50 Shark** (13:22)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008** HK - Valur.

**17.45 Landsbankadeildin 2008** HK - Valur.

**19.35 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin skoðuð úr umferðinni í þessum magnaða þætti.

**20.35 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

▶**21.05 The Science of Golf** Í þessum þætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig. Hvað eru kylfingar að gera rangt í sveiflunni? Svarið við því er að finna í þessum þætti.

**21.30 Formula 3 - Monza** Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum sem fram fór í Monza á Ítalíu en þar áttu Íslendingar tvo fulltrúa.

**22.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**22.55 Ultimate Blackjack Tour** Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem slyngustu og færustu spilarar heims mæta til leiks.

**23.40 Landsbankadeildin 2008** HK - Valur

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.10 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.40 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin.

**19.10 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.

**20.00 EM 2008 - Upphitun** Ítalía - Frakkland Liðin og leikmennirnir sem leika á EM eru kynnt til leiks.

**20.30 EM 2008 - Upphitun** Holland - Rúmenía

**21.00 10 Bestu - Guðni Bergsson** Annar þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en í þessum þætti verður fjallað um Guðna Bergsson og ferill hans skoðaður.

**21.50 Football Rivalries** Liverpool v Man. Utd. Fjallað um ríg Liverpool og Man. Utd innan vallar sem utan og einnig skoðaður rígur Benfica og Porto.

**22.45 Premier League World**

**23.15 Bestu leikirnir** Tottenham - Aston Villa

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**14.15 Vörutorg**

**15.15 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**16.05 Everybody Hates Chris** (e)

**16.30 Girlfriends**

**17.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.

**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki en hann er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**19.20 Jay Leno** (e)

**20.10 Kid Nation** (7:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag. Þar búa krakkarnir í 40 daga án afskipta fullorðinna.

**21.00 Age of Love** (2:8) Bandarísk raunveruleikasería. Mark Philippoussis er þrítug tennisstjarna frá Ástralíu í leit að stóru ástinni. Í upphafi er piparsveinninn kynntur fyrir hópi kvenna en það kemur honum í opna skjöldu þegar þær reynast allar vera á fimmtugsaldri. Skiptir aldurinn máli?

**21.50 The Real Housewives of Orange County** Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkisbubbasamfélagi í Kaliforníu.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 C.S.I.** (e)

**00.20 Eureka** (e)

**01.10 C.S.I.**

**01.50 Girlfriends** (e)

**02.15 Vörutorg**

**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 SPORT 2 kl. 21.00**

**10 bestu – Guðni Bergsson**

Farsæll ferill Guðna hefur ekki farið framhjá neinum og í þessum þætti verður hann skoðaður í heild sinni. Frá Hlíðarenda fór hann til Tottenham og þaðan til Bolton þar sem hann varð goðsögn. Árangur Guðna talar sínu máli og í þessum frábæra þætti rennir Arnar Björnsson með honum í gegnum allt það helsta á ferlinum. Þáttinn 10 bestu má enginn láta framhjá sér fara.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Real Housewives of Orange County - NÝTT**

**SKJÁR EINN kl. 21.50**

Önnur sería af raunveruleikaþætti þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkisbubbasamfélagi í Kaliforníu. Þær eru vanar hinu ljúfa lífi og gera allt sem þær geta til að viðhalda því. Áhorfendur fá að fylgjast með öllu sem gerist en líf þeirra er langt frá því að vera fullkomið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dalakofinn
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónlistargrúsk
**15.03** Útvarpssagan: Sérherbergi
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.10** Listin og landafræðin
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** Stefnumót
**23.30** Saga til næsta bæjar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (10:22)
**17.30 Entourage** (9:20) Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött. Verðlaunaþættir sem eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni.
**18.00 Comedy Inc.** (18:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
▶**18.30 American Dad** (13:19) Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa meðal annars kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (10:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**20.30 Entourage** (9:20)
**21.00 Comedy Inc.** (18:22)
**21.30 American Dad** (13.19)
**22.00 Missing** (5.19)
**22.45 Rock School** (4:4)
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Mér finnst...** Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Umræðuefni: Pirringur, steingeit, stjörnumerki, borgarstjórastóllinn. Guðrún Bergmann, Ellý Ármanns.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** En have på fjeldet **11.50** Forandring på vej **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder: Nye II **14.05** Last Exile **14.30** Bernard **14.35** Lucky Luke **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Undercover: Nye rekrutter **21.40** Seinfeld **22.05** OBS **22.10** Livets største krise

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Bokbussen **10.40** Det svenske sviket **11.40** Faktor **12.10** Jessica Fletcher **13.00** Festnachspiel **13.30** Ung frue forsvunnet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Landgang **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.15** Eddy og bjørnen **16.30** Pablo, den lille rødreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Koht i familien **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen **20.20** Extra-trekning **20.35** Chaser's War **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hi-Hi-Hilfe! **22.50** 4*4*2: Bakrommet **23.20** Kulturnytt **23.30** Autofil jukeboks

## SVT 1

**8.00** 50+/De grå krigarna **8.30** Tabu **9.00** Resan till Mars **9.30** Astrid och Carmencita **10.00** Rapport **10.05** Frida 21:00 **10.35** Niklas mat **12.35** Soldat Bom **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Big Words **15.30** Mega **16.0**0 Bolibompa **16.10** Evas pysselshow **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Kaniner och hartassar **16.4**5 Seaside hotell **17.00** Bobster **17.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kören - killar sjunger inte **18.50** Åt alla lycka bär **19.00** Plus sommar **19.30** Eulogy **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Brottet **22.25** Sändningar från SVT24



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er sushi á Sushismiðjunni. Mér finnst gaman að sitja við höfnina og borða sushi í góðum félagsskap.“*

María Ellingsen, leikkona og leikstjóri.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 2. sæti, 6. frá, 8. merki, 9. dýrahljóð, 11. nafnorð, 12. dul, 14. skýli, 16. tveir eins, 17. landspilda, 18. for, 20. tvíhljóði, 21. slabb.
**LÓÐRÉTT** 1. gaul, 3. eftir hádegi, 4. fugl, 5. sjáðu, 7. bið, 10. ar, 13. holufiskur, 15. innyfli, 16. verkur, 19. guð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. af, 8. hak, 9. urr, 11. no, 12. leynd, 14. skáli, 16. tt, 17. lóð, 18. aur, 20. au, 21. krap.
**LÓÐRÉTT:** 1. baul, 3. eh, 4. sandlóa, 5. sko, 7. frestur, 10. ryk, 13. nál, 15. iður, 16. tak, 19. ra.

# Rifið nýra rústar áform Reykjavíkur!

„Ég er án gríns eins og farlama gamalmenni. Haltra milli rúmsins og klósettsins og pissa blóði,“ segir Bóas Hallgrímsson, söngvari rokkhljómsveitarinnar Reykjavík! Bóas er leiðbeinandi hjá Austurbæjarskóla og var í stórfiskaleik á föstudaginn með nemendum sínum þegar hann fékk olnboga í magann. Það varð til þess að rifbein brákaðist og annað nýrað rifnaði. „Ég er allur að koma til, en þetta leit mjög illa út á tímabili. Þeir vildu láta mig liggja í viku á spítalanum en nýrað í mér sýndi ótrúlegan viljastyrk og ég fékk að fara heim í gær. Þeir vilja samt helst að ég sé rúmliggjandi í fjórar vikur.“



**MEÐ SALTVATN Í ÆÐ Í TVO DAGA** Bóas hlustaði á John Cage og fastaði alla helgina.



**REYKJAVÍK! Í HOPPANDI STUÐI** Bóas getur lítið hamast á næstunni með rifið nýrað.

Nýrnaslysið setur strik í reikninginn hjá Reykjavík! Hljómsveitin hætti strax við tónleika á Organ á föstudagskvöldið og hefur hætt við að spila á tveim hátíðum í Skotlandi um næstu helgi – Rockness og Go North hátíðunum. Þá munu upptökur á nýrri plötu sveitarinnar tefjast eitthvað því Bóas getur ekkert sungið fyrr en í júlí. Búið er að taka upp grunna að átta lögum og má nú heyra vinnumix af einu lagi á heimasíðu útgefandans kimirecords.net. Bóas á samt von á að platan náist út í haust þrátt fyrir slysið.

„Ég ætla með fjölskyldunni til Bandaríkjanna núna í júní og verð bara að sleppa hnefaleikunum og ameríska fótboltanum sem ég ætlaði að stunda,“ segir nýrasærði söngvarinn. „Ég tek því rólega. Sem texta og svona. Ég ætti að ná mér að fullu á sirka mánuði. Svo ætla ég að stinga upp á að næsta plata heiti „Kidney“. Það er allavega skárra en „Rocky“, sem var nafn sem einhver var búinn að stinga upp á.“

- glh

## EIÐUR BIRGISSON: ILLA KOMIÐ FRAM VIÐ BÆÐI MIG OG KÚNNANA

# Ósáttur við Merzedes Club

„Ég vil biðja fólk að beina reiði sinni að umboðsmanninum, ekki staðnum,“ segir Eiður Birgisson, annar staðarhaldara á 800 bar á Selfossi. Hljómsveitin Merzedes Club átti að spila á stað Eiðs á föstudagskvöldið en á hádegi sama dag sendi Valgeir Magnússon – Valli sport – umboðsmaður Merzedes Club, frá sér tilkynningu þess efnis að tónleikunum væri aflýst „vegna jarðskjálftanna sem riðu yfir svæðið í gær (fimmtudag).“ Í tilkynningunni segir Valli að þar sem líf flestra hafi raskast þetti hljómsveitarmeðlimum ekki við hæfi að mæta með skemmtanahald í bæinn strax í kjölfarið. Merzedes Club átti að sjá um miðasöluna og hefði því tekið þunga af dræmri mætingu Selfyssinga ef hún yrði staðreynd. Eiður segir að mætingin hafi verið góð bæði kvöldin, þrátt fyrir skjálftana. „Fólk bara sópaði upp glerbrotunum og fór svo út á lífið. Þótt nokkrar styttur brotni heima hjá mömmu og pabba þá setur það ekki lífið úr skorðum,“ segir Eiður en bendir á að hann sé ekki að draga úr alvarleika skjálftans eða gera lítið úr því tjóni sem fólk varð fyrir. „En lífið heldur áfram,“ segir Eiður, sem er allt annað en sáttur við Valla sport. „Mér finnst illa komið fram við bæði mig og kúnnana.“

Valli sport stendur við fyrri yfirlýsingu. „Við vorum búnir að kanna meðal Selfyssinga hvernig andrúmsloftið væri og mátum það svo að það væri ekki við hæfi að koma með sirkus og stæla í bæinn eftir náttúruhamfarir og segja „eru ekki allir í stuði?“,“ segir Valli. „Það hefði bara verið ókurteisi. Auk þess voru lögregla og almannavarnir búnar að beina til fólks að óþörfu.“ Hann gefur lítið fyrir að mætingin hafi verið góð á 800 bar um helgina. „Samkvæmt mínum heimildum voru 100-150 manns á staðnum þetta kvöld. Staðurinn tekur 500 manns.“

Egill Einarsson, eða Stóri G, hlær að þeirri spurningu blaðamanns hvort þeir hafi hreinlega verið hræddir við að fara á Selfoss. „Stóri er ekki hræddur við jarðskjálfta,“ segir hann en viðurkennir þó: „Ef ég hefði verið á 19. hæð í turninum í Kópavogi þegar skjálftinn reið yfir, þá hefði Stóri líklega hægt sér.“ Stóri vonar þó að hann fái annað tækifæri til að spila á Selfossi og segir fátt skemmtilegra. „Þarna er fólk sem kann að setja hamarinn niður. Ég lít á þennan bæ sem heimabæ minn. Allir í formi, brúnir og með strípur.“

soli@frettabladid.is



**MERZEDES CLUB** Afboðaði tónleika á Selfossi með litlum fyrirvara. Gillzenegger lítur á Selfoss sem heimabæ sinn.



**VALLI SPORT** Segir ókurteisi að mæta með fíflagang í bæinn eftir slíkar hamfarir.



**STAÐARHALDARARNIR** Þeir Eiður Birgisson og Árni Steinarsson eru eigendur 800 bars á Selfossi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Útgáfu á nýju plötu **Bubba Morthens**, Fjórum nöglum, hefur verið frestað til 11. júní vegna tafa í framleiðslu, en frá og með deginum í dag verður hægt að kaupa plötuna í símanum í gegnum Vodafone. Með þessu fetar Bubbi í fótspor **Madonnu** en nýja platan hennar var fáanleg í Vodafone-símum um allan heim áður en hún fór í hefðbundna sölu. Viðskiptavinir Vodafone eiga kost á að kaupa stök lög af Fjórum nöglum eða alla plötuna, í gegnum símann sjálfan eða með því að panta lagið á vodafone.is og fá það sent í símann.



Bloggarinn **Jens Guð** kannar nú á síðunni sinni hug lesenda til þess hvaða hljómsveitarnafn þeim þykir það versta á Íslandi. Þrjú nöfn skara fram úr. Eurobandið þykir alverst en Pláhnetan og Hölt hóra koma fast á hæla Eurobandsins. Jens var með könnun á besta hljómsveitarnafninu á dögunum. Þá sigraði Spilverk þjóðanna örugglega.



Söngvarinn **Geir Ólafsson** er nýfluttur í Norðlingaholtið og hefur strax vakið athygli granna sinna. Sagan segir að nýlega hafi komið upp ósætti meðal íbúa í götu Geirs vegna lausagöngu hunda í hverfinu. Geir lét ekki sitt eftir liggja í málinu og gekkst fyrir því að friður náðist. Söngvarinn gekk í flest hús í götunni, bað fólk um að friðmælast og gaf því geisladisk sinn að skilnaði.

- glh/hdm


# Snúrustaurar



ÞÓR HF
REYKJAVÍK: Ármúla 11 - Sími 568-1500
AKUREYRI: Lónsbakka - Sími 461-1070

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

ÞÚ FÆRÐ AÐEINS ÞAÐ BESTA HJÁ OKKUR
úrval fiskrétta, lúðu, skötusel, lax
signa grásleppu, kinnar og margt fleira.



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00


# Íslendingar í norsku toppsæti

Platan Letter From Egypt, sem Morten Harket söngvari A-ha vann að hluta til með íslensku upptökustjórunum Pétri Jónssyni og Adda 800, fór beint á toppinn í Noregi á dögunum. Var hún aðeins átján mínútur að fara á toppinn á norska iTunes-listanum auk þess sem hún náði efsta sætinu á hefðbundna vinsældarlistanum.

Platan er nýkomin út um gjörvalla Evrópu en í Bretlandi kemur hún út í örlítið breyttri útgáfu í september. Þeir Pétur og Addi unnu þrjú lög á plötunni, þar á meðal smáskífulagið Darkspace sem var heimsfrumflutt á Bylgjunni.

Pétur er vitaskuld hæstánægður með vinsældirnar í Noregi, heimalandi Mortens. „Það er ekkert gefið að það gangi vel þó að þetta sé heimalandið hans. Það er búið að tala mikið um þessa plötu því hún er búin að vera svo lengi í bígerð og það eru komnar tvær smáskífur í spilun,“ segir Pétur. „Við vitum ekki hversu stórt þetta getur orðið en hann er nógu þekktur til að fá tækifærið og síðan er spurning hvernig tónlistin leggst í fólk.“



**PÉTUR OG ADDI** Addi 800 og Pétur Jónsson, eða Don Pedro, í Stúdíó Sýrlandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pétur segir að samstarfið við Morten eigi eftir að koma sér vel fyrir þá í framtíðinni. „Þetta er æðislega stórt tækifæri og opnar dyrnar fyrir okkur. Þegar erlendir aðilar eru að leita sér að einhverjum til að vinna með kíkja þeir fyrst á hvað menn hafa gert. Þetta er rosalega gott fyrir ferilskrána að hafa unnið með manni af þessu kaliberi.“

- fb




# VIKA Í WHITESNAKE!

**LAUGARDALSHÖLL 10. JÚNÍ KL. 20:00**
**ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR Í STÚKU**
**ENN LAUST Í STÆÐI**
**MIÐAVERÐ AÐEINS KR. 5900-**
**SIGN HITAR UPP MANNSKAPINN!**

**SKYLDUMÆTING FYRIR ÞÁ SEM SÁU ÞÁ Í REIÐHÖLLINNI 1990!**

TUBORG

B COMPANY

midi.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## Ferðalag í hundana

Nákvæmlega klukkan 06.50 hvern virkan dag pípir síminn minn undur blíðlegt lag. Ekki þarf nema eitt skilvirkt handtak til að þagga niður í kvikindinu en nákvæmlega tíu mínútum seinna upphefur hann annað og grimmdarlegra garg sem kostar undantekningarlaust dálítið einvígi. Ég hamast við að reyna að sofa yfir mig en hann reynir staðfastlega að svipta heimilið næturkyrrðinni. Enn hefur mér því miður ekki tekist að kenna börnunum hversu unaðslegt það er að lúra lengur undir hlýrri sæng, heldur spretta þau upp eins og stálfjaðrir. Þar með er áreiti dagsins hafið fyrir alvöru.

Með útvarpið í bakgrunni er vinnudagurinn ekki formlega hafinn fyrr en dagblöð og tölvupóstur hafa verið lesin og farinn dálítill blogghringur. Í því ferli nem ég til dæmis þann dýrmæta fróðleik að tjáning er ekki alltaf árangursrík fyrir fólk í tilfinningakreppu. Sú vitneskja hefði reyndar getað sparað dágóðan skilding, man það næst. Tek nokkur símtöl um leið og ég hræri í tölvunni, gramsa í pappírum á skrifborðinu og forgangsraða verkefnum sem óvæntar uppákomur sjá reyndar um að endurraða jafnóðum. Skrepp í Bónus í hádeginu, það er svo upplagt að nota tímann. Úps, gleymdi tannlækninum! Hver ætlaði aftur að sækja á leikskólann, var það ég? Aftur?

Skynsamleg ákvörðun um að slökkva á útvarpi, sjónvarpi og síma og eiga þess í stað gæðastund með börnunum í eldhúsinu á eftir að draga dilk á eftir sér. Of lítið áreiti getur augljóslega verið varasamt. Einmitt á því andartaki sem ég rýni ofan í áhaldaskúffuna eftir verkfæri til að opna dós af niðursoðnum tómötum man ég alls ekki hvaða amboð væri heppilegt við þessar aðstæður. Sennilega ostaskeri, hvernig lítur hann aftur út?

Skammhlaupið í höfðinu stóð stutt en var áhrifaríkt. Það rifjaði upp óbrigðula heilastarfsemi hér áður fyrr þegar andlit urðu kunnugleg og fengu nöfn í minninu alveg sjálfkrafa. Til að ná sama árangri nú þarf ég að nota sérstaka tækni frá Dale Carnegie við að raða í spjaldskrána í höfðinu, annars detta upplýsingarnar sem fara inn um annað eyrað viðstöðulaust út um hitt. Ef svo fer sem horfir mun mjólkin fara í bókahilluna og hamsturinn í ísskápinn, börnin út á náttfötunum og ég sjálf í hundana.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 3. júní, 156. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.17 | 13.25 | 23.36 |
| Akureyri | 2.25 | 13.10 | 00.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


ENNEMM / SÍA / NM33911

